



Leiðir til að virkja börn til þátttöku – nokkur dæmi

Norrænt rit í tilefni 20 ára afmælis Barnasáttmála SP

Aina Winswold og Anne Solberg

Leiðir til að virkja börn til þátttöku - nokkur dæmi

Norrænt rit í tilefni 20 ára afmælis Barnasáttmála SP

TemaNord 2010:547

© Nordisk Ministerråd, København 2010

ISBN 978-92-893-2068-9

Prentun: ARCO GRAFISK A/S

Kápu mynd: Magnus Fröderberg/norden.org

Þýðandi: Erla Sigurðardóttir

Upplag: 100

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu.

Ritið má panta á www.norden.org/order. Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Printed in Denmark



Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Sími (+45) 3396 0200

Bréfasími (+45) 3396 0202

Norðurlandaráð

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Sími (+45) 3396 0400

Bréfasími (+45) 3311 1870

www.norden.org

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu, sameiginlegri sögu og menningu og nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlandanna í sterkri Evrópu.

Með *norrænu samstarfi* er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Efnisyfirlit

Formáli	7
Samantekt	9
1. Inngangur.....	11
2. Virkni	15
2.1 Líkön	16
3. Leikskóli og skóli	19
3.1 Svíþjóð: Þríhliða samtal í tengslaneti nemendaráða til að styrkja nemendalýðræði	19
3.2 Ísland: Leikskólinn Sæborg: Börnin hafa áhrif á daglegt starf	22
3.3 Danmörk: Lýðræðisgildi í reynd á leikskólanum Hylet.....	25
3.4 Ísland: Skoðanir og viðhorf 2–16 ára barna við mótun nýrrar skólafestu í Mosfellsbæ	29
3.5 Umræður: Leikskóli og skóli.....	32
4. Menning, tómstundir og grenndarsamfélag	33
4.1 Noregur: MIABE-leiðin til að auka hlutdeild barna og ungmenna í grenndarsamfélaginu	33
4.2 Svíþjóð: Æskufólk hefur áhrif á frístundamiðstöðvar sínar	37
4.3 Finnland: Upplýsingum safnað á netinu um hvernig íbúar upplifa og nýta nánasta umhverfi sitt	39
4.4 Ísland: Unglingar undirbúa styrktartónleika í samstarfi UNICEF og ÍTR	43
4.5 Færeyjar: Félagslegri virkni í félagsmiðstöðinni á Tvøroyri	46
4.6 Álandseyjar: Aukin áhrif og framlag ungmenna í skerjagarðinum.....	48
4.7 Ísland: Börn taka þátt í að skipuleggja skólahúsnæði í Garðabæ.....	52
4.8 Umræður: Menning, tómstundir og grenndarsamfélag.....	54
5. Stjórnmalapáttaka	57
5.1 Svíþjóð: Beinir aðgerðir í óháðum stjórnmalasamtökum (Sáminuorra).....	57
5.2 Grænland: Tvö dæmi um hvernig hægt er að fræðast um hvernig börn upplifa líf sitt.....	60
5.3 Finnland: Sastamala – skipulag sem eykur áhrif ungs fólks í sveitarfélögum	63
5.4 Noregur: Athugun á sveitarstjórn barna í Vennesla.....	66
5.5 Svíþjóð: TYCKA-líkanið eykur áhrif ungs fólks á stjórnmalin.....	69
5.6 Danmörk: Ungmennaráð með fjölbreytta dagskrá.....	73
5.7 Finnland: Barnaþingið – staðbundinn vettvangur og á landsvísu til áhrifa 7–12 ára barna.....	76
5.8 Umræður: Stjórnmalapáttaka	79
6. Börn með einstaka reynslu.....	81
6.1 Danmörk: Skilyrði sköpuð fyrir börn með fötlun til að taka þátt í umræðum um eigið líf.....	81
6.2 Noregur: DUE – líkan til að bæta úrræði fyrir varnarlaus ungmenni með samtölum og samstarfi.....	84
6.3 Danmörk: Barnaráð og meðákvörðunarréttur í skóla og meðferðarheimilinu Orøstrand.	88
6.4 Finnland: Tengsl gera skjólstaðinga að sérfræðingum.....	91
6.5 Noregur: Unglingar sem búa við erfiðar fjölskylduáðstæður hjálpa hver öðrum og eflast um leið.....	94
6.6 Umræður: Börn með einstaka reynslu	98
7. Hugleiðingar í lokin.....	99
8. Heimildir	101

Formáli

Umfram allt ber að þakka Norrænu ráðherranefndinni fyrir að þetta rit varð að veruleika. Verkefnið hefur í senn verið áhugavert og hvetjandi. Sérstakar þakkir færum við Janina Björni hjá Barnaheill á Álandseyjum, Flemming Schultz hjá Barnaráðinu í Danmörku, Elina Nivala hjá umboðsmanni barna í Finnlandi, Tórhild Højgaard í félagsmálaráðuneyti Færeyja, Sabitha Jørgensen í félagsmálaráðuneyti Grænlands, Margréti Maríu Sigurðardóttur, umboðsmanni barna á Íslandi, Thomas Wrigglesworth hjá umboðsmanni barna í Noregi og Cecilia Sjölander hjá umboðsmanni barna í Svíþjóð. Þeim er þakkað fyrir ómetanlega aðstoð og gagnlegar athugasemdir við efni skýrslunnar.

Þá viljum við þakka greinahöfundum sem skrifuðu í þetta rit um verkefni sín. Þrátt fyrir stuttan tímafrest lögðu þeir sig fram um að miðla sem best af reynslu sinni af störfum með börnum og unglingum.

Osló, 20. október 2009

Aina Winsvold, verkefnisstjóri

Anne Solberg, starfsmaður verkefnis

Samantekt

Norska félagsvísindastofnunin (NOVA) vann skýrslu þessa að beiðni barna- og ungmennanefndar Norrænu ráðherranefndarinnar. Í ritinu eru 23 greinar um margvíslega þátttöku barna og ungmenna í norrænu ríkjunum og á sjálfstjórnarsvæðunum Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi. Greint er frá ýmsum leiðum til að virkja krafta æskufólks í von um að slík dæmi vekji áhuga og nýtist öðrum í starfi með börnum og unglingum. Greinarnar sýna hve mikilvægt er að hafa börn með í ráðum og að þátttaka þeirra getur verið með ýmsu móti allt eftir því hvert markmiðið er hverju sinni.

1. Inngangur

Norska félagsvísindastofnunin (NOVA) vann skýrslu þessa að beiðni barna- og ungmennanefndar Norrænu ráðherranefndarinnar í tilefni 20 ára afmælis Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hér eru birtar 23 greinar, fjórar frá hverju norrænu ríkjanna og ein frá hverju sjálfstjórnarsvæði; Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi. Öll verkefni höfðu að markmiði að auka virkni barna og verða hér tekin dæmi frá ýmsum mikilvægum sviðum sem snerta daglegt líf þeirra, s.s. leikskóla og skóla, menningar- og tómstundastarfi, bæjarskipulagi og stjórnmalastarfi. Auk þess er greint frá félagslegri virkni barna og unglunga sem hafa reynslu af því að vera skjólstaðingar félagsþjónustunnar.

Öll norrænu ríkin og sjálfstjórnarsvæðin hafa fullgilt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar með hafa þau skuldbundið sig til að greiða fyrir samfélagsþátttöku barna. Stjórnvöld skulu taka mið af sáttmálanum í stefnu- mótun og starfi og tryggja að löggjöf og reglugerðir auðveldi börnum og æskufólki virka þátttöku í samfélaginu. Með fullgildingu Barnasáttmálans verður til sameiginlegur grundvöllur, en hverju ríki er frjálst hvernig það uppfyllir skilyrði sáttmálans og flétta ákvæði hans inn í löggjöfina. Aðildar- ríkin skuldbinda sig eingöngu til að forsendur fyrir þátttöku séu fyrir hendi. Enda þótt áhersla sé lögð á samfélagsvirkni barna og unglunga í orði kveðnu og hugmyndafræði kveða engin lög á um raunveruleg áhrif þeirra.

Margt mælir þó með aukinni samfélagsvirkni æskufólks því um er að ræða réttindi sem börn jafnt og fullorðnir geta dregið lærdóm af. Réttindi sem laða fram mikilvæga þekkingu og greiða fyrir góðum lausnum, auk þess sem þau endurspeglar að borin er virðing fyrir friðhelgi barnsins. Með virkri samfélagsþátttöku getur æskufólk einnig skapað nýjar hefðir í lýðræðisstarfi. Sumir telja að lýðræðislega þátttaka þjálfar börn og ungmenni í að verða góðir og meðvitaðir þjóðfélagsþegnar, að í ferlinu sjálfu nái æskufólk að styrkja stöðu sína í samfélaginu og auka samskipti við fullorðna. Í opinberri umræðu er ekki lengur spurt hvort hafa beri börn með í ráðum, heldur hvernig tryggja megi að hlutdeild þeirra sé raunveruleg og skipti máli.

Leitað var að verkefnum og greinum með því að slá upp leitarorðum í innlendum og alþjóðlegum vísindagagnagrunnum. Þá var leitað hófanna hjá umboðsmönnum barna í löndunum, sem miðluðu af sínu tengslaneti, hjá félagasamtökum og einnig var stuðst við leitarvélur á netinu. Ritað mál um félagsvirkni barna reyndist af skornum skammti þótt á því væri munur eftir löndum. Það kom á óvart hve fá verkefni snerust um samfélagsvirkni barna úr minnihlutahópum. Umboðsmenn barna veittu mikilvægar upplýsingar og miðluðu af þekkingu sinni á öllum stigum verkefnisins. Flestar greinarnar skrifuðu verkefnastjórar í löndunum að beiðni okkar. Í nokkrum tilvikum komu greinarhöfundar ekki beint að þeim verkefnum sem fjallað er um.

Allur gangur var á því hvort verkefnin væru opin öllum og hvernig þeim var stjórnað. Greinarnar eru ólíkar hvað sjónarhorn og áherslur snertir, hvernig greint er frá árangri verkefnanna og hverjir túlka og lýsa starfinu. Við höfum lagt okkur fram um að velja verkefni, sem vekja áhuga og nýtast öðrum í starfi. Í greinunum kemur fram að virkni æskufólks var af ýmsum toga, eins hvernig þau voru höfð með í ráðum og hverjir stóðu að starfinu.

Fjögur dæmi eru úr leikskólum og skólum. Litið er á skólann sem vettvang þar sem börn læra um lýðræði og fá tækifæri til að temja sér lýðræðisleg vinnubrögð. Sömu væntingar eru nú gerðar til leikskóla þar sem smábörn taka þátt í að skipuleggja daglegt skólastarf. Þegar hlustað er eftir skoðunum lítilla barna er mikilvægt að huga að viðhorfum fullorðinna, hafa næmt auga fyrir vafaatriðum og ekki síst látbragði.

Sjö dæmi eru gefin um áhrif ungmenna á tólmstundastarf og skipulag grenndarsamfélagsins. Þrjár greinar fjalla um hvernig börn og ungmenni geta átt þátt í að styrkja skipulags- og ákvörðunarferli um sitt nánasta umhverfi. Í fjórum greinum er greint frá annars konar þátttöku, þ.e. hvernig börn og ungmenni taka þátt í að skipuleggja aðgerðir og ýmsa starfsemi og standa að framkvæmd þeirra. Oft er sagt frá því sem upp getur komið þegar börn og ungmenni eru höfð með í ráðum við skipulag og framkvæmd á daglegu lífi þeirra. Þau taka einnig virkan þátt í að skipuleggja og framkvæma svæðisbundna viðburði. Þá þarf að mynda tengslanet og jafnvel að grípa til beinna aðgerða.

Í sjö greinum er fjallað um pólitísk áhrif af ýmsum toga. Greinarnar um pólitíska þátttöku æskufólks spanna breitt svið. Í þremur þeirra er lýst kerfisbundinni þátttöku æskufólks, virkri þátttöku ungra borgara í starfi sveitarfélaga og á landsvísi og hvernig efnt hefur verið til æskulýðsstarfs á vegum sveitarfélags. Tvær greinar fjalla um ungmennaráð og tvær um hvernig börn og ungmenni geta náð áhrifum með því að skipuleggja viðburði. Þar er sagt frá því að beinar aðgerðir hafa áhrif og að æskufólk getur átt samræður við fulltrúa stjórnvalda á ráðstefnu um hvað gott líf eigi að fela í sér.

Í sumum verkefnum láta menn sér nægja að leita álits æskufólks, en í öðrum tekur það fullan þátt á öllum stigum starfsins. Gæði æskulýðsstarfsins virðast fara eftir innihaldi verkefnis frekar en skipulagsformi, og raunveruleg áhrif barna virðast ráðast af því hvort skipuleggjendur starfsins eru fúsir til breytinga. Brýnt er að tryggja að fara megi óhefðbundnar leiðir. Nauðsynlegt er að breyta skipulagi og gera þátttöku ungmennanna formlega. Í stjórnmalastarfi er yfirleitt ekki gert ráð fyrir áhrifum barna og ungmenna. Þegar tveir ólíkir menningarheimar með ólík tungumál mætast verða allir sem þátt taka í samskiptum að gera sér far um að aðlaga sig. En eigi samfélagsleg þátttaka æskufólks að aukast er mikilvægt að samræðurnar séu á forsendum barnanna og að þau geti haft áhrif á þær. Þá ber að forðast að áhrif ungmenna séu undir því komin að fullorðnir hleypi þeim að. Þá þarf stöðugt að þjálfra nýliða sem mæta til leiks. Fast skipulag og góð samstarfslíkön eru góð byrjun til þess að tryggja árangur verkefna og treysta þau í sessi.

Fimm greinar fjalla um börn með einstaka reynslu. Það eru skjólstaðingar félagsþjónustu sem búa að annarri reynslu en flestir jafnaldrar þeirra. Þar kemur fram hve brýnt er að þeir sem taka ákvarðanir hlusti eftir skoðunum og reynslu barna og unglinga sem standa höllum fæti gagnvart þeim sem taka ákvarðanir fyrir þeirra hönd. Barnið þarf að finna að rödd þess skiptir máli og að tekið sé tillit til óska þess. Þetta á ekki síst við í umhverfi sem börnum getur þótt framandi, t.d. á barnaverndarstofnunum og þar sem börn eru í umsjá barnaverndaraðila, jafnvel gegn vilja sínum. En þótt tekið sé mark á börnum er ekki þar með sagt að þau þurfi ekki að aðlaga sig staðháttum og mynda tengsl við aðra.

Verkefnin eiga það sammerkt að hlutdeild æskufólksins virðist fela í sér viðurkenningu. Félagsleg tengslanet eru mynduð, ungmennin gera sér grein fyrir réttindum sínum og reynslu og geta þannig komið öðrum til hjálpar. Saman uppgötva þau að upplifun þeirra er einstök og að þau búa að mikilvægri reynslu. Öll verkefnin sýna svo ekki verður um villst að skipulag og aðstoð fullorðinna skipta sköpum um að vel takist til.

Þátttaka barna og æskufólks getur í senn verið markmið og aðferð, en innihald, form og gildi verkefnisins ráða einnig miklu um hvort tekst að virkja ungmennin. Skipuleggja þarf þátttöku ungmenna í ljósi þess hvaða markmiðum er fylgt. Raunveruleg áhrif þeirra, sama á hvaða stigi verkefnisins það er, ráða úrslitum um hvort þeim finnst þátttakan skipta máli.

Tilhögun þáttökunnar ræður úrslitum um hvað yngstu börnin fá út úr því að vera með. Þá skipta viðhorf þeirra sem vinna með börnum miklu máli, ekki síst hvernig börnin eru höfð með í ráðum. Verkefnin sýna greinilega að þáttökuferlin kalla á örugga og skýra ramma. Markmiðin verða að vera afmörkuð og verklagið öllum skiljanlegt.

Það sem kemur helst í veg fyrir að hlustað sé á raddir barna, þegar þau eru innt álits, er þegar þeir sem eiga að deila með sér völdunum efast um hæfni og þroska barnanna. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður, t.d. ósk um að vernda barnið eða að það þykir of tímafrekt og krefjandi að hafa börn með í ráðum. Valddreifing felst einnig í að þeir sem hafa haldið um stjórnvölinn sleppi takinu. Gerðar eru hæfniskröfur til barnsins og það fellur í hlut fullorðinna að skera úr um hvort barnið hafi tilhlýðilegan þroska. Þegar valdamisvægi ríkir frá upphafi þarf sterkari aðilinn að vera móttækilegur, næmur og fyllilega sáttur við verkefnið. Það getur reynst vandasamt þegar aldur og þroski ráða stöðu einstaklingsins. Hætt er við að skoðanir unglingsins séu virtar að vettugi; ef hann er á öðru máli en sá fullorðni aðilinn þykir það til marks um að hann hafi ekki vit á málinu. Ef aðgangur að upplýsingum er takmarkaður er hætt við rangfærslum sem aftur koma í veg fyrir að barnið fái yfirsýn yfir afleiðingarnar.

Ef börn eru hvött til að vera virkir þátttakendur eflir það félagslega og menningarlega stöðu þeirra. Raunveruleg þátttaka getur aukið gæði ákvarðana og líkur á því að aðgerðir og tilboð verði í samræmi við óskir og þarfir unga fólksins. Hún stuðlar líka að öryggi barna, veitir þeim viðurkenningu og eflir sjálfstraust þeirra.

2. Virkni

Umfjöllun um börn hefur breyst mikið síðan Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna leit dagsins ljós. Áhersla hefur aukist á mannúðarsjónarmið, þarfir einstaklingsins, sérsniðnar lausnir og lýðræðisvæðingu. Ýmsar faggreinar líta nú á börn sem virka og hæfa gerendur sem búa að einstakri reynslu og eru mikilvægir þátttakendur í samfélaginu. Áður var lítið á börn sem þolendur og óvirka þiggjendur en nú eru þau gerendur með réttindi og skoðanir sem ber að virða¹.

Hugtök eins og „þátttaka“ og „virkni“ hafa náð fótfestu víða um heim. Á Norðurlöndum verða þær raddir æ háværi sem vilja að leita eigi eftir þekkingu og aðild barna að ákvörðunum sem varða líf þeirra og samfélagið almennt². Í opinberri umræðu er ekki lengur spurt hvort hafa beri börn með í ráðum, heldur hvernig tryggja megi að þátttaka þeirra sé raunveruleg og skipti máli. Norsk stjórnvöld færa fjögur rök fyrir virkni og þátttöku ungmenna í grenndarsamfélaginu auk þess að um er að ræða viðurkennd réttindi þeirra³:

Lýðræðisrök: Þegar ungmenni eru höfð með í ráðum skýrast mál frá fleiri hliðum og ákvarðanir byggja á meiri þekkingu en ella. Virkni þroskar lýðræðishæfni ungmenna og getur orðið þeim hvatning til frekari stjórnmalapátttöku.

Rök tengd skipulagsþróun í grenndarsamfélögum: Ungmenni geta gegnt mikilvægu hlutverki í framþróun grenndarsamfélagsins. Vegna ólíkrar reynslu og þekkingar á nánasta umhverfi sínu geta ungmenni komið auga á aðrar lausnir en fullorðnir. Þar sem félagsvirkni styrkir stöðu ungmenna í nærsamfélaginu og velferð þeirra til framtíðar, geta heimahagarnir átt sterkari ítök í þeim þegar fram líða stundir.

Menningarleg rök: Félagsleg virkni æskufólks eykur menningarlegan fjölbreytileika. Þegar reynsla ólíkra hópa nýtist í starfi kemur menning þeirra betur í ljós. Slíkt er talið efla borgaralegt samfélag og félagslegan auð einstaklingsins, og skapa traust milli kynslóða og ólíkra samfélagshópa.

Félagsleg rök: Félagsleg tengsl og sjálfsvirðing einstaklings eykst þegar hann er kallaður til leiks og látinn axla ábyrgð. Þannig má byggja upp félagslega hæfni og koma í veg fyrir útskúfun í samfélaginu.

Því mælir margt með því að hafa börn og ungmenni með í ráðum. Félagsleg virkni endurspeglar lögfest réttindi, hún er uppspretta mikilvægrar þekkingar, allir aðilar draga lærdóm af henni, hún er öflug leið til að finna bestu lausnirnar og friðhelgi barnsins nýtur aukinnar virðingar. Þá getur félagsvirkni æskufólks skapað nýjar hefðir í lýðræðisstarfi. Sumir telja að

¹ Glaser 2008

² Søftestad 2007: 115

³ BLD 2009: 89-90

félagsleg virkni sé þjálfun í góðri og meðvitaðri þjóðfélagsþátttöku, að félagsstarfið sjálft styrki stöðu ungmenna í samfélaginu og efli samskipti þeirra við fullorðna⁴.

Þó er ekki einfalt að tryggja raunverulega þátttöku æskufólks í verkefnum. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeirri hættu að börn séu höfð með í ráðum til þess eins að réttlæta ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar. Í sumum tilvikum óska börn ekki eftir að taka þátt eða þá að þátttaka þeirra er vandkvæðum bundin á annan hátt. Þetta getur varðað siðferðisleg og réttarfarsleg atriði. Þátttaka ungmenna getur í senn átt við ferlið sjálft og árangur starfsins⁵. Þegar fólk tekur þátt í ferli á jafnréttisgrundvelli og hefur rétt á að tjá skoðanir sínar felur það sjaldnast í sér sjálfstætt umboð til ákvörðunar. Félagsleg virkni felst í opnum samræðum þar sem ákvarðanir eru teknar í sameiningu⁶. Börn og ungmenni fá tækifæri til að móta eigið líf, samfélag og stefnu á eigin forsendum, og á sinn hátt. Allur gangur er á því hvernig það er gert. Skýr skil eru m.a. milli þess að taka þátt og tjá álit sitt, sumir líta á álitsgerð sem samfélagsþátttöku, en aðrir vilja setja hana í sérflokk⁷. Í reynd eru hugtökin þátttaka og álit notuð jöfnum höndum. En þótt fólk taki þátt með því að tjá álit sitt það ekki því að koma beint að ákvörðunum. Í því felst reginmunur⁸.

2.1 Líkön

Allur gangur er á því hvort verkefnin, sem fjallað er um í skýrslunni, voru opin öllum og hvernig þeim var stýrt. Greinarnar eru ólíkar hvað sjónarhorn og áherslur snertir, hvernig greint er frá árangri verkefnanna og hverjir túlka og lýsa starfinu. Því er ekki hægt að gera beinan samanburð á því hvernig þátttöku barnanna var háttað. Greinarnar sýna fyrst og fremst mikla breidd í samfélagsþátttöku æskufólks. Við eigum eftir að sjá dæmi um að leitað sé álits barna undir gjörólíkum aðstæðum, á ólíkan hátt og þar sem virkni þeirra er af ólíkum toga. Þó er ýmislegt sameiginlegt með verkefnunum sem gerir okkur kleift að bera saman félagslega virkni ungmenna í þeim. Þar höfum við stuðst við fimm þrepa líkan Harry Shiers⁹ þar sem hann skiptir hugtakinu virkni í fimm þrep.

- Hlustað er á barnið
- Barnið fær aðstoð til að tjá skoðanir sínar
- Tekið er tillit til skoðana barnsins
- Barnið er tekið með í ákvarðanatökur
- Barnið deilir völdum og ábyrgð á teknum ákvörðunum

⁴ Thomas 2007: 200

⁵ Thomas 2007: 199

⁶ Søbstad 2006

⁷ Thomas 2007: 199

⁸ Thomas 2007: 200

⁹ Shier 2001

Fyrstu þrjú þrepin eru lágmark til að uppfylla markmiðin í 12. grein: Hlustað er á barnið, það fær aðstoð til að tjá skoðanir sínar og tekið er tillit til skoðana þess. M.ö.o. er *leitað álits* barnsins og tekið tillit til skoðana þess þegar ákvarðanir eru teknar. En það hefur ekki endilega í för með sér að það *taki þátt*. Forsendur fyrir þátttöku eru þær að barnið taki virkan þátt í ákvarðanaferli (eða samningum) sem fram fer, og samkvæmt fimmta og hæsta þrepi Shiers, að barnið deili völdum og ábyrgð á tekinni ákvörðun.

Flest verkefni sem greint er frá í skýrslunni uppfylla skilyrði á fyrstu þremur þrepunum. Í sumum þeirra er þátttaka barnanna á hærri þrepi en forsendurnar fyrir þeirri röðun eru mjög margvíslegar. Í sumum tilvikum deila ungmennin greinilega völdum og ábyrgð en í öðrum tilvikum er það túlkunaratriði á hvaða þrep tilteknu verkefni er skipað. Þrepin í líkani Shiers ná ekki utan um margbreytileika verkefnanna. Þrepin þurfa ekki endilega að vera í töluröð og hæsta þrep er ekki alltaf það síðasta. Markmiðið með verkefnum hefur að sjálfsögðu áhrif á áhuga ungmennanna á þátttöku og hvað þau geta haft áhrif á.

Líkan Shiers nýttist aðallega í verkefnum sem fela í sér ákvarðanaferli (decision making processes). Þetta á við um mörg verkefni sem hér er fjallað um. En hér er einnig fjallað um annars konar þátttöku þar sem líkanið hentar síður.

Sameiginleg völd og ábyrgð eru á hæsta þrepi líkansins, en mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að álag getur fylgt því að taka þátt í ákvörðunum og axla ábyrgð á þeim¹⁰. Þá er mikilvægt að beina sjónum að annars konar þátttöku en meðákvörðunarrétti. Sú félagsmótun sem þátttaka barns hefur í för með sér getur verið jafn mikilvæg og aðild að ákvörðunum¹¹. Félaglegt hlutverk tengslanets, myndun nýrra tengsla, umræður og að draga lærdóm af öðrum getur verið jafn mikilvægt fyrir einstaklinginn og pólitíski þátturinn, sem felst í að setja spurningarmerki við þekkingu eða stöðu mála og fá einhverju breytt¹². Þá skipta áhrif á daglegt líf miklu máli. Það þýðir ekki endilega að ungmenni komi að öllum ákvörðunum, heldur að þau hafi áhrif á aðstæður sínar.

Það er innihald þátttökunnar sem skiptir sköpum á þessu þrepi. Mikilvægir þættir eru m.a. skoðanir, samskipti án orða, tegundir upplýsinga og að líkanið sé sveigjanlegt og taki tillit til aldurs þátttakanda og málefnsins. Þrátt fyrir að almennt skipulag sé fyrir hendi eru það forsendur hvers þátttakanda sem skipta sköpum. Grundvöllur þátttöku eru réttindi barna en markmið aðgerða og verkefna eru yfirleitt margþættari en tillit til réttinda barna¹³. Þeir þættir hafa einnig áhrif á hvernig staðið er að þátttöku æskufólksins.

¹⁰ Thomas 2007: 205

¹¹ Liden 2003: 100

¹² Thomas 2007: 206

¹³ Kjörholt 1997: 55

Alls er lýst 23 verkefnum, fjórum frá hverju norrænu ríkjanna og einu frá hverju sjálfstjórnarsvæðanna. Við höfum valið að skipta þeim í fjóra flokka en þeir eru: Leikskóli og skóli, Menning, tómstundir og grenndarsamfélag, Stjórnmaláþátttaka og Börn með einstaka reynslu.

3. Leikskóli og skóli

Lýðræðishlutverk skólans felst í dag í því að kenna börnum lýðræðisleg viðhorf og að þjálfra þau í ákvarðanaferlum, stjórn málaferlum og samstarfi¹⁴. Litið er á skólann sem vettvang þar sem börn læra um lýðræði og fá tækifæri til að temja sér lýðræðisleg vinnubrögð. Sömu væntingar eru gerðar til leikskóla þar sem lítil börn eiga nú rétt á að taka þátt í að skipuleggja daglegt skólastarf. Félagsleg virkni í leikskólum felst í einhvers konur þátttöku barnsins, en hún reynir einnig mikið á viðhorf og viðmót fullorðinna í garð barnanna¹⁵. Í grunnskólum jafnt og leikskólum getur verið tekist á við marga og ólíka hagsmuni í hópnum, sem innlima og útiloka. Mat okkar á getu barnsins liggur til grundvallar því hvernig við komum fram við það og innréttum skólastarfið.

3.1 Svíþjóð: Þríhliða samtal í tengslaneti nemendaráða til að styrkja nemendalýðræði

Eftir Ove Strand, verkefnisstjóra trialog, Smedjebacken

3.1.1 Það skiptir okkur máli – en ykkur?

Spurningin í fyrirögninni er ögrandi en hún lýsir grunnhugsuninni að baki ENID-verkefninu ENID – Elevráðsnätverket í Dalarna (*Tengslanet nemendaráða í Dalarna*). Alltof margir skólar í Svíþjóð stofna nemendaráð af tómrí skyldurækni. Börn og unglingar lenda í aðstöðu þar sem þau eiga erfitt með að sjá og skilja heildarmyndina og skortir forsendur og tæki til að blómstra í félagshlutverki sínu. ENID-verkefnið vann með nokkra meðvitaða valkosti og aðferðir og lagði mikla áherslu á hlutdeild fullorðinna. Þannig tókst að fá þá skóla, sem tóku þátt í tengslaneti nemendaráða, til að afla þekkingar og móta stefnu um að axla lýðræðishlutverk sitt að fullu.

Framkvæmd

Árið 2008 var tengslanet nemendaráða myndað en að því komu sjö skólar með nemendur úr 6.–9. bekk. Á þeim tíma voru skólarnir mislangt á veg komnir í lýðræðisstarfi. Tveir þeirra sögðu starf nemendaráða ganga vel en flestir svöruðu: „*Ja, ætli þurfi ekki að ýta við okkur til þess að við komumst í gang.*“ Sama átti við um óformleg áhrif nemenda – umræður í bekkjum. Verkefnið var tvíþætt: Í fyrri hlutanum voru haldnar þrjár ráðstefnur með

¹⁴ Mikkelsen og Fjeldstad 2003: 21-24

¹⁵ Sjøvik 2007: 97

yfirskriftunum „*Kynning – staðan metin*“, „*Eru nemendur liðsmenn eða fylgjendur?*“ og „*Framtíðarsýn – skóli með lýðræðishæfni*“. Þá hófst seinni hlutinn á skólaárinu 2008–2009, þar sem stöðugt tengslanet (um 45 manns) dró upp framtíðarsýn en þar var m.a. gert ráð fyrir að fulltrúar í tengslanetinu funduðu í öllum skólunum.

Sjálfsþing!

Nemendur hafa séð um fundi tengslanetsins! Við undirbúning fundanna virkjuðu þeir nemendur viðkomandi skóla, sem tóku þátt í ENID-hópnum (3–5 nemendur), allt nemendaráðið í hlutverk aðstoðarfólks, gestgjafa og skemmtikrafta. Nemendurnir segja að allir sem vettlingi gátu valdið hafi tekið þátt í þessum mikilvæga þætti verkefnisins. Áhrifin hafi einnig skilað sér til þeirra nemenda sem gegndu „minni“ hlutverkum: „*Mér finnst ég svo stór í dag!*“ (stelpa í 6. bekk sem tók á móti gestum, þ.á.m. kennurum og skólastjórum við innganginn). ENID-nemendurnir sáu um dagskrána, þeir stungu upp á dagskrárlíðum sem tengdust þema dagsins og lögðu tillögurnar fyrir stjórn tengslanetsins.

Námshættir

Við ákváðum að fjalla hér um dæmi sem sýnir vel hvað starfið var þroskandi fyrir nemendur og hafði áhrif á fullorðna, kennara jafnt og skólastjóra – á tengslanetsfundum sem fjallaði um námshætti. Eins og áður var getið höfðu fæst nemendaráðin reynt af raunverulegum áhrifum. Yfirleitt var aðeins um að ræða formleg áhrif þar sem nemendaráðin störfuðu af „skyldurækni“ einni saman. Þegar fyrirlestri og æfingum tengdum námsháttum lauk var greinilegt að eitthvað hafði gerst! Kennslan og æfingarnar höfðu ýtt við nemendum og þeir orðið fyrir „aha-upplifun“. Ný þekking skapaði orku og sköpunarkraft í stað óvirkrar þátttöku.

Að ítroðslunni lokinni vildu nemendur úr ólíkum skólum ræðast við í hópnum án fullorðinna. Við höfðum góða reynslu af því, það veitir styrk og eykur sjálfstraustið að bera saman bækur sínar – „*við gerðum svona*“, „*þetta höfum við aldrei heyrt minnst á – segið okkur hvernig þið farið að!*“

Að því loknu ræddu nemendur og fullorðnir saman. Þetta voru áhuga-verðustu tímarnir. Að upplifa hrifningu fullorðna fólksins, sem var dolfallið yfir framlagi ungmennanna og greinilega nýja innsýn þeirra, en einnig að sjá áhrif nemenda magnast þegar „hinir“ nemendurnir tóku einnig til máls fyrir framan skólastjórann þeirra. Helstu kostir tengslaneta fengu að njóta sín!

Árangurinn – það sem tekið var með í framkvæmdaáætlunina og lifir meðal þátttakendanna – náðist vegna fræðslu í tengslanetinu og vegna þess að „hinn aðilinn“, þ.e. fullorðna fólkið, tekur þátt á sömu forsendum og ungmennin = móttækilegt og opið umhverfi = aðstæður til breytinga.

Þróunarsamtalið

Mögnuð æfing í upphafi fundar tengslanetsins um þróunarsamtöl, afhjúpaði megna óánægju nemenda með þennan mikilvæga þátt sem á að tryggja áhrif

þeirra. Í annarri æfingu kom í ljós að nemendum fannst þeir ekki vera á heimavelli í samtölunum. Þegar allir voru beðnir um að meta skiptingu tímans í þróunarsamtölum kom greinilega í ljós að kennarar og foreldrar höfðu helst orðið. Í málstofunni reyndust aðeins tveir af 20 nemendum hafa á tilfinningunni að þróunarsamtalið væri „þeirra tími“. Einhugur og samstaða var meðal nemenda um að þörf væri á breytingum. Að loknum umræðum, sem fóru fram eins og áður var lýst, náðist samkomulag um að nemendum yrði framvegis boðin þjálfun í að stýra þróunarsamtölunum sjálfir, þ.e. „nemendastýrðum þróunarsamtölum“.

Um þetta er fjallað ítarlega í framkvæmdaáætluninni ekki síst vegna nývakins áhuga og samstöðu nemenda.

3.1.2 Aðferðir - árangursþættir

Hámarksþátttaka

Í upphafi verkefnisins var sá skóli, sem átt hafði frumkvæði að tengslanetinu valinn sem „fyrirmyndarskóli“. Við ýmis tækifæri hafa nemendur skólans séð um dagskrárliði og verið notaðir sem fyrirmynd eða dæmi í umræðum og hugleiðingum. Þannig hefur tengslanetið stutt alla nemendur til að axla nýja ábyrgð. „Það var svo gott að heyra og sjá hvernig aðrir nemendur gera og fá á tilfinninguna að maður gæti það líka sjálfur.“

Til þess að lágmarka áhættu á að nemendur væru teknir í „gíslingu“ ákvað stjórn verkefnisins að fá utanaðkomandi aðila til að fræða þátttakendur um áhrif og lýðræði. Sú fræðsla byggðist á sérstakri aðferð og fengu allir greiningarverkfæri – „Þáttökustigann“ – til að geta rýnt í öll stig ákvarðanaferlanna. Nemendur fengu þannig verkfæri til þess að geta skoðað möguleika á áhrifum í öllu ferlinu. Við sjáum einnig að stöðugt endurmat hefur tryggt gæðin í verkefninu.

Ekki aðeins ungmenni

Ein mikilvægasta aðferð ENID var krafan um að skólastjórar og fulltrúar starfsfólks skólans tækju þátt í tengslanetinu. Litlar og jafnvel engar líkur væru á því að tengslanet nemendaráða næði markmiðum sínum ef þar sætu aðeins fulltrúar nemenda.

Rauði samhliða þráðurinn

Framtíðarsýnin hefur verið bæði drifkraftur og áttaviti í framkvæmdaáætlun ENID, „Skóli með lýðræðishæfni“. Þar kemur fram hvernig ENID forgangsraðar áhrifum nemenda í skólanum og því má nýta skjalið í lýðræðisstarfi hvers skóla fyrir sig.

Í byrjun hljómuðu orðin „framkvæmdaáætlun“ og „framtíðarsýn“ framandi í eyrum nemenda. Úttekt á verkefninu hefur leitt í ljós að nemendur sjá nú sambengi milli ólíkra málefna skólans og hefur framkvæmdaáætlun ENID nýst vel í starfi nemendaráðanna – „Góð framkvæmdaáætlun um

hvernig við sköpum góð nemendaráð til að vinna að bættu nemendalýðræði“.

Árangur

Eins og áður kom fram telja bæði þátttakendur og verkefnisstjórn að vel hafi tekist til með ENID.

Þátttakendum tókst með samstarfi að ná samkomulagi og ákveða forgangsriðun, ekki síst vegna þess að allir höfðu hlustað á sömu erindin og gert sömu æfingarnar. Framlag æskufólksins varð til þess að sannfæra fullorðna fólkið um að ábyrgðartilfinning nemenda eykst sjálfkrafa með auknum áhrifum.

Þátttakendur í tengslanetinu ákváðu að halda samstarfinu áfram eftir að verkefninu lauk, og sögðust ætla að nota áfram framkvæmdaáætlunina. Sumir skólar segja félagslega virkni nemenda hafa öðlast nýja vídd. Að lokum – þá sjáum við að nemendur í skólunum sjö standa ekki einir í starfinu, enda vita þeir og finna að þau eiga fullorðna samstarfsmenn sem eru reiðubúnir til að styðja, færa mótrök eða bregðast jákvætt við, þ.e. fullorðna, sem hvorki vanrækja né hunsa skoðanir þeirra. Fullorðna sem tryggja samfellu í lýðræðisstarfinu. Svarið við spurningunni í fyrirsögninni er því ótvírætt „Já!“.

3.2 Ísland: Leikskólinn Sæborg: Börnin hafa áhrif á daglegt starf

Eftir *Önnu Grétu Guðmundsdóttur* (deildarstjóra), *Auði Ævarsdóttur* (aðstoðarleikskólastjóra) og *Kristínu Hildi Ólafsdóttur* (verkefnisstjóra lista-smiðju)

Verkefnið var unnið í leikskólanum Sæborg en þar er unnið eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Í anda þeirrar hugmyndafræði er barnið hvatt til að nota sín hundrad tungumál til að rannsaka, kanna, skynja, prófa og skapa. Í Sæborg leggjum við sérstaka áherslu á þemaverkefni og að börnin nái að rannsaka viðfangsefnið niður í kjölinn. Börnin sem unnu verkefnið voru þriggja og fjögurra ára gömul. Hugmyndin að verkefninu varð til í umræðu kennara þegar kom í ljós að í vændum var 15 ára afmæli leikskólans. Hvernig væri að velta upp þeirri hugmynd hjá börnum að skoða leikskólann og kanna þeirra hugmyndir. Markmið verkefnis voru að; læra að skilja sýn barnanna á leikskólann, dýpka skilning barnanna á fyrirbærinu Sæborg, hvetja börnin til að skoða húsnæði leikskólans á nýjan hátt.

Verkefnið hófst með umræðu barnanna í litlum hópum um leikskólann. Hvað er inni í Sæborg? Hugmyndir barnanna voru fjölbreyttar allt frá því að vera upptalning á hlutum til þess sem er gert eins og að lita, mála og hvíla sig.

Skemmtilegt var að eitt barnið nefndi að við smyrjum í Sæborg en börnin voru einmitt nýlega byrjuð að æfa sig að smyrja brauðið í síðdegis-hressingunni.

Í beinu framhaldi af umræðum barnanna voru börnin beðin um að teikna myndir af Sæborg. Teikningar þeirra endurspeglar mismunandi þroska þeirra í teiknifærni en börnin höfðu öll margar hugmyndir um það hvernig Sæborgin þeirra ætti að vera þegar rætt var við þau í tengslum við teikningar þeirra. Ein stúlkan (3,7 ára) sagði:

„Þetta er Sæborg. Þetta er skip-Sæborg sem siglir í sjónum. Þetta eru tröppur. Hættulegu tröppurnar svo að maður komist upp í geymslu. Voða margar. Hún er eiginlega hérna niðri hjá þessari tröppu. Þetta er gluggi og hurðin. Þar og hlið. Sjáðu minn Sæborg er tilbúinn!“

Eftir að hafa rætt um og teiknað Sæborg var komið að því að upplifa Sæborg. Farin var gönguferð um Sæborg og fóru börnin um í litlum hópum. Skoðaðir voru staðir sem börnin hafa venjulega ekki mikinn aðgang að eins og kaffistofa starfsmanna, fundarherbergi, þvottahús svo dæmi séu tekin. Börnin voru hvött til að skoða leikskólann á nýjan hátt og fannst börnunum gaman að setja sig í spor kennaranna á kaffistofunni og fengu sér vatn í kaffibolla kennara; *Mitt kaffi er sjóðandi heitt með flugu oní!* Eldhúsið var sá staður sem var mest spennandi og var þar tekið vel á móti þeim en til þess að fara í eldhúsið þurftu þau að þvo hendur og setja á sig hárnét. Öll tæki vöktu mikinn áhuga. Einnig var heimsókn til Soffíu leikskólastjóra mjög spennandi. *Eitt barnið talaði um Soffíu á kaffihúsinu sínu en annað barn talaði um að Soffía prentar og skrifar og fer á klósettið.* Í þessum ferðum um leikskólann voru hugmyndir og spurningar barnanna skráðar og nýttar til að þróa enn frekar umræðu og næstu skref í verkefninu?

Af hverju er annar vaskur í eldhúsinu? Af hverju er ís í frystinum? Af hverju er rafmagn hérna? Af hverju er vasaljós hérna? Af hverju kemur vatn úr krananum? Pissar þú stundum hérna í klósettið? Pissar þú sitjandi? Prentar þú S eða hvað?

Eftir vettvangsferðirnar spurðum við börnin um hvað þau vissu um Sæborg. Nú nefndu þau mun fleiri staði í upphafi og þekktu sig betur í húsinu. *Ég veit sko allt um Sæborg. Um torgið og deildirnar. Og líka eldhúsið. Og líka litlu kompuna hjá Önnu kokk.* Í umræðum barnanna kom fram að þau börn sem borða í miðrymi leikskólans voru að upplifa aðra hluti en þau sem borða inn á deild. Þau fengu að sjá þegar komið var með mat í eldhúsið, fólk fór í gegnum rýmið og fleira. Byggt á þessu þá var sú ákvörðun tekin að öll börnin fengju að upplifa það að borða í miðrymi leikskólans.

Nú var mikið búið að skoða og ræða um Sæborg. Nú langaði okkur að sýna þeim teikningar af leikskólanum eftir arkitekt leikskólans. Börnin voru fljót að átta sig á teikningunni sérstaklega eftir að þeim var sýnt hvar gegnið var inn. Hins vegar ráku þau augun í fjóra hringi sem voru dreifðir um Torgið og skildu ekki alveg hvað þeir ættu að tákna. Þess vegna fóru börnin út af deildinni og á Torgið að kanna málið. Fljótlega kom eitt barnið með þá hugmynd að hringirnir ættu að tákna súlurnar og hlupu börnin hringinn í

kringum Torgið og töldu fjórar súlur eða sama fjölda og hringirnir á teikningunni voru.

Þegar hér var komið sögu langaði okkur kennarana að fá svolitla innsýn í það hvað börnunum þætti merkilegt og spennandi í Sæborg. Við ræddum mikið um það hvernig væri hægt að ná þessu sjónarhorni barnanna og hvaða leið væri best. Eftir nokkra ígrundun ákváðum við að prófa að nota stafræna myndavél sem er sérstaklega hönnuð fyrir börn. Börnin fóru eitt í einu um leikskólann og ljósmynduðu staðinn sem þeim fannst merkilegur og hugmyndir barnanna voru skráðar. Gaman var að sjá hvernig myndefnið sem börnin völdu endurspeglaði oft áhugasvið barnsins. Til dæmis stúlka (3,8) ára valdi að taka mynd af þríhyrningsspegli sem er á torginu. Eftirlættisstaður hennar hefur alltaf verið Torgið frá því að hún byrjaði á leikskólanum. Þess vegna kom það ekki á óvart að hún valdi að taka ljósmynd þar.

Kennari: Hvar tókst þú þína mynd? Tea: Á Torginu. Af speglinum. Kennari: Af hverju vildir þú taka mynd af speglinum? Thea: Af því að mér finnst það flott. Kennari: Hvað sérð þú í speglinum? Thea: Mig sjálfa. Fleiri Theur. Mjög margar. Óteljandi.

Drengur (4,1 mánaða) valdi eldhúsið sem hann var mjög hrifinn af. Hann var fljótur að stefna að eldhúsinu með myndavélina og fumlaust tilkynnti hann að hann vildi taka mynd af vaskinum og krananum.

Kennari: Af hverju ætlar þú að taka mynd Ari? Ari: Af krananum í eldhúsinu. Kennari: Af hverju viltu taka mynd af krananum? Ari: Af því að hann er skemmtilegastur.

Börnin völdu mjög mismunandi staði til að ljósmynda og voru ljósmyndir þeirra og hugmyndir hengdar upp þannig að þau gætu sýnt foreldrum og rætt um við önnur börn. Haldið var áfram að vinna með ljósmyndirnar og var ákveðið að börnin fengju að teikna þann stað sem þau höfðu ljósmyndað.

Afmæli Sæborgar nálgast og umræðan færðist inn á það efni. Sest var niður í litlum hópum og rætt um hvað þeim fundist ætti að vera í afmælinu.

Borða humarsúpu og hreindýr! Og kökur. Leikskólinn getur ekki blást. Nei, ekki borðað kökuna sína. Þjóða Sæborg í veislu. Borða köku. Bleika köku. Brún köku. Risastóra. Margar kökur. Og tertur. Og bleikar tertur. Og appelsínugular tertur.

Hugmyndir barnanna snerust mikið um veitingar eins og sjá má á þessum orðum.

Hugmyndir barnanna voru mjög stórkostlegar og ekki hægt að framkvæma þær allar. Til að kanna betur hugmyndir þeirra um afmælið voru tvö börn í hóp ásamt kennara beðin um að teikna veisluna og hugmyndir þeirra skráðar niður. Myndir þeirra voru bæði fallegar og fullar af ótrúlegum afmælisveislum. Ævintýraheimurinn var ekki fjarri enda gátu risastór afmæliskerti breyst í fangelsisrimla ef þörf var á, hestar voru í veislunni, kirkjur, hrafnar og fleira.

Hugmyndir barnanna mótuðu að mörgu leiti afmælið, teikninga barns var notuð sem boðskort og kokkurinn lagaði þessa fínu humarsúpu í tilefni dagsins. Þrátt fyrir að kakan væri ekki bleik þá var vegleg kaka í boðinu sem var í anda hugmynda barnanna. Börnin tóku þátt í afmælinu með lista- verkum sínum, báru nýjan fána út úr leikskólanum að flaggstöng sem leik- skólanum var færð í tilefni dagsins. Börnin sungu afmælislag fyrir Sæborg og lag sem sérstaklega var frumsamið í tilefni dagsins.

Verkefninu lauk með afmælisveislunni. Markmiðum verkefnis var náð. Börnin skoðuðu leikskólann sinn á annan hátt en áður, ræddu mikið saman og við kennararnir kynntumst enn betur þeirra sýn og hugmyndum. Einnig var gaman að fylgjast með frábærum hugmyndum barnanna um afmælið sem gerði að þau voru meiri þátttakendur og mótuðu veisluna í sínum anda. Afmælisdagur leikskólans var frábær í alla staði. Stoltið skein úr andlitum barnanna enda áttu þau stærstan þátt í skipulagningu þess og framkvæmd.

3.3 Danmörk: Lýðræðisgildi í reynd á leikskólanum Hylet

Eftir *Erik Nielsen*, kennara í leikskólanum Hylet

3.3.1 Börn og lýðræði eða lýðræðisuppeldi

Íþróttaleikskólinn Hylet hóf störf á árinu 1972 og er aðeins öðruvísi leik- skóli þar sem lögð er áhersla á meðákvörðunarrétt og lýðræði. Börnin hafa þannig tekið þátt í öllum ákvörðunum frá fyrsta degi í leikskólanum, þ.e. ákvarðanir sem börnin ráða við og skilja.

Lýðræði er grunn-gildi í Hylet

Allt frá byrjun og fram til dagsins í dag, höfum við lagt áherslu á að barna- lýðræði væri raunverulegt lýðræði, þar sem börnin kæmu að ákvörðunum innan ramma sem við, þ.e. leikskólakennararnir og foreldrarnir, teljum að þau ráði við. Við gefum þeim því ekki tálvonir um að þau geti ráðið öllu milli himins og jarðar.

Við erum enn sem fyrr fullorðna fólkið sem býr yfir reynslu og þekkingu á því hvernig samfélagið hangir saman.

Dæmi: Þegar við förum út í íþróttaleiki að vetri til fá börnin ekki að ráða því hvort þau fari í hlý föt eða ekki. Það ákveðum við, fullorðna fólkið, því við höfum reynsla af kulda og vetrum. En þau fá að ákveða hvaða íþróttaleiki eða aðra leiki er farið í og á hvaða leikvöll. Stundum er það ákveðið með einfaldri atkvæðagreiðslu en yfirleitt færa börnin rök fyrir því hvers vegna þau vilja eitthvað öðru fremur. Það getur t.d. verið langt síðan við förum á tiltekinn stað, eða að hann sé hentugastur fyrir þann leik sem við höfum komið okkur saman um.

Þegar greidd eru atkvæði með því að rétta upp hönd bera einhverjir sigur úr býtum en aðrir tapa. Því ákveðum við í samráði við börnin að næst verði farið á hinn staðinn án þess að komi til atkvæðagreiðslu um það.

Það eru ýmis mál þar sem börnin hafa ákvörðunarvald, en líka önnur, sem við, fullorðna fólkið, ákveðum.

Þau fá ekki að ráða hvort þau fari með í ferð eða ekki. Það eiga þau gera. Það er þáttur í almenntri uppeldisfræði leikskólans, sem við höfum mótað í samráði við foreldrana.

Við lítum á leikskólann sem samfélag þar sem við eigum sameiginlegar upplifanir og eigum að gera vissa hluti.

Annað dæmi er maturinn. Við bjóðum upp á fullt fæði á hverjum degi í leikskólanum. Börnin fá að taka þátt í að ákveða hvað verður í matinn. Þau koma með tillögur á barnafundunum. Um það gilda þó reglur sem starfsfólk og foreldrar hafa samið um hollar og fjölbreyttar máltíðir. Börnin geta því ekki ákveðið að við fáum ís og kökur. Heldur góða tómat súpu og karrýsild.

Það er alltaf mikilvægt að gæta jafnvægis milli þess sem börnin ráða við að ákveða og þess sem þau ráða ekki við, miðað við aldur þeirra, reynslu og þroska.

Mestu máli skiptir að taka mark á börnunum og hlusta á það sem þau hafa til málanna að leggja. Líka á það sem þau koma ekki orðum að. Þegar við förum í bæjarferð eiga börnin fastan félag sem þau leiða. Fullorðna fólkið ákveður hverjir eru fastir félagar. Þá erum við með fasta matarhópa þar sem hver og einn hefur fast sæti. Ekkert er þó svo niðurnjörvað að ekki megi hnika því. Ef börnin langar til að vera með einhverjum öðrum, fá þau að heimsækja hina matarhópana, leiða einhvern annan o.s.frv. Ef við, fullorðna fólkið, viljum ekki leyfa þeim það, verðum við að koma með góð og haldbær rök. Nei er ekki bara af því bara. Það er „nei, vegna þess að ...“

Barnafundir

Haldnir eru barnafundir um það bil vikulega. Við skilgreinum barnafundina sem lýðræðislegan vettvang í barnahæð þar sem börnin geta hrósað og gagnrýnt hvert annað og fullorðna, og komið með tillögur að daglegu starfi í leikskólanum. Á barnafundunum ræður „tilskilinn meirihluti“ í barnahæð. Fundirnir ganga þannig fyrir sig: Elstu börnin raða stólum í skeifu, þau telja þátttakendur og gæta þess að fjöldi stóla sé sá sami og fjöldi barna sem þurfa sæti.

Á meðan teikna fundarstjórnir, annar barn en hinn fullorðinn, fundardagskrána á töflu sem er andspænis skeifunni. Fundurinn hefst og honum lýkur með söng. Þá eru fjórir fastir liðir: gagnrýni, hrós, leikfimi/íþróttir/leikir/hreyfing og dagskrárliður barnanna.

Börnin setjast og velja fundarritara úr sínum röðum, sem teiknar fundargerðina, og fullorðinn fundarritari, sem skrifar fundargerð. Fundarritarnir fá það hlutverk að stjórna næsta fundi.

Fundur hefst á því að fundarritari barna af síðasta fundi, „les“ fundargerðina sem hann teiknaði á fundinum. Undir fundarliðnum gagnrýni er t.d. kvartað undan því að einhver hafi tekið kubbaplötur frá öðrum, eða að

strákarnir hafi ekki tekið brettið upp á salerninu. Eða einhver sé að stríða. Þessi mál eru að sjálfsögðu afgreidd á fundinum og færð í fundargerð. Börnin leggja fram tillögur að því hvernig leysa eigi vandamálin. Á næsta fundi förum við yfir fundargerðina og ræðum hvort breytingar hafi orðið. Þá fá einhverjir hrós fyrir að vera góðir leikfélagar. Eða matnum er hrósað fyrir að vera bragðgóður. Fullorðnir geta komið með athugasemdir til að styðja börnin. Undir dagskrárlið barna stinga þau upp á ferðum, máltíðum, leikfangadögum o.þ.h. Undir sama lið eru þau líka hvött til að segja t.d. frá ferðalögum sem þau hafa farið í, að þau hafi eignast lítið systkin eða amma hafi sótt þau. Hugmyndir sem fram koma á fundinum eru ræddar og síðan teknar ákvarðanir. Fullorðnir sjá um að ákvörðunum sé fylgt eftir og þær framkvæmdar.

Þeir hjálpa líka börnunum að bera upp mál. Þegar barn stingur upp á mat eða ferð í daglegu tali, erum við vön að segja: „Taktu það upp á barnafundinum.“ Fyrir fundinn minnum við barnið á, ef það skyldi hafa gleymt því.

Stundum hjálpa foreldrarnir börnunum með því að segja leikskólakennurunum að barnið sé með vandamál eða hugmynd sem það vilji taka upp á barnafundinum og biður um að vera minnt á það. Í öðrum tilvikum eru það mál sem stungið er upp á í leikskólanum, þar sem fullorðna fólkið minnir börnin á eða leggur til að þau taki það upp á barnafundi.

Augljóst er að elstu börnin segja mest og koma með flestar tillögur. Þau átta sig á hvenær á að taka málin fyrir. Yngri börnin leggja líka sitthvað til málanna, kannski ekki alltaf á réttu augnbliki en elstu börnin verða að sýna því þolinmæði. Svona voru þau sjálf þegar þau voru minni.

Markmið okkar með barnafundum

Barnið lærir að kveða sér hljóðs á samkomum og taka afstöðu til eigin skoðana og annarra. Orðaforði barnsins styrkist þegar við röbbum saman. Barninu er hjálpað að tjá tilfinningar sínar og hugsanir. Dæmi: Vandamál geta komið upp meðal barnanna, sem gera þau leið. Við tökum þau fyrir á barnafundi og leysum í sameiningu. Við sitjum þétt saman og höldum utan um barnið sem fannst á sér brotið og hjálpum því að setja orð á hlutina.

Við tölum um góða og slæma hegðun, hvernig við komum fram við hvert annað og hvernig á að leika sér við önnur börn. Við hjálpum börnunum að standa fast á rétti sínum gagnvart hvert öðru, ef þeim finnst að sér vegið í orði eða líkamlega.

Barnafundirnir eru lýðræðisleg ferli þar sem börnin fá tilfinningu fyrir atkvæðagreiðslu og lýðræði. Börnin nota málin sem upp koma á fundinum til þess að leysa deilur upp á eigin spýtur. Við kennum börnunum að lýðræðið er til einhvers nýtt.

Mikilvægt er að við, fullorðna fólkið, sem vinnum með börnunum, séum móttækileg fyrir því sem þau hafa að segja og stinga upp á, og að við veitum þeim svör. Við sem vinnum í leikskólanum vitum að börnin eru ánægð með barnafundina. Þau láta það í ljósi við okkur en ekki síður við foreldra sína sem segja okkur frá því hvað börnin eru ánægð. Sum börn hafa komið á

barnafundum heima hjá sér. Við leggjum fundargerðarbækurnar fram til þess að foreldrarnir geti lesið þær og skoðað, og það gera þeir í ríkum mæli.

Áhugi eldri barnanna smitar frá sér á yngri börnin. Þau líta upp til stóru krakkanna og vilja vera eins og þeir. Elstu börnin eru ekki aðeins fyrirmyndir á barnafundunum. Það eru þau í öllu sem fram fer í leikskólanum. Við vinnum meðvitað með það í starfi okkar með börnunum. Við látum þau bera ábyrgð hvert á öðru, sérstaklega yngri börnunum og þeim sem eru nýbyrjuð í leikskólanum. Annað dæmi sem við getum nefnt er að „fylgjast með félagi“. Þegar lítið barn byrjar í leikskólanum verður eitt af elstu börnunum fastur félagi þess og fylgjast þau að fyrsta árið. Þau leiðast og eldra barnið fylgist með því að yngra barninu líði vel í leikskólanum. Þetta skiptir miklu máli fyrir eldra barnið sem vex með ábyrgðinni. Yngra barnið lítur upp til stóra félagsins og lærir af henni/honum.

Metródæmið

Við leitumst við að veita börnunum innsýn í hvernig „stóra lýðræðið“ fyrir utan vegg leikskólans gengur fyrir sig. Dæmi: Þegar metrójardlestarnar komu til sögunnar í Kaupmannahöfn (þær eru án lestarstjóra), varð strax mjög vinsælt hjá börnunum að standa í fremsta vagninum og „stýra“ – en þau vantaði bæði stýri og stjórnborð. Því skrifuðum við starfsfólkið, fyrir hönd barnanna, bréf til Metrójfyrirtækisins þar sem við spurðum hvort ekki væri hægt að setja upp leikfangastjórnborð í vagnana. Við fengum strax jákvæð viðbrögð frá almannatengli fyrirtækisins. Börnin gerðu stjórnborð í samvinnu við teiknara frá lestarfyrirtækinu. Við erum með eitt slíkt í leikskólanum en auk þess voru þau send á aðra leikskóla nærri jarðlestarteinunum. Með verkefninu vildum við sýna börnunum hvernig lýðræði virkar í reynd – ef við viljum breyta einhverju verðum við að gera eitthvað í því sjálf.

Lýðræðismat

Þegar rifjuð eru upp öll þau ár sem við höfum unnið með lýðræði og barnafundi sjáum við hvað það hefur haft jákvæð áhrif á börnin. Við höldum góðu sambandi við stóru börnin okkar og foreldra þeirra eftir að þau yfirgefa leikskólann. Viðbrögð þeirra og ekki síður foreldra þeirra eru samhljóða.

Þau nota aðferðir lýðræðisins í skólanum og í frístundum. Þau hafa lært að taka til máls á stórum samkomum, þau hafa lært að bera mál upp á fundum og þau hafa lært að þau verði sjálf að eiga frumkvæði ef þau vilja breyta einhverju. Því erum við nokkuð viss um að þær leiðir sem við höfum farið í lýðræðisstarfi hafi haft góð og varanleg áhrif á börnin. Börnin hafa virkilega notið þess að við, ásamt foreldrum þeirra, sáðum á sínum tíma litlu lýðræðisfræi og þau hafa getað nýtt sér það í framhaldinu, í skólanum og frístundum.

3.4 Ísland: Skoðanir og viðhorf 2–16 ára barna við mótun nýrrar skólastefnu í Mosfellsbæ

Eftir *Gunnhildi Maríu Sæmundsdóttur*, skólafulltrúa í Mosfellsbæ

3.4.1 Raddir barna

Fræðslunefnd Mosfellsbær, sem fer með málefni skóla í bæjarfélaginu, ákvað að endurgera skólastefnu bæjarins. Sú vinna er í gangi núna og reiknað er með að henni ljúki á haustdögum 2009. Upphafið að mótun nýju skólastefnunnar var þann 16. maí 2009 þegar haldið var skólaþing fyrir alla áhugasama bæjarbúa. Markmiðið með skólaþingi var að fá sem flest sjónarmið fram um hvernig góður skóli ætti að vera. Við undirbúning skólaþings var ákveðið að það væri mikilvægt að spyrja skólabörnin einnig hvernig góður skóli ætti að vera. Enda eiga börn rétt á því að tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á eigið umhverfi skv. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sett var því af stað verkefni sem við köllum *Raddir barna*. Unnið var með leik- og grunnskólabörnum, 2–16 ára, vikurnar fyrir þingið að þessu verkefni. Sú aðferð sem notuð var til að fá börn á aldrinum 2–9 ára til að tjá skoðanir sínar og fá fram hugmyndir þeirra er svokölluð Mósáik-leið. Í henni er gengið út frá 6 eftirfarandi þáttum:

Viðurkennt er að börn hafi „hundrað mál“ og því eru notaðar fjölbreyttar aðferðir við matið. Lögð er áhersla á að nota þær aðferðir sem henta börnum best. Margar aðferðir hafa verið settar saman til að fá fram hugmyndir barna og reynslu af því að vera í skóla (leik- og grunnskóla).

- Litið er á börn sem virka þátttakendur, endurskapendur þekkingar og sérfræðinga í eigin lífi. Með því að viðurkenna hæfileika barna geta hinir fullorðnu ígrundað þeirra eigin takmarkaðan skilning á lífi barna. Lögð er áhersla á að hlusta á börn fremur en að gera ráð fyrir að viðhorf þeirra séu fyrirfram þekkt.
- Leiðin felur í sér að börn, starfsfólk og foreldrar skiptast á skoðunum.
- Leiðin er sveigjanleg og gert er ráð fyrir að hægt sé að nota hana á ólíkum stöðum og við ólíkar aðstæður, í ólíkum skólum.
- Gengið er út frá reynslu barnanna í stað þeirrar þekkingar sem aflað er.
- Lögð er áhersla á að bæði sé hægt að nota leiðina sem matstæki og jafnframt að hún sé felld inn í daglegt starf skólans.¹⁶

Í verkefninu *Raddir barna* fyrir 2–9 ára voru aðallega þrjár aðferðir notaðar til að hlusta eftir skoðunum og viðhorfi. Í fyrsta lagi voru gerðar atferlisathuganir á börnunum þar sem fylgst var með þeim í leik og vali og reynt að rýna í hvað þeim þótti eftirsóknarvert að leika og sýsla með. Í öðru lagi voru samræður við börnin og umræðuhópar. Börnunum var skipt í litla

¹⁶ Heimild: Þátttaka og áhrif hagsmunaaðila á hönnun skólabygginga og skólastefnu. Skýrsla unnin af RannUng fyrir Mosfellsbæ sept. 2008

hópa, færri í hóp eftir því sem börnin voru yngri, og rætt um skólann. Leitast var við að ræða við börnin um atriði sem þeim voru nálægust, s.s. hvers vegna eru börn í skóla, hvað er áhugaverðast í skólanum, hvað skiptir máli í skólanum, hvað vildu þau kunna og vita og hvernig á börnum að líða í skólanum. Í þriðja lagi voru myndavélar notaðar til að fanga það sem börnunum fannst áhugaverðast. Börnunum var skipt upp í litla hópa og þau fengu myndavélar til að taka myndir af því sem þeim fannst áhugaverðast og skemmtilegast í skólanum. Það gat verið einhver tiltekinn staður, vinir eða einhver verkefni. Segja má að myndavélin sé nýtt tungumál, sem börnin geta notað til að tjá hug sinn án orða. Einfalt er að taka margar myndir þegar stafræn myndavél er notuð.

Niðurstöður frá þessum aldurshópi um hvernig góður skóli eigi að vera og hvað skiptir mestu máli voru margvíslegar. Þó er áberandi hjá þeim hvað vinir og félagar skipta miklu máli og hvað það er nauðsynlegt að leika sér. Leikurinn er börnunum greinilega mjög mikilvægur, bæði úti og inni. Það sýndu myndirnar sem þau tóku, flestar myndir voru af leiksvæðum og þá sérstaklega þar sem önnur börn voru að leika sér. Nokkrar myndir voru af hvíldarsvæðinu, þeim er sá staður greinilega kær.

Til að hlusta á hugmyndir 10–12 ára barna þá var þeim boðið að taka þátt í skólaþinginu í sérstökum nemendahóp. Áður var þó búið að vinna með þeim í umræðuhópum í skólunum. Á skólaþingið mættu 22 nemendur og virtust þeir afar áhugasamir um að fá tækifæri til að segja það sem þeim fannst. Einn nemandi hafði orð á því að hann „*vissi ekki að nemendur mættu segja sína skoðun á skólanum, það er æðislega gaman*“. Unnið var út frá svipuðu umræðuefni og með yngri börnin, þ.e. hvað er áhugaverðast í skólanum, hvað viltu læra og hvað viltu kunna þegar þú verður stór. Einnig var spurt um líðan nemenda, „Hvernig á barni að líða í skólanum?“ Þessir nemendur vildu gjarnan læra meira um náttúruvísindi ýmis konar, s.s. stjörnufræði, náttúrufræði og líffræði. Einnig vilja þau gjarnan vera meira útivið, læra um náttúruna og læra að bjarga sér í náttúrunni. Þau voru líka með mjög ákveðnar hugmyndir um hvernig börnum ætti að líða í skólanum, þeim á að líða vel og það á að vera bannað að leggja aðra í einelti. Þau vilja gjarnan velja sjálf hvaða tungumál þau læra. Þau vilja fá að taka þátt í kennslunni, fá að vera kennarar og vera meira í hópum að læra.

Elstu börnunum, þ.e. nemendum 13–16 ára, var boðið að vera almennir þátttakendur á skólaþinginu og taka þátt í umræðum um hvernig góður skóli ætti að vera. Áður en skólaþingið var haldið var búið að ræða við þau í hópum í skólanum um hvernig góður skóli ætti að vera, svona til að kveikja áhuga þeirra fyrir þátttöku í skólaþinginu. Því miður mættu ekki margir frá þessum aldurshópi á skólaþingið og munum við því endurskoða hvernig við getum náð þeirra skoðunum og viðhorfi fram. Hugmynd er um að hafa sérstakt skólaþing fyrir þennan aldur. Þá yrði einn skóladagur nýttur til að halda skólaþing ungmenna í Mosfellsbæ nú á haustdögum. Hugmyndir eru um að fá aðila frá þessum hópi til að vera þátttakendur í skipulagningu þingsins

Markmiðið með verkefninu er að hlusta á skoðanir og viðhorf barna með þá sannfæringu að leiðarljósi að börn eru fær um að segja álit sitt á skólaumhverfi sínu og námi. Að þau hafi sjónarmið, sem beri að taka alvarlega og að þau búi yfir þekkingu, sem best sé að nálgast hjá þeim sjálfum.

Með ýmsum rannsóknum á þroska og námi barna hefur verið sýnt fram á að ung börn búa yfir mikill getu og eru fær um að láta í ljós skoðanir sínar á málefnum sem þau varða. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er viðurkenndur réttur barna til að hafa áhrif á tilveru sína og að á þau sé hlustað. Þetta hefur leitt til aukinnar áherslu á lýðræði í skólastarfi þar sem raddir barna hafi hljómgrunn og virðing sé borin fyrir sjónarmiðum þeirra og hæfni til að taka ákvarðanir¹⁷.

Það hefði verið einfaldara fyrir framkvæmd þess að skrifa nýja skólafestefnu að hlusta eingöngu á hina fullorðnu, að heyra þeirra viðhorf um hvernig góður skóli á að vera. Það felst í því ákveðin ögrun og jafnvel áhætta að hlusta á raddir barna, því með því erum við að segja að við ætlum að hlusta á þau og leyfa þeim að hafa raunveruleg áhrif. Þess vegna er það afar mikilvægt að eitthvað af hugmyndum og viðhorfum barnanna endurspeglast í nýrri skólafestefnu.

Það sem ætti a.m.k. að sjást í nýrri skólafestefnu, sem mun líta dagsins ljós í nóv/des (2009) og eru skoðanir og viðhorf 2–13 ára barna til góðs skóla eftirfarandi:

- Það er nauðsynlegt að gefa tíma og rými fyrir leik með félögum í skólastarfi.
- Það ætti að vera meiri áhersla á náttúruvísindi hvers konar, s.s. líffræði, náttúrufræði, stjörnu- og geimvísindi.
- Það ætti að vera meira af verklegri kennslu og þá ekki síður útivið.
- Nemendur vilja læra að takast á við ögrandi verkefni og læra að bjarga sér af eigin rammleik í náttúrunni.
- Nemendur ættu að hafa fjölbreyttara val um hvaða tungumál þau læra í skólum.
- Nemendur ætti að vera mun virkari í sínu námi og vera þátttakendur með kennaranum í kennslunni, en ekki bara viðtakendur.
- Nemendur vilja vinna meira í hópum með félögum sínum. Börn eru félagsverur, eins og annað fólk, þar liggur þeirra styrkur og því ætti að vinna með þá staðreynd enn frekar í kennslu.
- Börnin gera skýra kröfu um að öllum líði vel í skólanum og að einelti fái ekki að viðgangast.

Vonandi er að hinir fullorðnu sé tilbúnir að mæta áskoruninni og hlusta á raddir og skoðanir barna og hafa þá sannfæringu að þær raddir séu mikilvægar í þróun og endurbótum á menntun.

¹⁷ Heimild: Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi

Ávinningur af því að hlusta eftir skoðunum barna hlýtur að vera árangursríkari skólastarf og ekki síður glaðari og áhugasamari nemendur. Ekki svo að skilja að börn almennt séu ekki áhugasöm og glöð því það eru þau í eðli sínu. Við, sem samfélag, þurfum á því að halda í dag þegar þróun, breytingar og framfarir eru bæði miklar og hraðar, að virkja skapandi hugsun og hugarafll allra sem að málum koma. Sú tíð er liðin að skipulagsheildir, s.s. fyrirtæki og skólar, þrífist og þróist best við „top–down“-skipulag. Heldur eru flestir sammála um að góður árangur náist frekar með virkni þátttakenda og fjölbreyttari nálgun á viðfangsefninu.

3.5 Umræður: Leikskóli og skóli

Greinarnar sýna hver mikilvægt er að hvetja til þátttöku, óháð aldri. Trialogaðferðin til að efla nemendalýðræði er leið til að auðvelda myndun tengslaneta. Hér kemur félagslega hlið þátttökunnar greinilega í ljós, eins hve mikilvægt er að upplýsa og fræða. Þátttaka barnanna fer eftir því hvernig aðferðin er notuð.

Báðir leikskólar sýna vel að einnig lítil börn fá mikið út úr því að taka virkan þátt í daglegu starfi, einnig hinir fullorðnu sem vinna með börnunum. Fyrirvaralaus þátttaka á leikskólanum sýnir að ekki þurfi stórfelldar umbreytingar til að skapa forsendur fyrir þátttöku barna í leikskólum. Í leikskólanum Hylet eru fastari rammar utan um þátttöku barnanna og markmið fullorðinna eru skýr. Barnafundirnir eru sniðnir eftir lýðræðislegri fundahéð. Börnin aðlaga sig skilyrðum sem fullorðnir hafa sett en fá um leið tækifæri til að hafa áhrif á aðstæður sínar. Þegar lítil börn eru höfð með í ráðum skipta viðhorf fullorðinna, næmt auga þeirra fyrir því sem er óskýrt og ekki síst látbragð þeirra, miklu máli um hvernig til tekst.

Skólastarfið í Mosfellsbæ er einnig dæmi um að fullorðnir setja skilyrði fyrir þátttökunni og hvernig hún fari fram. Greinilegt er að þetta hentar yngstu börnunum en þau stærri óska sér annars. Rannsóknir styðja þetta en þær hafa leitt í ljós að ungt fólk í dag vill einnig hafa áhrif eftir óhefðbundnum leiðum¹⁸. Einnig í þessu tilviki hafa rammar verið settir fyrir þátttökuna en innri ferli munu skera úr um hvaða þýðingu þetta mun hafa barnið og hvað fæst áorkað.

¹⁸ Ødegård 2009

4. Menning, tómstundir og grenndarsamfélag

Sveitarfélög taka alltof lítið mið af þekkingu og sjónarmiðum barna og unglinga, hvort heldur er í skipulagsmálum eða þegar ákvarðanir eru teknar¹⁹. Fólk er þó að vakna til meðvitundar um að bragarbót þurfi að gera í þeim efnum. Í þessum kafla er fjallað um sjö dæmi um hvernig ungmenni fá tækifæri til að skipuleggja sitt frístundastarf og hafa áhrif á skipulag í sínu nánasta umhverfi. Í þremur greinum er mest fjallað um hvernig börn og ungmenni geta styrkt skipulags- og ákvarðanaferli í sínu grenndarsamfélagi. Við sjáum hvernig norska MIABE-aðferðin nýtist til að gera börn og ungmenni meðvitaðri um skipulag og hönnun í nærsamfélaginu og virkja þau í afmörkuðum fegrunarverkefnum. SoftGIS-aðferðin sem notuð er í finnska verkefninu er einnig líkan fyrir þátttöku æskufólks í skipulagi grenndarumhverfisins. Í íslenska verkefninu, sem kynnt er í lokin, koma börn að ákvörðunum um hönnun á skólahúsnæði.

Í fjórum greinum er greint frá annars konar þátttöku barna og ungmenna, þar sem þau taka þátt í að skapa og reka ýmsa starfsemi. Við völdum dæmi frá Íslandi þar sem unglingar sýndu mikið hugvit við undirbúning á hljómlaikum. Frá Svíþjóð og Finnlandi eru dæmi um áhrif æskufólks á rekstur frístundaheimilis þeirra. Í frásögninni frá Álandseyjum er sagt frá félagslegri virkni sem felst í því að mynda tengslanet og grípa til beinna aðgerða.

Mörg dæmin bregða upp myndum af áskorunum sem fylgja því að hafa börn og ungmenni með í ráðum við skipulag á daglegu lífi þeirra.

4.1 Noregur: MIABE-leiðin til að auka hlutdeild barna og ungmenna í grenndarsamfélaginu

Eftir *Kari Bjørka Hodneland*, verkefnisstjóra MIABE

4.1.1 Litlu, ljótu staðirnir

Tilraunaverkefnið um litlu, ljótu staðina var samstarfsverkefni Óslóarborgar og fyrirtækisins Form & Arkitektur. Rúmlega 250 nemendur, aðallega á aldrinum 10–12 ára og kennarar þeirra úr fimm skólum í nágrenni miðborgar Óslóar, tóku þátt í verkefninu. Það var liður í átaki borgarinnar „Öruggari borg“ og deildarskipulagi á árunum 1996–1998. Unnið var að verkefninu í nær eitt og hálf skólaár. Því lauk með sýningu í ráðhúsinu.

¹⁹ Gjertsen 2000: 5-18

Tilraunaverkefnið hélt áfram í ýmsum myndum í þrjú ár, þ.á.m. sem hluti af evrópsku verkefni um þátttöku ungmenna. Markmið verkefnisins var að nýta opinber útirými í kennslu og námi. Nemendur áttu að taka þátt í átaki með stofnunum borgarinnar við að bæta hönnun og viðhald á opinberu rými í nágrenni skóla þeirra, og gera það öruggt og notalegt fyrir alla í grenndarsamfélaginu.

Aðferð

Í verkefninu var stuðst við líkan sem var sérstaklega þróað til að gera fólk meðvitaðra um manngert umhverfi, MIABE (Model for Increased Awareness of the Built Environment). Líkanið var upphaflega notað til staðfræðilegrar greiningar en það reyndist ekki síður hentugt í s.k. þátttökuverkefni með börnum og unglingum.

MIABE er kennslu- og námslíkan og nátengt námsskrá fyrir grunnskóla. Í því leynast margir þættir sem hvetja til aðgerða. Í hópi vill t.d. einhver helst taka ljósmyndir, annar vill teikna kort, sá þriðji skrifa skýrslu og kannski hafa allir áhuga á að smíða líkön. Því er erfitt að segja til um hvaða nemendur eru virkastir í verkefninu, markmiðið er að sem flestir finni sér viðfangsefni sem þeir ráða við. Rannsóknir (Hodneland 2007) hafa sýnt fram á að sumir þættir eru mikilvægari en aðrir til að virkja þátttakendur. Það á einkum við þegar þátttakendur þurfa að tileinka sér nýjan orðaforða en að því mun ég víkja nánar að síðar. MIABE leitar ekki að „réttum“ svörum heldur er leitast við að örva gagnrýna hugsun og umræður, sem byggja á þekkingu sem þátttakendur hafa öðlast í vinnu sinni með einstök atriði í opinberu rými. Líkanið byggist á hópvinnu.

MIABE í verki – litlu, ljótu staðirnir

MIABE gerir ráð fyrir að haldið sé eitt námskeið fyrir kennara og annað fyrir nemendur áður en ráðist er í sjálft verkefnið. Verkefnisstjóri (með þekkingu á byggingarlist) sér um efni námskeiðanna og heimsækir nemendur mörgum sinnum á meðan á verkefninu stendur.

Hann fræðir nemendur um sögu staðarins (grenndarsamfélags skólans), útskýrir ný hugtök eins og útirými, götuhúsgögn o.s.frv. og nemendur færa glósur inn í leiðarbækur sínar. Hóparnir velja sjálfir litla ljóta staði til að vinna með. Lítil, ljótur staður getur verið götupartur, hluti af stærra torgi o.s.frv. Mikilvægast er að hægt sé að breyta einhverju á staðnum. Nemendur byrja á skráningarvinnu til þess að fá yfirlit yfir hvaða aðgerða er þörf til að bæta hönnun og viðhald á opinberu rými í grenndarsamfélagi skólans. Í stuttu máli læra þau að „sjá“ betur, með því að auka þekkingu sína og nota öll skilningarvit. Þau sjá, þefa og heyra, snerta mismunandi efni, gera kort yfir svæðið, taka ljósmyndir, teikna og skrifa glósur. Hóparnir vinna úr skráningargögnum og ræða í kjölfarið hvað sé ljótt, hvað eigi að haldast óbreytt, hvað þau geti gert sjálf og hvað þau verði að biðja borgaryfirvöld um aðstoð við. Þau þurfa að færa rök fyrir öllum sínum skoðunum. Í þessu stigi máls er sérstaklega notaður sá þáttur í MIABE sem fjallar um að til-

einka sér vissan orðaförða yfir smáatriði í opinberu rými og opinberri stjórn-sýslu, einnig tillögur að hönnun og bréfaskriftir til borgaryfirvalda. Nemendur eru fljótir að tileinka sér hugtök eins og borgarstofnanir, framhliðar og götuhúsgögn þegar þau tala saman, og skrifa bréf til ýmissa stofnana á vegum borgarinnar eða arkitekta og hönnuða. Nemendur sömdu spurningalista áður en þeir kynntu sér skoðanir fólks í grenndarsamfélaginu á viðfangsefnum hópsins; „finnst þér að þeir (borgin) eigi að koma fyrir sætum og þaki svo fólk verði ekki holdvott í rigningu?“ Borgaryfirvöld sáu um að fylgja eftir hugmyndum að breytingum sem nemendur höfðu rökstutt, en þó var ýmislegt sem þeir gátu sjálfir gert, t.d. að fjarlægja ólögleg veggspjöld (sjá ljósmynd) sem höfðu verið límd á vegg í opinberu rými.

Í einum bekk ákváðu allir hópar að vinna tillögu að hönnun á götuhúsgögnum. Hóparnir völdu mismunandi viðfangsefni, t.d. ruslafötur, bekki og hlífðarskúr á strætis- og sporvagnastoppistöðvum. Getur ruslafata verið eins og dökkgrænn strokkur? Ein af mörgum tillögum að hönnun á nýjum ruslafötum var gula kanínan á myndinni en uppáhaldsréttur hennar er súkkulaðipappír. Bekkurinn skrifaði saman bréf til borgaryfirvalda: „Til Óslóarborgar, tæknideild. 3c-4c bekkurinn hefur kannað grenndarumhverfi sitt og fundið nokkra litla, ljóta staði. Við erum líka búin að hanna nýja bekki skilti sorpkassa og hlífðarskúr og nú þurfum við hjálp borgarinnar til að komast áfram með það. Við þökkum fyrir hjálp ykkar!!!“ Í öðrum bekk voru margir nemendur af erlendum uppruna, og þar urðu kennari og nemendur sammála um að öll vinna með litlu, ljótu staðina ætti að snúast um að bæta færni þeirra í skriflegri norsku. Hóparnir sendu lesendabréf til dagblaða, sömdu spurningalista og skrifuðu mörg bréf til borgarstofnana. Við opnun sýningarinnar um litlu, ljótu staðina, héldu tveir strákar ræðu þar sem þeir sögðu að skýrsluskrifin hefðu verið „svolítið leiðinleg stundum“.

Í einum bekk sem tók þátt í tilraunaverkefninu voru nemendur aðeins átta ára gamlir. Samskipti við borgaryfirvöld voru þeim því ofviða, en þeir tóku þátt í að gera nokkra litla, ljóta staði notalegri fyrir alla með því að setja niður túlípanalauka.

Var það félagsleg virkni? Í starfi okkar með börnum og ungmennum uppgötvuðum við að hugtökunum þátttaka, áhrif, virkni, virk þátttaka o.s.frv. er blandað saman. Mín útskýring á hugtökunum er tilkomin eftir að hafa velt fyrir mér reynslunni af verkefnum sem tengjast MIABE, en hún er einnig undir áhrifum af skipulagshugmyndafræði. Í stuttu máli gengur hún út á að þátttaka feli í sér aðgerðir af allra hálfu, að samræður eigi sér stað við fullorðna úr mismunandi faggreinum og að þátttökufarlið skili einhverju sem hönd á festir eins og lýst er hér að framan.

Verkefni þar sem stuðst er við MIABE-aðferðina er hluti af almennri kennslu til lengri tíma (helst heilt skólaár), en ekki dags- eða vikuverkefni. Verkefnið „tekur“ ekki tíma frá almennri kennslu, heldur er það grundvöllur að þverfaglegri verkefnavinnu í lengri tíma. Ef þátttakan á að felast í öðru en að hafa verið með í verkefni um tiltekið efni – til þess eins að uppfylla lágmarkskröfur um þátttöku – þarf barnið að tileinka sér þekkingu um

viðfangsefni verkefnisins og hvað þátttaka sín felur í sér. Þess vegna er skólinn vettvangur fyrir verkefnið.

Hvers vegna er opinbert rými notað sem námsvettvangur? Allir nota opinbert rými, allir „eiga“ það og mega hafa áhrif á hvernig það lítur út. Auk þess eru einstakir þættir í opinberu rými hluti af daglegu lífi barnsins. Flest börn þekkja af eigin reynslu bekki, gosbrunna og ruslafötur, löngu áður en þau hefja skólagöngu.

Meginmarkmið MIABE-aðferðarinnar eru tvíþætt; að ljúka upp augum barna og unglunga fyrir manngerðu byggingarumhverfi, og gefa öllum börnum og unglingum kost á lýðræðislegri þátttöku, a.m.k. einu sinni á skólagöngunni. Þar sem öll börn og unglingar eru skyldug til grunnskólanáms ætti að vera hægt að ná til þeirra allra, enda þótt augljóslega sé mikill munur á því hve mikið hver einstaklingur leggur af mörkum. Annað markmið er að MIABE-tengdu verkefni sé ekki ætlað að knýja fram samfélagsbreytingar og þriðja markmiðið er að þátttakan gagnist bæði einstaklingnum og samfélaginu. Þannig tel ég möguleika á því að börn og unglingar verði áfram félagslega virk eftir að verkefninu lýkur. Svo virðist sem aðferðin auðveldi þátttöku allra, en ekkert líkan er það fullkomið að það tryggi að öll börn og unglingar leggi jafn mikið af mörkum. (Hodneland 2007)

Árangur

Það er mat manna að verkefnið hafi tekist vel. Það vakti mikla athygli fjölmiðla, og eins og áður kom fram var sýning um það í ráðhúsinu í Ósló og því var boðið að vera með í evrópsku þáttökuverkefni. Umbætur voru sýnilegar, tímaáætlun og fjárhagsáætlun stóðust og því má segja að þetta hafi verið saga um árangur í borginni. Fullorðnir tóku mark á framlagi og starfi nemenda í verkefninu, og áhugi nemenda var mikill hvort sem þeir gróðursettu túlípanalauka eða skrifuðu bréf til borgaryfirvalda. „Við vorum í vinnunni,“ sögðu nokkrir þeirra eftir að verkefninu lauk. Þó urðu okkur á mistök. Kennararnir voru t.d. valdir samkvæmt skipun „að ofan“, þ.e. frá stjórn skólans og eins vorum við ekki nógu dugleg að útskýra fyrir nemendum að allt tæki tíma. „Hvers vegna á ég að eyða tíma í þetta fyrst það gerist ekki neitt?“ skrifaði nemandi í leiðarbók sína. Höfðu mistök einhverjar afleiðingar? Nei, þau gerðu það ekki – það tókst að leiðrétta þau öll og/eða útskýra fyrir börnunum að „úrbætur“ tækju mikinn tíma.

Endurmat verkefnisins fólst í því að semja hugmyndahefti fyrir grunnskóla. (Hodneland og Christoffersen 1998). Eins og fram kemur í þessari grein, var hlustað á það sem börnin höfðu fram að færa án þess að tekin væru við þau viðtöl eða samtöl þar sem þau voru spurð álits um reynslu sína af svo umsvifamiklu þáttökuverkefni. Mikilvægt er að undirstrika að litlu, ljótu staðirnir voru ekki rannsóknaverkefni, heldur hagnýtt þáttökuverkefni, sem borgaryfirvöld í Ósló áttu frumkvæði að og var með skýru markmiði. Börn og ungmenni voru þar í aðalhlutverki. Raddir þeirra komu þó ekki nægilega fram í skriflegum gögnum um verkefnið. Til að bæta úr því voru tekin viðtöl við nokkra nemendur eftir að verkefninu lauk (Hodneland

2007). Þeim fannst mest hvetjandi að tekið var mið af skoðunum þeirra og að þau fengu tækifæri til að velja sér stað og vinna verk sem þau réðu við. Malín sagði mikilvægt að upplifa að „eitthvað gerðist“ til að hægt væri að trúa því að þau hefðu einhver áhrif, þ.e. að þátttaka þeirra skilaði sér.

Marga mánuði tók að koma verkefninu á koppinn, hjá stjórnmalamönnum og stjórnslunni. Notkun MIABE-aðferðarinnar í þátttökuverkefnum eins og Litlu, ljótu stöðunum, krefst þess að svör berist frá stjórnslunni og að erindum þátttakenda sé fylgt eftir, eins og gert var í Ósló. Hvað um framhaldið á MIABE? Nú stendur til að 10–15 ára nemendur noti líkanið ásamt öðrum aðferðum til að undirbúa þátttöku í verkefnum um úti- og inniumhverfi skóla á vegum mennta- og skipulagsyfirvalda í Óslóarborg sem halda utan um skólahúsnæði borgarinnar.

4.2 Svíþjóð: Æskufólk hefur áhrif á frístundamiðstöðvar sínar

Eftir *Lenú Lüch*, frístundaráðgjafa í Jönköping

4.2.1 Unglingarnir ráða í frístundamiðstöðvunum í Jönköping

Löngum hefur þótt sjálfsagt í Jönköping að börn og unglingar hafi bein áhrif á það umhverfi sem þau verja mestum tíma sínum. Mikil vinna var lögð í að semja framkvæmdaáætlun fyrir barna- og æskulýðsstarf og var hún höfð til hliðsjónar við skipulag á starfi sveitarfélagsins til að auka áhrif barna og ungmenna. Tómsundaráð hefur m.a. falið skrifstofu sinni að auka áhrif ungmenna í frístundamiðstöðvum. Ýmis líkön hafa verið prófuð til að virkja ungmennin við gerð fjárhagsáætlunar, skipulagningu og hönnun húsakynna og starfsemi frístundamiðstöðvanna.

Ungmennin ráða nú miklu um rekstur þriggja af níu frístundamiðstöðvum sveitarfélagsins. Þar eru farnar ólíkar leiðir sem valdar voru með hliðsjón af starfseminni sem þar fór fram og forstöðumönnum þeirra fannst henta ungmennunum best.

Í frístundamiðstöðinni Ankaret í Husqvarna eru haldnir stórfundir þar sem allir geta kveðið sér hljóðs. Fundirnir eru haldnir einu sinni í mánuði og allir mæta. Tillögur sem bera á upp á fundinum þarf að afhenda í síðasta lagi viku áður. Ef framkvæmdahugmynd felur í sér meiri kostnað en jafnvirði 5000 sænskra króna þarf að taka hana upp á einum stórfundi í viðbót. Þegar hugmynd hefur verið samþykkt í atkvæðagreiðslu, sjá flutningsmenn tillögunnar um að framkvæma hana – með aðstoð frístundaráðgjafa ef þörf krefur.

Rani er sextán ár og tekur virkan þátt í starfinu í Ankaret. Hann er ánægður með stórfundina.

„Þegar tillögurnar hafa verið bornar upp fáum við smátíma til þess að borða og velta þeim fyrir okkur ... Í byrjun var þetta stundum erfitt þegar fólk greiddi atkvæði gegn tillögum hvers annars, bara til að skemma fyrir.“ Elías, 17 ára, tekur líka virkan þátt í

starfinu og bætir við: „En þá föttuðu hinir að ef þeir greiddu atkvæði gegn tillögum, þá yrðu líka greidd atkvæði gegn þeirra eigin hugmyndum.“

Tillögur ungmennanna um starfsemina á Ankaret geta verið af ýmsum toga, en þau bera ekki ábyrgð á öllu rekstrarfjármagni: „Við fáum að nota ákveðinn hluta af þeim peningum sem miðstöðin hefur til umráða í okkar eigin hugmyndir. En þegar peningarnir eru búnir getum við ekki gert miklu meira,“ útskýrir Rani.

Í frístundamiðstöðinni í Dalvík er hins vegar stýrihópur sem í sitja 7 unglingar á aldrinum 13–17 ára. Þeir eru fulltrúar unglिंगanna sem sækja miðstöðina og funda einu sinni í mánuði. Þá eru þeir með í ákvörðunum um hvað eigi að gera í leyfum, ferðalög, innkaup og viðburði í opnu starfseminni.

„Það er miklu skemmtilegra þegar við fáum líka að ráða,“ segir Robert, 15 ára strákur í stýrihópnum í frístundamiðstöðinni í Dalvík. Hann telur upp hluti sem hópurinn hefur tekið frumkvæði að: Ferð til Stokkhólms, ferð til Kaupmannahafnar og fótboltaferðalag til Kalmar. Margar útilegur og veiðiferð.

Unglingarnir í Dalvík bera líka ábyrgð á hluta rekstarfjárins. Þeir fá 20.000 sænskar krónur á ári sem þeir geta varið á ýmsan hátt. Erfiðast er að finna viðfangsefni sem henta öllum, og fá tillögur frá unglिंगunum sem sækja frístundamiðstöðina. Ef engar tillögur berast verða einhverjir í stýrihópnum að taka frumkvæðið.

Í frístundamiðstöðinni Forum í Öxnehaga er unnið óformlega með að auka áhrif unglिंगanna. Forum er stór frístundamiðstöð þar sem yfirleitt koma hátt í 80 unglingar á kvöldin. Í svo stórum og breytilegum hóp getur reynst erfitt að halda stórfundi. Í stað þess er fundað oft og fyrirvaralaust þar sem allir eru hvattir til að koma með hugmyndir og taka þátt í að hrinda þeim í framkvæmd. Safnast er saman í eldhúsinu. Það getur hljómað einfalt, en þetta er mjög meðvituð aðferð hjá starfsfólkinu. Sveigjanleiki er mikilvægur og eins að finna aðferð sem hentar hverri frístundamiðstöð á hverjum tíma.

Í Forum hafa ungmennin m.a. sjálf tekið frumkvæði og fengið smá pening til að mála og breyta setustofunni fyrir elstu unglिंगana. Skemmtilegasta hugmynd ungmennanna, sem krafðist mikillar vinnu af þeirra hálfu og fullorðna fólksins, var hátíðin Öxnehaga Live sem haldin var s.l. vor.

„Við buðum listafólki sem tróð upp í matsalnum og við gerðum næstum allt sjálf,“ segir Said sem er 19 ára. Hann hefur verið fastagestur í Forum síðan hann var í 5. bekk. Honum finnst skemmtilegra núna þegar unglिंगarnir fá að ráða meiru í frístundamiðstöðinni. „Áður gerðum við ekki neitt. En nú gerum við fullt af hlutum.“

Við undirbúning Öxnehaga Live-hátíðarinnar höfðu unglिंगarnir sjálfir samband við listafólkið og tóku þátt í að gera kostnaðaráætlun fyrir hljóðkerfi og laun. Þau fundu styrktaraðila, teiknuðu merki og öll störf voru jafn mikilvæg, hvort sem þau fólust í að gera tímaáætlun fyrir dagskrána eða gæta fatahengisins. Það var þörf fyrir alla.

Við prófuðum að láta unglिंगana sjá um opin kvöld í Forum en það gafst ekki vel. Said segir:

„Það komu svo margir og þeir báru ekki eins mikla virðingu fyrir okkur og fullorðna fólkinu. Fólk hugsaði með sér að það væru bara vinir þeirra sem væru á vakt í kvöld og því gæti það gert eins og því sýndist.“ Því var hætt við þessa tilraun en hún verður tekin upp aftur ef einhverjir sýna áhuga á að taka að sér að vera umsjónarmenn eina kvöldstund.

Í haust er ráðgert að veita unglíngunum innsýn í fjármálin, kannski með stýrihóp sem fær þá hluta af fjárveitingunni til umráða. Þetta hefur verið rætt og unglíngarnir eru mjög áhugasamir.

Lýðræðisráðgjafinn í Jönköping hefur haldið marga fræðsludaga fyrir frístundaráðgjafa og aðra sem starfa með æskufólki, þar sem fólk ber saman reynslu sína og fær verkfæri sem nýtast því í starfi til að auka áhrif ungmenna²⁰. Lýðræðisráðgjafinn hefur sjálfur starfað sem frístundaráðgjafi. Hann þekkir því vel til aðstæðna á frístundamiðstöðvum og veit hvaða væntingar eru gerðar til starfsfólksins. Það er hægara sagt en gert að auka áhrif unglínga:

„Margir frístundaráðgjafar hugsa sem svo: Hvað á ég nú að gera, það er ekki lengur þörf fyrir mig?“, segir hún og meinar að fullorðnir geti orðið óöruggir um hlutverk sitt þegar unglíngarnir taka þátt í rekstrinum. „En hlutverk þeirra er ekki síður mikilvægt nú. Þótt það breytist. Nú felst það í að þjálfra unga fólkið og leiðbeina því.“

4.3 Finnland: Upplýsingum safnað á netinu um hvernig íbúar upplifa og nýta nánasta umhverfi sitt

Eftir *Marketta Kyttä*, fræðikonu

4.3.1 *SoftGIS*-aðferðin til að styðja þátttöku barna

Mikilvæg viðmið í góðu umhverfisskipulagi eru upplifanir íbúa á öllum aldri af umhverfi sínu og sveigjanleiki í daglegu lífi þeirra. Börn og unglíngar eru stórnotendur útisvæða og hafa því mikið til málanna að leggja um gæði umhverfisins.

Í Finnlandi hefur verið leitast við að auka hlutdeild barna í skipulagsmálum, allt frá síðasta áratug síðustu aldar²¹. Reynsla hefur fengist víða um land þar sem þróaðar hafa verið ólíkar þátttökuáðferðir og þær metnar á gagnrýninn hátt. Listinn yfir áðferðir sem prófaðar hafa verið er langur, þar á meðal framtíðarverkstæði, ljósmyndun, tölvuvædd hönnun við skipulag (CAD), skipulag með líkönunum og kort með límmiðum. Flestar áðferðir hafa

²⁰ Áðferðir í fundartækni, skipulagningu og samtölum er að finna í bókinni „Vi spilar roll“. Einnig eru áhugaverðar ábendingar fyrir fólk sem hefur áhuga á að auka áhrif ungmenna. Bókin og verkefni er hægt að hala niður á slóðinni www.jonkoping.se/frid

²¹ *Horelli, L. (1998)* Creating child-friendly environments: Case studies on children's participation in three European countries. *Childhood*, 5, 225 – 239.

Horelli, L. & Kyttä, M. & Kaaja, M. (1998) Lapset ympäristön ekoagentteina. [Children as ecoagents of their living environments]. Helsinki University of Technology, Department of Architecture, Publication 49.

dugað til að virkja börnin og henta vel í umhverfissuppeldi, en ekki hefur verið auðvelt að miðla skoðunum barnanna til þeirra sem starfa að skipulagsmálum og annarra stjórnvalda. Því er þörf á skilvirkari og notendavænni aðferðum en tíðkast hafa fram að þessu.

SoftGIS-aðferðinni hefur verið beitt til að skrá daglegar upplifanir og atferli íbúa út frá staðarupplýsingum. Þannig má koma upplifunum íbúanna til skila. Þær tengjast nærumhverfinu og skipulagslausnum sem þegar hafa verið framkvæmdar. Upplýsingar um upplifanir á afmörkuðum svæðum eru miklu verðmætari í skipulagsvinnu en svör frá íbúum sem fengin eru með hefðbundnum aðferðum²². Með því að nota softGIS-aðferðina á netinu næst til mun fleiri íbúa en ella. Aðferðin hefur verið notuð á sjö stöðum með ólíka markhópa, t.d. til að kanna hvernig íbúar meta gæði og öryggi búsvæðisins og tengsl barna og unglunga við umhverfið. Um 4000 Finnar hafa tekið þátt í softGIS-könnuninum. Aðferðin hefur einnig vakið töluverða athygli erlendis²³.



Mynd 1 SoftGIS-hugbúnaður fyrir börn og unglunga í Turku (www.softgis.fi/turku).

SoftGIS-hugbúnaðurinn „Lasten ja nuorten Turku“ (*Turku barna og unglunga*) er ætlaður grunnskólanemum í Turku. Leitast var við að gera hugbúnaðinn eins notendavænan og áhugaverðan og unnt var fyrir þennan markhóp. Hann er notaður til að safna upplýsingum, t.d. um mikilvæga staði í athöfnum og félagslífi barna og unglunga. Börnin teikna t.d. leiðina í skólann og segja frá því hvort þeim finnst hún örugg eða óörygg. Þau merkja við staði sem þeim finnst mikilvægir með því að setja blöðrur á kortið. Þá svara þau spurningum um líðan sína. Við komumst m.a. að því

²² Kahila, M. & Kytä, M. (2009) SoftGIS method as a bridge builder in collaborative urban planning. In Geertman, S. & Stillwell, J. (2009) eds. *Planning Support Systems: Best Practices and New Methods*. Springer. pp. 389 – 412

²³ Sjá: www.pehmogis.fi

hvaða staðir þeim finnast bestir fyrir félagslegt samneyti, hvar sé skemmtilegast að klifra, hvar sé gott að vera í friði og hvar sé skemmtilegast að skauta.

SoftGIS-könnunin í Turku var gerð í nánu samstarfi við menntasvið borgarinnar. Könnunin var gerð í ríflega 50 skólum þar sem nemendur úr 5. og 7. bekk vörðu einni kennslustund fyrir framan tölvu til að svara spurningunum. 1.837 börn og unglingar tóku þátt í könnuninni. Í softGIS-gögnum borgaryfirvalda í Turku eru meira en 12.000 tilvísanir á staði víðs vegar um borgina sem ungmennin gerðu og lýstu upplifunum sínum um leið.

Borgarumhverfi getur líka verið barnavænt

Meginmarkmiðið var að kanna hvernig ýmis konar borgarumhverfi getur stutt börn og unglinga, sem fara þar um á degi hverjum. Í verkefninu eru kynntar s.k. nýjar umhverfisheilsurannsóknir þar sem áhersla er lögð á heilsubótar- og forvarnargildi umhverfisins. Könnun okkar leiddi í ljós að eftir því sem hverfin voru þéttbýlli, leituðu börnin oftár á staði sem skipti þau miklu, þau gengu eða hjóluðu í skólann og þótti vænna um þá staði sem þau höfðu merkt við.

Andstætt fyrri könnunum sem gerðar hafa verið í Finnlandi²⁴ virðist þéttbýli í borg vera töluvert barnavænt, ekki síst þar sem það virkar hvetjandi á börn að hreyfa sig meira á hverjum degi og býður upp á góðar tilfinningalegar upplifanir. Börn í strjálbýli ættu að hafa meira svigrúm til að hreyfa sig, en þau virðast ekki hafa nægilegt fyrir stafni í grenndarumhverfi sínu og olli það okkur nokkrum áhyggjum. Kannski má skýra það með því að æ meiri borgarbragur felur í sér stýrðar frístundir og ákveðinn lífsstíl.

Niðurstöður softGIS-könnunarinnar nýtast í Turku

Verkefnið fól í sér náíð samstarf við ellefu stofnanir á vegum Turku-borgar. Auk skipulags- og byggingasviðs voru það m.a. heilbrigðisvið, menntasvið, félagsmálasvið og æskulýðs- og menningarsvið. Vonir voru bundnar við að verkefnið gæfi upplýsingar um hvernig börn og unglingar upplifðu og nýttu sér nærumhverfi sitt, leiðir þeirra í skólann og hreyfingu í frístundum, auk heilbrigðisþátta á ýmsum sviðum og skólum. Niðurstöður könnunarinnar hafa nýst í starfi nefnda á vegum borgarinnar við undirbúning forvarna en einnig í almennri skipulagsvinnu.

Í frístundageiranum var mikill áhugi á staðartilvísunum í nágrenni frístundamiðstöðva. Ef lítið var um tilvísanir á þessum stöðum var áhugi á að vita hvað unglingarnir hefðu þá fyrir stafni.

Niðurstöður softGIS-könnunarinnar hafa þegar nýst í ýmsum skipulagsverkefnum sem unnið er að í Turku. Þróunarverkefni í borgarkjarnanum, skipulagsverkefni tómstundaráðgjafanna, öryggisverkefni, skipulagsverkefni skólanna og endurmati á árangri deildarskipulagsins. Þá nýttust niðurstöðurnar þegar samin voru tilmæli til að stuðla að aukinni daglegri hreyfingu barna. Þar var m.a. tillaga um æskulýðsstarf í miðborg Turku sem

²⁴ *Kyttä, M. (2008) Children in outdoor contexts. Affordances and independent mobility in the assessment of environmental child friendliness. Saarbrücken, Germany: VDM Verlag Dr. Müller.*

4.4 Ísland: Unglingar undirbúa styrktartónleika í samstarfi UNICEF og ÍTR

Eftir *Bergstein Jónsson* verkefnisstjóra og *Arnfríði Sólrínu Valdimarsdóttur* verkefnisstjóra



4.4.1 Aðdragandi

UNICEF á Íslandi er ein af þrjátíu og sex landsnefndum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Þær sjá um að kynna Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, annast sölu á kortum og öðrum vörum UNICEF, sinna fræðslu og safna inn fé til styrktar starfi Barnahjálparinnar og styðja að öðru leyti hjálparstarf hennar meðal barna í heiminum. Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur (ÍTR) býður m.a upp á frístundastarf fyrir börn og unglunga á aldrinum 6–25 ára í Reykjavík (frístunda- og félagsmiðstöðvar). ÍTR leggur áherslu á barna- og ungmennalýðræði og ungmennaráð hafa um margra ára skeið starfað í hverfum borgarinnar. Reykjavíkurráð ungmenna er samráðs- og samstarfsvettvangur þeirra.

Ungmennaráðin í Reykjavík

Hugmyndin að verkefninu fæddist á fundi tveggja ráðgjafa þar sem þeir ræddu framkvæmdaáætlanir og hugmyndir að samstarfi UNICEF og ÍTR. UNICEF og ÍTR hafa tiltölulega langa reynslu af æskulýðsstarfi og ungmennalýðræði og starfa ungmennaráð á vegum þeirra beggja.

Fyrsta skrefið var að halda sameiginlegan fund beggja ungmennaráða. Nítján unglunga á aldrinum 13–18 sátu fundinn. Þar reyndust bæði ungmennaráðin hafa áhuga á verkefni þar sem ungmenni væru með í ráðum og öxluðu ábyrgð. Ungmennin höfðu áhuga á að það fjallaði um virka samfélagsþátttöku með jákvæðum boðskap. Ástæðan var m.a. sú að þeim fannst mjög neikvæð umræða um ungmenni í íslenskum fjölmiðlum og vildu breyta því.

Á þessum fyrsta fundi kom fram að bæði ungmennaráðin áformuðu að halda tónleika þá um veturinn. Eftir nokkrar umræður varð niðurstaðan að sameiginlegir tónleikar væru gott samstarfsverkefni og góð leið til að sýna íslensku þjóðinni að flestir unglunga eru jákvæðir og skynsamir einstaklingar sem geta lagt ýmislegt dýrmætt af mörkum.

Ég lærði mikið af verkefninu. Ég öðlaðist mikla reynslu í að vinna með mörgu fólki að ólíkum hugmyndum. Ég lærði líka að svo stórt verkefni krafðist mikils skipulags og þolinmæði. Ég komst að því að góður starfsandi, jákvæð nálgun á verkefnið og opið hugarfar er rosalega mikilvægt ... Ég komst líka að því að á Íslandi eru margir

ótrúlega hæfileikamiklir og skapandi ungir einstaklingar sem eru reiðubúnir til að leggja góðum málstað lið. Það var ég mjög ánægð með. (*Helena 18 ára*).

Verkefnið

Á sameiginlegum starfsdegi voru stofnaðir þrjú hópar: kynningarhópur, tónlistarhópur og skipulags- og fjármálahópur. Unglingarnir völdu sér hóp eftir áhugamálum sínum en hóparnir stóðu saman að tónleikahaldinu.

Kynningarhópurinn gerði fjölmiðlaáætlun. Ungmennin völdu tvo fulltrúa úr hvoru ráði til að koma fram í fjölmiðlum. Þeir voru þjálfaðir í fjölmiðla-samskiptum og kennt hvað orð geta haft mikil áhrif. Hópurinn hélt blaðamannafund með öllum hljómsveitunum þar sem þrjú stærstu dagblöð landsins tóku viðtöl. Á tónleikunum voru tekin viðtöl við féлага hljómsveitanna í beinni útsendingu í sjónvarpi og útvarpi. Auk þess voru tónleikarnir sendir út beint í útvarpi á besta útsendingartíma RÚV (kl. 18:30–21:30).

Tónlistarhópurinn fékk það skemmtilega verkefni að velja hljómsveitir sem þóttu henta markhópnum. Sex vinsælar hljómsveitir urðu fyrir valinu léku þær allar endurgjaldslaust.

Það krefst fjármagns og skipulagshæfileika að hrinda slíku verkefni í framkvæmd og fjármálahópurinn ræddi mikið hverjir gætu styrkt tónleikana. Á þessum tíma voru íslensk fjármálafyrirtæki mjög áhugasöm um að styrkja viðburði fyrir eða með ungmennum, þar sem merki þeirra voru mjög sýnileg. Eftir nokkra fundi og miklar umræður um fjárstyrki og hvernig þeir samræmdust boðskap tónleikanna, komust ungingarnir að þeirri niðurstöðu að best væri að halda tónleika án styrktaraðila, án sælgætis, án pizzu og gosdrykkja, aðeins með tónlist, vatni og jákvæðu hugarfari. Sú varð niðurstaðan. Þema tónleikanna var efnishyggja og neysla unglunga á Vesturlöndum í samanburði við neyðina í þróunarríkjum.

Ég lærði mikið af verkefninu. Sama hvað þú ert stór eða lítill hluti af samfélaginu – hvort þú ert valdamikil og rík eða blankur námsmaður eins og ég, þá geturðu alltaf hjálpað öðru fólki. (*Sigga 16 ára*)

Unglingarnir gerðu nítján kynningarglærur til að vekja athygli jafnaldra sinna á þema tónleikanna og voru þær sýndar á tónleikunum. Margar voru með áhrifamiklum boðskap þar sem neysla Vesturlandabúa var borin saman við þarfir íbúa í þróunarríkjunum. Dæmi: *Þurftirðu að standa í biðröð á salerninu? 40% jarðarbúa – 2,6 milljarðar – standa líka og bíða ... eigum við að gera eitthvað í því!*

Ungmennaráð UNICEF hóf samstarf við hönnuði sem gerðu boli með myndum sem táknuðu starf og hugmyndir UNICEFs. Þeir voru seldir á tónleikunum til styrktar Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

Önnur fjáröflun í anda ekki-neyslu-þemans var tóma sjoppa, sem ungmennaráð ÍTR stóð að þar sem „ekkert“ var til sölu. Ágóðinn rann til starfsemi UNICEF. Tómu sjoppunni var ætlað að vekja athygli á neyslu okkar Vesturlandabúa. Vinnuhópurinn lagði mikla áherslu á listrænt útlit hennar. Matvörur, flöskur, dósamatúr o.s.frv. voru málaðar hvítar. Hvíti liturinn táknar m.a. hreinleika, birtu, gleði, heiðarleika og gæsku. Allar

vörurnar voru hvítar og því hlutlaus varningur í sjoppunni. Tónleikagestir gátu ekki keypt sér kók og popp í sjoppunni eins og venjulega því allar hillur voru fullar af hvítmáluðum hlutum. Þess í stað gátu þeir keypt bólusetningu til að bjarga mannlífi og hvíta flösku eða hvíta dós og rann andvirðið til starfsemi UNICEF.

Það var rosalega gaman að gera „tómu sjoppuna“. Við skoðuðum blöð með inn-réttingum og sjónlist. Hvítu hlutirnir í hillunum komu mjög vel út. Við sem afgreiddum vorum öll í hvítum fötum. Mér leið illa þegar ég hugsaði til jafnaldra minna í þróunarríkjunum og hvað þau eiga lítið miðað við okkur. Flestir unglingar á Íslandi eiga alltof mikið af hlutum. Hluti sem við höfum enga þörf fyrir. Stundum kaupir maður eitthvað bara af því að vinirnir hafa keypt sér svoleiðis. Þetta er algjört rugl. (*Sigga 16 ára*)

Ungmennaráðin ákváðu að halda tónleikana í Listasafni Reykjavíkur og fengu tvo unga skemmtikrafta til að sjá um kynninguna. Kynnarnir vöktu athygli tónleikagesta á boðskap tónleikanna, en auk þess voru sýndar stuttmyndir, sem UNICEF hefur framleitt á milli atriða. Tónleikarnir voru sendir út í heild sinni beint í útvarpi á besta útsendingartíma RÚV (kl.18:30–21:30) og í sjónvarpsfréttunum var viðtal við tvo unglunga í beinni útsendingu.

Ungmennin voru almennt mjög ánægð með verkefnið og framlag sitt, þau hefðu hins vegar alveg viljað sjá fleiri tónleikagesti.

Við hefðum kannski getað auglýst tónleikana betur. Það komu ekki nógu margir gestir miðað við stærð salarins og við hefðum alveg viljað sjá fleiri andlit. Við hefðum kannski getað gert fleiri auglýsingar fyrir tónleikana og það hefði líka verið betra ef við hefðum byrjað að auglýsa fyrir. Margir fréttu fyrst af tónleikunum eftir á, en hefðu vel getað hugsað sér að koma. (*Helena 18 ára*)

Samstarf ungmennaráðanna gekk frábærlega vel. Ungmennin voru ótrúlega hæfileikarík og skapandi. Svona umfangsmikið verkefni krefst mikils skipulags og þolinmæði. Allir unglingarnir ásamt tveimur fullorðnum leiðbeinendum og samstarfsstofnunum UNICEF og ÍTR lögðu til tíma og krafta í marga mánuði til þess að tónleikarnir gætu orðið að veruleika. Með beinni útsendingu og mikilli umfjöllun í fjölmiðlum náðu unglingarnir markmiðum sínum með tónleikunum: Að sýna fram á að ungt fólk hefur oft stórar hugmyndir og getur skipulagt og hrint í framkvæmd uppbyggjandi verkefni; viðburði sem er ekki haldinn í hagnaðarskyni heldur til að miðla beinskeyttum og mikilvægum boðskap til samfélagsins.

UNICEF og ÍTR hafa hug á nýju samstarfsverkefni um nýja tónleika og eru áform um að þeir verði árlegur viðburður. En verkefni af þessu tagi er mjög tímafrekt, og krefst skipulags og fjár. Þar sem íslenskt efnahagslíf er í nokkurri lægð hefur frekari áformum um tónleika verið frestað um sinn.

Í verkefninu öðluðumst við þekkingu til þess að geta metið hvað það hefði í för með sér fyrir ungmennaráðin ef verkefnið yrði stækkað. Mikilvægt er að ungmennaráðin hafi með sér náð samráð þegar verkefnið er í mótun. Þá er nauðsynlegt að skoða öll verk sem þarf að inna af hendi, finna

hentugar aðferðir og gera sér grein fyrir hvaða lærdóm unglíngarnir geta dregið af þeim. Annað mikilvægt atriði er aðkoma notendanna, hvernig unglíngarnir koma beint að ferlinu. Okkur finnst að unglíngar eigi að koma að öllum ákvörðunum – verkefnið á að vera þeirra. Unglíngarnir vilja sjálfir sjá um samskiptin og ráða hvernig þeim er háttað. Þeir verða æ virkari meðskapendur og því verðum við, fullorðna fólkið, að vera sífellt á tánum og nýskapandi í hugsun.

4.5 Færeyjar: Félagslegri virkni í félagsmiðstöðinni á Tvøroyri

Eftir *Tórhild Højgaard*, sérfræðing í félagsmálaráðuneytinu í Færeyjum

4.5.1 Pakkhús 4

Margar félagsmiðstöðvar hafa verið opnaðar í Færeyjum á síðari árum þar sem börn og unglíngar hittast í frístundum sínum. Stærri félagsmiðstöðvarnar eru opnar alla virka daga en þær minni nokkra daga í viku. Alls staðar er ungmennunum boðið upp á fjölbreytta starfsemi.

Frístundamiðstöðin „Pakkhús 4“ hóf starfsemi sína í maí 2008. Hún er til húsa í nýuppgerðu pakkhúsi á Tvøroyri á Suðurey sem liggur syðst í færeyska eyjaklasanum. Sveitarfélögin Tvøroyri og Hvalba áttu frumkvæði að Pakkhúsi 4. Tvøroyri annast rekstur miðstöðvarinnar en Hvalba leggur til hluta af rekstrarfé.

Markmið miðstöðvarinnar er að búa til athvarf fyrir börn og unglínga þar sem þau geta hist, haft það huggulegt, gert eitthvað saman og átt góðar stundir.

Tveir starfsmenn eru í hlutastarfi í Pakkhúsi 4, forstöðumaður sem er menntaður handiðakennari og almennur starfsmaður sem er tónlistarmaður. Húsið er opið þrjú daga í viku, mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga. Húsið er opið börnum í 4.–7. bekk kl. 14–18, og unglíngum frá 8. bekk til 18 ára aldurs kl. 19–23. Stundum er opið á laugardögum.

Ungmennin þurfa ekki að vera skráðir félagar og því eru allir velkomnir þótt tvö sveitarfélög standi að rekstrinum.

15–20 börn og álíka margir unglíngar koma að jafnaði í félagsmiðstöðina á opnunartímum. Það eru bæði stúlkur og drengir, en þó eru drengirnir fjölmennari meðal unglínganna. Þeir virðast félagslyndari og líður betur í stórum hóp. Stúlkurnar eru yfirleitt saman tvær og tvær og láta sig hverfa ef þeim ofbýður hávaðinn.

Áhrif og félagsleg virkni

Í Pakkhúsi 4 er barnaráð og ungmennaráð. Kosið er í ráðin einu sinni á ári.

Ráðin eiga að tryggja áhrif og meðákvörðunarrétt barnanna. Hlutverk þeirra er að semja tillögur og taka ákvarðanir um dagskrá í miðstöðinni fyrir

utan fasta liði. Aukreitis læra börnin að taka þátt í ákvörðunum og hafa áhrif.

Stuðningur og áhrif fullorðinna hefur reynst mikilvægur til að halda ráðunum starfandi. Fullorðna fólkið þarf stöðugt að hvetja ráðin til að funda, undirbúa viðburði o.fl. Án afskipta fullorðinna myndu ráðin lognast út af. Einkum er það ungmennaráðið sem á erfitt með að taka frumkvæði og því gerist lítið þrátt fyrir stöðuga áeggjan fullorðna fólksins um að funda, skipuleggja viðburði o.þ.h.

Því er óhætt að segja að ungmennaráðið sé óstarfhæft. Unglingarnir vilja helst, eins og þeir orða það sjálfir, „fá að vera í friði“ og nýta sér fasta starfsemi miðstöðvarinnar. Auðveldara hefur reynst að fá barnaráðið til að taka frumkvæði þrátt fyrir að það kalli einnig á mikla hvatningu fullorðinna. Börnin virðast hafa meiri áhuga á nýjungum í miðstöðinni.

Húsfundur er haldinn í Pakkhúsi 4 á tveggja vikna fresti. Markmið þeirra er aðallega að upplýsa gesti miðstöðvarinnar um fyrirhugaða viðburði o.þ.h. Þar sem notendaráðin virka ekki eins og skyldi, geta allir notendur hússins, börn og unglingar, borið upp tillögur að viðburðum á húsfundunum. Fullorðna fólkið spyr hvern og einn hvaða viðburði hann geti hugsað sér. Það reynist krökkunum erfitt að gera upp hug sinn og svör þeirra eru yfirleitt á sama veg, „ég veit það ekki“. Þeir eru greinilega ekki vanir að taka ákvarðanir.

Því er reynt að fá börnin og unglingana til að stinga upp á viðburðum í miðstöðinni og við leitumst við að verða við óskum þeirra. Ef krakkarnir eru hugmyndasnauðir kemur til kasta fullorðna fólksins að stinga upp á viðburðum og ákvarðanir eru síðan teknar í samráði við notendurna. Einnig hefur sóst treglega að fá krakkana til að axla ábyrgð og undirbúa viðburði. Því kemur það aðallega í hlut hinna fullorðnu.

Öllum er skylt að taka þátt í viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar. Ungmennin virðast ekki hafa neitt á móti þeirri kröfu – stundum virðast þau hreinlega fegin því að kröfur séu gerðar til þeirra.

Fullorðna fólkið leggur sig fram um að leiðbeina unga fólkinu og kveikja áhuga þess. Þeim er kennt hvernig á að gera hlutina og reynt er að fá þau til að hjálpast að og læra hvert af öðru. Stærsta og þyngsta verkefnið er að hvetja krakkana til dáða.

Viðburðir

Á hverjum degi eru nokkrir fastir liðir í Pakkhúsi 4. Tónlist nýtur mikilla vinsælda og börnin læra að leika á ýmis hljóðfæri. Þetta hefur reynst svo vel að nú starfa tvær hljómsveitir í miðstöðinni. Þá er hægt að læra saum, leika á Playstation og tölvu, borðtennis, billjard o.fl. Ungmennin búa til ávaxta-drykki á mánudögum og samlokur á þriðjudögum. Kvöldmatur er stundum eldaður á fimmtudögum.

Félagsmiðstöðin hefur einnig staðið að hljómleikum, fyrirlesturum, þemakvöldum, snyrtikvöldum, kvikmyndakvöldum og ýmsum samkeppnum svo eitthvað sé nefnt. Miðstöðin hefur haldið tónleika, skipulagt ferðir og

keppnisleiki fyrir börnin, kennt þæfingu á ull, myndlist og smíði hnífskafta. Öll dagskrá er ókeypis nema tónleikarnir en þar er aðgangseyririnn 20 fær-
eyskar krónur.

Ráðgert er að halda námskeið í klippimyndum, leiklist og skák.

Eins og áður kom fram hefur reynst erfitt að fá börnin til að axla ábyrgð og undirbúa viðburði. En þau eru engu að síður dugleg að troða upp. S.l. sumar var Jónsmessuhátíð í félagsmiðstöðinni. Þar léku tvær hljóm-
sveitir, tveir hópar dönsuðu en aðrir elduðu mat með fullorðna fólkinu.

Árangur

Í Pakkhúsi 4 hefur tekist að skapa umhverfi þar sem unglíngunum líður vel. Þau geta sinnt sameiginlegum áhugamálum og stundað „heilbriggt“ félagslíf – í stað þess að hangsa úti á götum eins og eldri piltarnir eru helst vanir.

Það eru einkum unglíngarnir sem nýta sér ekki tilboð miðstöðvarinnar að fullu, og heldur ekki tækifæri til að hafa áhrif og taka þátt í ákvörðunum. Ástæðan getur verið sú að unglíngarnir eru því ekki vanir að fá að hafa áhrif og finnst það því framandi kostur. Vonir eru bundnar við að yngri notendur hússins, börnin, muni með tímanum líta á miðstöðina sem „þeirra“ stað og nýta betur tækifæri til áhrifa.

Góður árangur af tónlistarstarfi hefur leitt til þess að allir í Pakkhúsi 4 standa nú saman í baráttunni fyrir því að fá betra tónlistarhúsnæði fyrir ungmenni á Suðurey.

4.6 Álandseyjar: Aukin áhrif og framlag ungmenna í skerjagarðinum

Eftir *Charlotte Angergård*, verkefnisstjóra BUS



4.6.1 BUS – Skerjagarður barna og unglínga (*Barnens & Ungdomarnas Skärgård*)

Verkefnið „BUS – *Barnens och Ungdomarnas Skärgård*“ starfaði í eitt ár en rauður þráður í starfseminni var ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna og unglínga til að taka þátt og hafa áhrif, að raddir þeirra fengju að heyrast og skoðanir þeirra væru virtar. Verkefnið fór fram víðs vegar í sænska og finnska skerjagarðinum og í álensku sveitarfélögunum sex. Það hófst í ágúst 2006 og lauk í september 2007. Unglingar á aldrinum 13–19 ára tóku þátt í verkefninu. Drifjöður í verkefninu voru æskulýðs-

samtökin SKUNK á Álandseyjum og því er grein þessi skrifuð frá sjónarhóli þeirra.

Æskulýðssamtökin SKUNK

SKUNK skilgreina sig sem hagsmunasamtök ungmenna í álenska skerjagarðinum. *Hagsmuni* má túlka á tvenna vegu, annars vegar ber að gæta hagsmuna ungmenna í skerjagarðinum og hins vegar ber að skapa tækifæri fyrir frístundastarf unglinga með því að styrkja, skapa og skipuleggja ýmsa starfsemi. Samtökin vinna með ungmennum á aldrinum 7–25 ára og er grundvallarreglan að „ungir leiði unga“. Flestir í stjórn SKUNK eru unglingar á aldrinum 14–20 ára. Stjórninni til aðstoðar eru fullorðnir frístundaráðgjafar sem vinna að meðaltali 20 tíma á mánuði með samtökunum. Vorið 2006 sóttu samtökin um styrk í Interreg IIIA-áætlun Evrópusambandsins til að hrinda í framkvæmd verkefninu BUS – *Barnens och ungdomarnas skärgård*.

Lífskjör ungmenna í skerjagarðinum

Kveikjan að BUS-verkefninu voru lífskjör ungs fólks í skerjagarðinum. Nálgæðin við náttúruna skapar einstök uppvaxtarskilyrði og góð tækifæri en landfræðileg lega getur einnig verið ungu fólki fjötur um fót. Strjál samskipti og mannfæð geta t.d. staðið frístundastarfi fyrir þrifum.

Stórt milliríkjaverkefni gerir álensku æskulýðssamtökunum (SKUNK), SIKO-samtökunum í sænska skerjagarðinum og yfirvöldum Åboland í Finnlandi kleift að sýna fram á þá möguleika, sem leynast í skerjagarðinum í Eystrasalti. Um leið skapast fleiri tækifæri til að auka áhrif ungmenna, styrkja frumkvöðlastarfsemi þeirra og koma á markvissum samskiptum milli íbúa í skerjagarðinum. Eitt meginmarkmið verkefnisins var að auka samfélagslega þátttöku ungmenna og veita þeim tækifæri til að hafa áhrif á grenndarsamfélagið. Þetta var gert á ýmsan hátt, haldnir voru þrjár sameiginlegir ungmennafundir og ein hátíð, staðið að skipulagðri fræðslu fyrir nemendur og kennara í nemendaráðum og haldnir ungmennafundir á hverjum stað. Að auki var efnt til ýmissa annarra viðburða. Gerðir voru útvarpsþættir, heimildapættir og myndaleikir í tilefni þeirra viðburða sem skipulagðir voru og framkvæmdar skoðanakannanir, sem endurspegluðu hver á sinn hátt hugmyndir ungmenna um líf sitt og framtíð í skerjagarðinum.

Gefin voru út fjögur tölublöð af BUS-tímariti með greinum og frásögnum ungmennanna af starfi BUS og lífinu á þessum slóðum. Ritinu var dreift á öll álensk heimili, til fjölmiðla, félaga og ráðamanna. Tímaritinu var vel tekið og þannig tókst æskufólkinu að láta að sér kveða og auka skilning og þekkingu manna á lífskjörum sínum í skerjagarðinum.

Ungir taka þátt í ákvörðunum

Unglingar voru í meirihluta stýrihópsins en hlutverk hans var að aðstoða verkefnisstjórana við framkvæmd verkefnisins. Það var meðvituð ákvörðun

aðstandenda verkefnisins að unglingar yrðu í meirihluta stýrihópsins til að tryggja áhrif þeirra. SKUNK tilnefndi tvo fyrrverandi stjórnarmenn, 19 og 20 ára gamla, í stýrihópinn en samtökin hafa löngum lagt áherslu á hæfni og reynslu æskufólks. Báðir höfðu þeir reynslu af því að skipuleggja, taka þátt í og leiða starfsemi eins og málstofur, æskulýðsbúðir og mannaskipti. Þeir höfðu, vegna reynslu sinnar af stjórnarsetu í SKUNK, fengið mikilvæga innsýn í hvernig standa bæri að skipulögðu félagsstarfi og nýttist sú þekking vel í starfi stýrihópsins.

Til aðstoðar fulltrúum SKUNK í stýrihópnum var framkvæmdastjóri samtakanna en hann sat sem varamaður í hópnum. Þannig gafst ungmenninum kostur á aðstoð og þjálfun í starfi stýrihópsins. Sú lausn hentaði SKUNK vel. Annað sem við lærðum af því að láta ungmennin koma að ákvörðunum í BUS-verkefninu var hversu mikilvægt er að undirbúa fundi vel og velja aðferðir, sem tryggja að allir komist að og taki þátt í ákvörðunum. Í hópnum er fólk mismunandi málglatt og fyrirferðarmikið. Nýliðum getur reynst erfitt að koma skoðunum sínum á framfæri og þá er brýnt að grípa til aðferða sem veita öllum kost á því að komast að. Formaður stýrihópsins leiddi fundina og sá til þess að allir skildu þær ákvarðanir sem teknar voru og að ólík sjónarmið fengju að njóta sín.

Ungmenni sem markhópur og þátttakendur

Í BUS-verkefninu voru ungmennin í *senn* markhópur og þátttakendur. Þau tóku því ekki aðeins þátt í starfi sem fullorðnir stóðu að heldur sáu þau einnig um að undirbúa og framkvæma þá viðburði sem voru á dagskrá. Virk þátttaka ungmenna var mikilvægur þáttur í BUS-verkefninu því reynslan hefur sýnt að fullorðnir standa yfirleitt fyrir barna- og æskulýðsstarfsemi og styðjast þá við *eigin hugmyndir* um hvað unga fólk vilji eða finnst skemmtilegt. Því miðaði öll starfsemi BUS-verkefnisins að því að nýta hugmyndir, þekkingu og frumkvæði unga fólksins. Reynslan átti þó eftir að leiða í ljós að mörg ungmenni höfðu takmarkaða reynslu af því að tekið væri mark á þeim eða að skoðanir þeirra skiptu máli. Mikilvægt var fyrir verkefnisstjórnara að vita þetta því hlutverk þeirra var að hvetja ungmennin til dáða og veita þeim svigrúm og hugrekki til að finna skoðunum sínum farveg. Viðmót verkefnisstjórnara skiptir miklu máli þegar forsendur ungmennanna eru svo ólíkar.

Markmið verkefnisins var að standa að ýmsum viðburðum en félagsleg virkni ungmennanna var þó í fyrirrúmi. Verkefnið stóð í eitt ár og oft þurfti að gæta jafnvægis milli skjótra ákvarðana og lýðræðislegra ákvarðana sem unga fólk átti þátt í. Samt lögðu leiðbeinendur mikla vinnu í að hafa skilyrðin skýr, útskýra þær ákvarðanir sem teknar voru og hver bæri ábyrgð á þeim. Ferlið og leiðin að ákvörðunum skiptu miklu máli, ef öllum átti að finnast þeir vera með, geta axlað ábyrgð og vilja taka þátt í starfinu. Á BUS-árinu tókst okkur stundum vel upp en líka síður í þeim eignum.

Að skapa eigin frístundir

Á því ári sem unnið var að þessu verkefni voru haldnir þrír sameiginlegir BUS-fundir, einn á hverjum stað. Unglingarnir tóku alls staðar þátt í undirbúningi og framkvæmd fundanna en þemu þeirra voru ímynd skerjagarðsins, fjölmiðlar og frumkvæði. Fundirnir áttu að kveikja áhuga unglunga með afmörkuð áhugamál en einnig þeirra sem voru fyrst og fremst með vegna félagslífsins. Þegar þema fundarins hafði verið ákveðið ræddu unglingar og leiðbeinendur saman um efni og form fundarins sem þau stóðu að. BUS-fundirnir sýndu hvernig unglingarnir sjálfir geta skapað sínar frístundir. Þeir voru ekki allir eins virkir og fór það eftir reynslu þeirra og þekkingu. Þeir leiddu málstofur, mynduðu teymi, stóðu að kvölddagskrá og ákváðu matseðilinn. Verkefninu lauk með hátíð en unnið hafði verið að undirbúningi hennar allt frá fyrsta BUS-fundinum. Hátíðin bauð upp á tónlist, málstofur og félagslíf sem byggði á hugmyndum sem mótast höfðu á liðnu ári.

Fundirnir og hátíðin kenndi okkur að auknar líkur eru á að vel takist til ef unglingarnir taka þátt í undirbúningi og framkvæmd viðburðanna. Hlutverk verkefnisstjórnanna var að veita aðstoð frekar en matreiða tilbúna viðburði. Auk þess var mikilvægt að leiðbeina ungmennunum og treysta á forystu-hæfileika þeirra.

Félagsleg virkni og áhrif í daglegu lífi

Í álenska skerjagarðinum starfa fimm skólar með elstu árganga grunnskóla og eru þeir allir með nemendaráð. BUS-verkefnið fólst einnig í því að vinna með skólunum og styrkja starfsemi nemendaráðanna. Það var m.a. gert með fræðslu fyrir nemendaráðin á staðnum og fundum með nemendaráði og kennurum, sem voru leiðbeinendur þeirra. Leiðbeinendur reyndust oft einmana í sínu starfi og því þótti þeim mikilvægast að bera saman bækur sínar og miðla reynslu af því hvernig best mætti standa að því að leiðbeina og styðja nemendaráðin. Fulltrúar ráðanna höfðu einnig þörf á að hittast, fræðast um hlutverk nemendaráða og réttindi nemenda og miðla reynslu sinni. Verkefnisstjórnarnir voru í samskiptum við skólana og nemendaráð þeirra og þannig skapaði BUS-verkefnið góð tengsl við kennara sem og unglunga. Verkefnið var ekki framandi í augum nemenda því þeir þekktu verkefnisstjórnann. Það veitti þeim öryggi og varð til þess að fleiri en ella tóku þátt í starfinu utan veggja skólans.

Áform voru um að kanna möguleika á að breyta nemendaráðum í ungmennaráð í tiltölulega fámennum sveitarfélögum í álenska skerjagarðinum. Því miður gafst ekki tími til þessa en hugmyndin er enn athugunar virði í fámennum samfélögum. Þannig mætti efla stöðu nemendaráða og skapa mætti vettvang í nærsamfélaginu þar sem sjónarmið æskufólksins fengju notið sín.

Reynsla af verkefninu

Tíminn flaug hratt í þessu verkefni sem reyndist afar lærdómsríkt. Við lærðum að grípa má til ýmissa aðgerða og miðla þekkingu til að skapa for-

sendur fyrir virka samfélagsþátttöku barna og unglunga. Áður var minnst á hvernig við nálguðumst verkefnið en það er einnig afar mikilvægt að treysta á hæfni unga fólksins og líta á það sem auðlind. BUS-verkefnið miðaðist við getu og óskir unglunganna sem skiptir sköpum ef tryggja á virka þátttöku þeirra.

Þegar unnið er að því að auka áhrif ungmenna ber að hafa í huga að þau eru ekki einsleitur hópur. Þátttakendur í BUS-verkefninu komu frá þremur ólíkum samfélögum í skerjagörðunum þremur, með ólíka reynslu og bakgrunn. Í hagnýtu starfi var mikilvægt að velja aðferðir sem gerðu öllum kleift að taka þátt í starfinu og hafa áhrif.

Mikilvægur ávinningur er að ungmenni í skerjagarðinum (eða strjálbýli) fengu tækifæri til að hitta jafnaldra sína, eins og fulltrúi SKUNK benti á þegar við ræddumst við í tengslum við þessi greinaskrif. Ungmenni í fámennum samfélögum hafa greinilega þörf á því að kynna ólíkum skoð-unum, þjálfa félagslega færni sína, bregða sér í ný hlutverk í grenndarsamfélaginu, kynna nýju fólki, prófa nýja frístundaiðju og fá nýjar hugmyndir um starfið heima fyrir.



4.7 Ísland: Börn taka þátt í að skipuleggja skólahúsnæði í Garðabæ

Eftir *Önnu Magneu Hreinsdóttur* leikskólastjóra

Verkefnið átti þátt í að beina athygli stjórnámanna og skipulagsyfirvalda að aðstæðum ungra barna. Brýnt er að leita leiða til að gera líf barna sýnilegra í stefnumótun í skipulagsmálum. Í slíkri könnun er ástæða til að leita nýrra leiða til að kynna sér viðhorf og reynslu ungra barna og hlusta á það sem þau hafa til málanna að leggja.

Þegar ákveðið var að byggja nýjan skóla í Garðabæ var stuðst við aðferð sem kennd hefur verið við „the design down process“. Námsumhverfið er þá skilgreint í hönnunarhópi, skipuðum nokkrum leikskóla- og grunnskóla-kennurum, foreldrum og öðrum sem áhuga höfðu úr grenndarsamfélaginu. Hópurinn fundaði nokkrum sinnum veturinn 2008–2009. Þar var rætt um almennt skólastarf og sérstaka þætti þess. Hvaða möguleikar eru í nágrenni skólans, t.d. í náttúrunni? Hvernig og hvað eiga nemendur að læra í skólanum? Hvernig hópar munu starfa í skólanum? Á að vera bókasafn, leikfimisalur og sundlaug í skólanum? Á skólinn að vera opin öllum í nærsamfélaginu eða eingöngu nemendum skólans?


Hönnunarferlið fólst m.a. í því að hlusta eftir viðhorfum barnanna og miðla þeim áfram. Tveir kennarar tóku viðtöl við níu börn úr þremur leikskólum og 42 nemendur (á aldrinum 6–15 ára) úr fimm grunnskólum til að kynna viðhorfum þeirra. Viðtölin voru tekin í hópum í hverjum skóla með 3–5 börn í einu. Kennararnir töldu betra að ræða við börnin þar sem þau voru á heimavelli innan um jafnaldra sína, fremur en að láta þau taka beinan þátt í hönnunarhópnum með fullorðnum. Þannig var leitast við að skapa valdajafnvægi í samtölum fullorðinna við börnin.

Nemendur fengu eftirfarandi spurningar:

- Hvaða hugmyndir hafið þið um nýjan skóla í Garðabæ?
- Hvað ber að hafa í huga við hönnun og byggingu skólans?

Viðtölin voru tekin upp og minnstu börnin teiknuðu myndir á meðan þau töluðu. Eldri börnin tóku ljósmyndir af því sem þeim fannst mikilvægast í umhverfi skólans. Nemendur sýndu þannig skólann um leið og þeir töluðu við kennarana sem tóku viðtölin. Þegar unnið hafði verið úr viðtölunum voru hugmyndir nemenda kynntar á fundi í hönnunarhópnum. Það var mat manna að skoðanir nemenda væru mikilvægar og dýpkuðu skilning á þörfum þeirra.

Börnin sáu ýmsa kosti við að hafa leikskóla og grunnskóla undir sama þaki. Þá þyrftu foreldrar ekki að fylgja börnum sínum á marga ólíka staði. Þau höfðu þó áhyggjur af því að skólinn gæti orðið of stór. Börnin vildu „nýjan skóla með mörgum börnum, en ekki of stóran“. „Táningarnir í skólanum verða að læra að hegða sér almennilega og mega ekki stríða litlu krökkunum.“ „Ef börnin í skólanum eru frá eins árs til 16 ára ættu þau ekki



að vera saman í frímínútum,“ sagði strákur, sem lagði til að leikskólabörnin léku sér annars staðar en eldri börnin. Þeim fannst mikilvægt að vernda yngri börnin gegn þeim eldri.

Ef skólinn yrði stór fannst börnunum mikilvægt að allir nemendur fengju hirslu undir fötin sín og að hægt væri að ganga inn í skólann úr mörgum áttum. „Það ætti að vera fatahengi fyrir öll börn og margar útidyr,“ sagði stelpa. Börnin óskuðu sér stórar

kennslustofur með sérherbergjum til að byggja úr kubbum, fyrir myndlist, handavinnu og tónlist. „Það ætti að vera stór matsalur með borðum og stólum og börnin eiga sjálf að fá að setja matinn sinn á diskana,“ sagði ein stelpa. Börnunum finnst einnig skipta máli að þau fái sjálf að ráða því hvað þau fá sér mikið að borða.

Bókasafnið er sá staður í skólanum þar sem börnunum líður best og því lögðu þau mikla áherslu á að hafa bókasafn í nýja skólanum. Bókasafn á að vera „rólegi staðurinn“ í skólanum og „vingjarnlegi staðurinn“ og „þar ætti

að vera setustofa með sófa þar sem hægt er að liggja og slökkva ljósið,“ sagði strákur. „Það á að vera góð lykt inni á klósettunum og veggirnir eiga



að ná alveg upp í loft og niður í gólf,“ sagði táningsstúlka og bætti við að það ættu að vera fullt af speglum í nýja skólanum.

Börnin vildu hafa leikfimi-sal með sundlaug, og vinalega móttöku og góðar sturtur í nýja skólanum. Á skólaleikvellingum ættu að vera bátar og bál og stórir fótboltavellir. Börnin voru öll á einu máli um að

mikilvægast væri að góður andi væri í nýja skólanum og vingjarnlegt andrúmsloft.

Skoðanir og viðhorf barnanna í verkefninu veittu stjórnámálönnum og bæjarskipuleggjendum mikilvæga innsýn í þarfir og reynslu nemenda í Garðabæ. Sú innsýn nýttist arkitektunum þegar þeir teiknuðu nýjan skóla fyrir sveitarfélagið. Teikningar af skólanum sýna að hugmyndir barnanna hafa verið nýttar. T.d. eru leikrými við hliðina á öllum kennslustofum og salernin hönnuð í samræmi við óskir nemenda. Einnig er ráðgert að yngri börnin fái sérrými í skólanum. Margar útidýr eru á teikningunum og eins er gert ráð fyrir að hvert barn fái sinn skáp í skólanum.

Þegar leitað er áhlits barna við skipulag á skóla þarf tilgangurinn að vera skýr og greinilegur og markmiðið verður að vera að niðurstöðunum verði fylgt eftir. Það getur haft neikvæð áhrif ef börn er innt áhlits án þess að tekið sé tillit til þess í framkvæmdinni. Nemendur í leikskólum og grunnskólum Garðabæjar reyndust hafa ákveðnar hugmyndir um hönnun nýja skólans sem ber að virða og taka tillit til. Kennarar og arkitektar verða að gefa sér tíma til að hlusta á nemendur til að skilja þá betur.

4.8 Umræður: Menning, tómstundir og grenndarsamfélag

Norska MIABE²⁵-verkefnið er gott dæmi um að yngri börn eru einnig höfð með í ráðum við skipulag grenndarsamfélagsins. Félagslegri virkni barnanna voru settar ákveðnar skorður, þau fengu hvatningu frá borgarfulltrúum og verkefnið vakti mikla athygli. Því væntu börnin þess að framlag þeirra skipti máli. Stig virkninnar fer eftir því hvernig hugmyndunum er tekið og hvort hún hefur sýnileg áhrif. SoftGIS-aðferðin gerir einnig börnum og unglingum kleift að taka þátt í að skipuleggja nærumhverfi sitt. Í líkaninu er stuðst við netið, þannig næst til fleiri og framlagið verður skilvirkara en ella. Mikil vinna hefur verið lögð í að hanna líkanið og er það notað mikið og víðar en í

²⁵ Model for Increased Awareness of the Built Environment

Finnlandi. Þannig skapast góðar forsendur fyrir raunverulega þátttöku en einnig hér fara gæði hennar eftir því hvernig niðurstöðunum er fylgt eftir. Lítið er vitað um hvernig sveitarfélögin hafa fylgt þeim eftir. Báðar leiðir eru farnar til að leita álits barna og unglinga, þau hafa ekki ákvörðunarvald en í sjálfu sér rýrir það ekki framlag þeirra.

Frásögnin frá Íslandi um samstarf við undirbúning á styrktartónleikum greinir frá verkefni sem var félagslegt og lærdómsríkt. Markmiðið var ekki að breyta neinu heldur að virkja unglinga í félagsstarf til að auka færni þeirra. Ungmennin unnu verkefni sem þeim fannst vera þeirra og sem þau áttu þátt í að skapa. Slíkt er bæði hvetjandi og áhugavekjandi.

Á frístundamiðstöðunum í Jönköping og Pakkhúsi 4 á Tvøroyri er leitast við að virkja ungmennin til að móta frístundastarfið, með mjög ólíkum árangri. Rekstur frístundamiðstöðvarinnar í Jönköping er að miklu leyti í höndum unglinganna, þau axla töluverða ábyrgð og taka þátt í starfinu á öllum sviðum. Hlutverk fullorðinna er einnig skýrt. Í Pakkhúsi 4 á Tvøroyri hefur starfsfólki ekki tekist að virkja ungmennin. Fullorðna starfsfólkið í Pakkhúsi 4 virðist gegna mjög hefðbundnu hlutverki – og því virðist erfitt að vekja áhuga unga fólksins á að taka virkan þátt í skipulagi og rekstri staðarins. Með því að ákveða að taka ekki þátt í starfinu eru ungmennin líka að gefa ákveðin skilaboð. Bæði dæmin sýna hve mikilvægt er að skapa rétt skilyrði fyrir félagslega virkni ungmenna. Áhugi og félagsleg virkni þeirra ræðst einnig af því hvernig málin eru sett fram.

Framlag nemenda við hönnun á skólabyggingu í Garðabæ felst í að veita álit sitt. Markmiðið er að kynna sér óskir barnanna varðandi hönnun nýja skólans. Eigi börnunum að finnast framlag þeirra marktækt, er mikilvægt að húsnaðið beri merki um óskir þeirra þegar það er tilbúið. Í BUS-verkefninu í skerjagarðinum er þátttaka ungmennanna af ýmsum toga. Ungmennin og fullorðnir eru saman í stýrihópi sem tekur ákvarðanir og ber ábyrgð á þeim. Ungu fólkið tekur einnig virkan þátt í skipulagi og framkvæmd viðburða á stöðunum. Slík tilhögun hvetur til myndunar tengsla og að gripið sé til beinna aðgerða.

5. Stjórnmalapátttaka

Þrátt fyrir að aukin athygli beinist að félagslegri virkni barna og unglunga, hefur félögum fækkað í hefðbundnum æskulýðssamtökum og ungmennafélögum stjórnmalaflokkanna. Það gildir hvort heldur er um flokksstarf eða svæðisbundið samfélagsstarf að ræða²⁶. Rannsóknir hafa sýnt fram á að æskufólk lætur ýmis málefni til sín taka, t.d. umhverfismál, misnotkun vímuefna, afbrot og kynþáttafordóma, en er á varðbergi gagnvart stjórnmalaflokkum og stjórnmalamönnum²⁷. Pólítísk þátttaka sem felst í beinum aðgerðum hefur því aukist²⁸. Skýra má fækkun félaga í hefðbundnum stjórnmalasamtökum með því að þau sinni ekki þeim málefnum sem brenna á ungu fólki²⁹.

Stjórnvöld á Norðurlöndum vilja hafa börn og unglunga með í ráðum þegar pólítískar ákvarðanir eru teknar. Því hafa sveitarfélög verið hvött til að undirbúa jarðveginn fyrir ungmennaráð og skapa annan vettvang þar sem ungt fólk getur látið að sér kveða, m.a. í samræðum við ráðamenn, og haft þannig áhrif á stefnu stjórnvalda.

Greinarnar sjö í þessum kafla fjalla um pólítísk áhrif. Í þremur þeirra er greint frá kerfisbundinni þátttöku og áhrifum ungs fólks. Tvær greinar segja frá afskiptum finnskra ungmenna af sveitar- og landsmálum en frá Svíþjóð er greint frá því hvernig tekið er mið af óskum æskufólks á sveitarstjórnarstiginu. Þá fjalla tvær greinar, frá Danmörku og Noregi, um ungmennaráð. En kaflinn hefst á tveimur greinum um stjórnmalapátttöku ungs fólks sem kemst til áhrifa með beinum aðgerðum. Í fyrri greininni segir frá samískum unglungum í Svíþjóð sem efndu til mótmæla til að vekja athygli á málstað sínum. Þar á eftir er greint frá samræðum grænleuskra barna og ungmenna við fulltrúa stjórnvalda á ráðstefnu um lífsgæði.

5.1 Svíþjóð: Beinar aðgerðir í óháðum stjórnmalasamtökum (Sáminuorra)

Eftir *Lars Miguel Utsi*, fulltrúa í stjórn Sáminuorra

5.1.1 Aðgerðir samískra ungmenna

Sáminuorra eru samtök fyrir öll samísk ungmenni í Svíþjóð. Samtökin hafa starfað í nær hálfu öld og taka um 400 samískir unglingar virkan þátt í starfinu á ári hverju. Meðalaldur félaga er tæplega 18 ár. Samtökin hafa sterk

²⁶ BLD 2009: 102

²⁷ Ødegård 2001

²⁸ BLD 2009: 110 (vísar til Ødegård og Berglund 2008)

²⁹ Ødegård 2009

ítök í samfélagi Sama enda hafa þau lengi verið virk og áhugi félagsmanna mikill. Til marks um það sóttu 80 fulltrúar síðasta ársfund samtakanna eða um fimmtungur skráðra félaga.

Velgengi Sáminuorra er ekki síst því að þakka að þau eru farvegur fyrir sjónarmið félagsmanna út í samískt samfélag og vekja almennar umræður. Félagsmönnum finnst þeir því eiga beina hlutdeild í samfélaginu og hafa áhrif en sú er ekki alltaf raunin meðal æskufólks.

Því er mikilvægt að skipulagið sé flatt. Ekki má vera of mikil fjarlægð milli félagsmanna og stjórnar. Samtökin þurfa að vera vettvangur opinna skoðanaskipta þannig að félagsmönnum finnist framlag þeirra ekki aðeins vera í orði heldur einnig á borði. Sáminuorra nýtir ýmsar leiðir til að tryggja þetta.

Það kann að hljóma klisjukennt en afar mikilvægt er að veita félagsmönnum frelsi með ábyrgð. Að þeir hafi svigrúm til að setja fram skoðanir sínar á eigin forsendum en gera sér um leið fulla grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Fyrst ber að nefna hagnýt atriði. Það má virðast léttvægt í heildarmyndinni en engu að síður er það reynsla Sáminuorra að grundvallarforsendur til að virkja krafta félagsmanna felast í hagnýtu fyrirkomulagi.

Á ársfundum Sáminuorra hafa t.d. stundum skapast vandamál varðandi mætingu. Félagsmenn hafa mætt á ársfundinn, en hvorki tekið þátt í starfinu né fundum eins og ætlast var til af þeim. Í einstaka tilvikum mættu unglingar með áfengi í fórum sínum, en það er engan veginn liðið í Sáminuorra. Á síðari árum hefur þó tekist að draga verulega úr þessum vanda og má þakka það eftirfarandi aðgerðum: Fyrir hvern ársfund minnum við félagsmenn á reglur samtakanna og útskýrum hvers vegna þær voru settar. Sú fræðsla er skýr hvað varðar eitt atriði: Litið er svo á að hegðun félagsmanna hafi áhrif á fjárhagslega og pólitíska stöðu samtakanna. Áfengisneysla á ársfundum getur orðið til þess að styrkir til samtakanna verði afturkallaðir, og slæleg mæting getur rýrt pólitískan trúverðugleika þeirra. Skýrar reglur eru kynntar og útskýrt af hverju þær voru settar. Félagsmenn eru þannig áþreifanlega minntir á áhrif sín og ábyrgð á samtökunum.

Félagar tengjast einnig samtökunum í gegnum pólitískt starf. Málefni, sem almennir félagsmenn taka upp, rata inn á borð stjórnar Sáminuorra og geta jafnvel orðið baráttumál samtakanna úti í samfélaginu. Málefni Sáminuorra vekja oft athygli fjölmiðla, jafnt samískra og annarra. Umræðuefni óbreyttra félaga við hringborðið hjá Sáminuorra hafa þannig ratað í fréttir og umræðuþætti í fjölmiðlum. Mikilvægt er að starfshættir samtakanna stuðli að því að virkja alla félagsmenn.

Samtökin hafa m.a. stuðst við aðferð sem kennd er við dönsku „Kaos-piloterne“ (*glundroðaflugstjórana*) sem hefur reynst mjög hentug. Hún felst í því að fyrst eru valin t.d. fimm umræðuefni. Þau gætu t.d. verið „Framtíð okkar“ eða „Hvar eiga samtökin að láta að sér kveða?“ Þátttakendum er skipt í fimm hópa og setjast niður við sitt borð. Eitt málefni er krufið til mergjar við hvert borð og öll eru þau þakin bréfsfni. Borðstjórar stýra umræðum. Þátttakendur skiptast á að skrifa það sem þeim dettur fyrst í hug um

umræðuefni borðsins. „Framtíð okkar“ kveikir kannski hugsanatengsl á við „engin losun“, „margir vinir“ og „hlýnun loftslags“. Þegar allir eru búnir að skrifa niður hugmyndir sínar skipta hóparnir um borð. Þegar sest er að nýju borði greinir borðstjóri frá umræðuefni borðsins og því sem þegar hefur verið skrifað. Að því loknu hefst hópurinn handa við að skrifa hugrenningatengsl sín niður. Þannig er haldið áfram koll af kalli þar til allir hafa setið við öll borð og skrifað niður hugmyndir sínar varðandi umræðuefnin fimm.

Þá hefst atkvæðagreiðsla. Hver þátttakandi fær tvö atkvæði á hverju borði. Atkvæði eru greidd um þær tillögur sem fyrir liggja á borðunum. Félagsmenn ganga á milli borða og greiða uppáhaldstillögum sínum atkvæði. Að atkvæðagreiðslu lokinni er allt tilbúið. Borðstjórnir telja saman greidd atkvæði og að lokum fá allir lista með umræðuefnunum fimm og álitni allra þátttakenda á þeim.

Aðferðin er mjög hentug til að virkja eins marga og kostur er. Allir eru hvattir til að koma með tillögur og hugmyndir um öll umræðuefni og að lokum greiða allir atkvæði með þeim tillögum sem þeim leist best á. Aðferðin er einnig frábær til að kveikja nýjar hugmyndir og kalla fram hugrenningar félagsmanna til að nýta í umræðum og dýpri umfjöllun um mál-efnin.

Reynslan hefur sýnt að stýra þarf þessu ferli til að koma í veg fyrir að lokaniðurstöðurnar verði óraunsæjar eða óframkvæmanlegar. Aðferðin hentar ekki öllum málefnum og félagsmenn hafa lært að hugsa sig vel um áður en umræðuefni eru valin og orð sett á þau. Ef rætt er um „Framtíð okkar“ geta svör eins og „heimsfriður“ og „engin fátækt“ fengið mörg atkvæði – göfug markmið í sjálfu sér en vart framkvæmanleg fyrir samísk æskulýðssamtök í Svíþjóð. Raunsærra væri að segja „Framtíð samískis æskufólks – hvað hefur áunnist eftir 20 ár?“ því það vekur umræður sem nýtast samtökunum. Þá er brýnt að borðstjórar þekki vel sitt hlutverk og umræðuefnið.

Ef aðferðinni er beitt rétt geta skapast kraftmiklar og beinar samræður milli stjórnar og almennra félagsmanna og verða þeir virkari og áhugasamari fyrir vikið.

Skýrt dæmi um þátttöku unga fólksins í starfi Sáminuorra var verkefnið *Gákti Miellačájáhus – mótmæli gegn misnotkun á menningu Sama* á haustdögum 2008.

Verkefnið átti að vekja athygli á þeirri misnotkun, sem á sér stað á menningu Sama. Hennar gætir sérstaklega í finnskri ferðaþjónustu, en einnig í Noregi, Svíþjóð og Rússlandi. Misnotkunin felst í því að aðrir en Samar þéna á eftirlíkingum af samískri menningu, t.d. fjöldaframleiddum samískum húfum og handverki, án þess að það gagnist samfélagi Sama á nokkurn hátt. Þessir óprúttu aðilar hagnast á stuldinum en skaða samískt samfélag með fölsunum, sem mörgum Sömum finnst niðrandi.

Misnotkun á samískri menningu hefur oft verið rædd meðal félaga í Sáminuorra. Félagsmenn notuðu fyrrnefnda aðferð „Kaospiloterne“ til að fjalla um málefnið og niðurstaðan varð sú að grípa skyldi til mótmæla. Tækifæri gafst þegar systursamtök okkar í Finnlandi, *Suoma Sámi Nuorat*

(SSN), stungu upp á sameiginlegum mótmælum þegar stóra Samaráðstefnan færi fram í Rovaniemi í nóvember 2008. Þetta þótti tilvalið tækifæri því von var á fleiri hundruð Sömum á alþjóðlega ráðstefnu þar sem átti einmitt að ræða samískan menningararf. Allt mælti með þessu verkefni því mikill áhugi var meðal félagsmanna og þarna yrðu saman komnir ýmsir sérfræðingar og áhugamenn um samíska menningu.

Upphaflegt markmið okkar var að 50 manns tækju þátt í mótmælunum og að fjölmiðlar í Rovaniemi fjölluðu um málið. Mikil vinna var lögð í undirbúning og átti það sinn þátt í því hve vel tókst til. Rúmlega 300 manns tóku þátt í mótmælunum, þ.á.m. ýmsir samískir þingmenn og sérfræðingar í höfundarrétti. Athygli fjölmiðla fór fram úr öllum væntingum. Það voru ekki bara samískir fjölmiðlar, sem fölluðu um mótmælin, heldur öll stærri dagblöð og sjónvarpsstöðvar í Finnlandi og stærstu fjölmiðlar Noregs. Mótmælin náðu tilgangi sínum því nú beindist athygli að vandanum og víða í finnskri ferðaþjónustu var hætt að selja fjöldaframleiddar eftirlíkingar af samískum fatnaði. Fréttir fjölmiðla af mótmælunum gerðu fólk meðvitað um hvernig farið var með menningararf Sama.

Verkefnið tókst vel, en mestu máli skipti að unga fólkið og samtökin, sem stóðu að mótmælunum, uppgötvuðu áhrifamátt sinn. Umræðuefni óbreyttra félagsmanna rötuðu á forsíður stærstu dagblaða landsins. Fjölmiðlar létu þess alltaf getið að ungt fólk hefði staðið fyrir mótmælunum, og talsmenn Sama fóru lofsamlegum orðum um framlag þess. Með verkefninu tókst unglíngunum að fylgja eftir hugmynd, sem varð til í umræðum þeirra, þar til hún rataði á forsíður dagblaða og inn á borð stjórnámálanna. Það hafði líka mikla þýðingu fyrir Sáminuorra að geta sýnt félagsmönnum fram á að skoðanir þeirra fengju svo góðan hljómgrunn.

Velgengni æskulýðssamtaka felst í því að virða félagsmenn, treysta þeim til að taka ákvarðanir og fela þeim ábyrgð. Til þess þarf flatt skipulag og beinar samræður milli stjórnar og félagsmanna. Þannig skapast farvegur fyrir sjónarmið félagsmanna, enda þótt þeir séu „aðeins“ börn eða unglíngar.

5.2 Grænland: Tvö dæmi um hvernig hægt er að fræðast um hvernig börn upplifa líf sitt

Eftir *Sabitha Jørgensen*, sérfræðing í grænlenska félagsmálaráðuneytinu

5.2.1 Samræður við börn

Grænlandingar undirrituðu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í mars 1992. Með því vildu stjórnvöld bæta og efla lífskjör barnafjölskyldna, barna og unglínga.

Á 10. áratug síðustu aldar urðu breytingar á þeim aðgerðum, sem fylgdu í kjölfar undirritunar Barnasáttmálans. Í byrjun voru það fullorðnir,

sem skipulögðu þær út frá hugmyndum sínum um góða æsku, en smám saman kom æskufólkið sjálft meira að starfinu.

Þetta kom greinilega í ljós á ráðstefnu um úrræðagóðar fjölskyldur, sem fram fór í Sisimiut í júní 2008 og í póstkortasamkeppni samtakanna Meeqqat Inuunerissut (Betra barnalíf), sem haldin var um svipað leyti.

Póstkortasamkeppni – hvað er gott barnalíf?

Meeqqat Inuunerissut-samtökin sendu veggspjöld til allra grunnskólanema í 6. bekk með spurningunni: Hvað er gott barnalíf?

Öll börn voru hvött til að taka þátt í keppninni og senda inn hugmyndir um hvernig fullorðnir gætu tryggt börnum gott líf og uppvöxt. Þá voru birtar auglýsingar í sjónvarpi til að minna börn, kennara og foreldra á keppnina.

Alls sendu þrjátíu og sjö 6. bekkir teikningar, ljóð, sögur og myndasögur. Mörg börn lýstu slæmu barnalífi og báru það saman við gott barnalíf.

Samtökin settu niður umræðuhóp sem í voru m.a. sálfræðingur og félagsráðgjafi. Hópurinn fór yfir tillögurnar og flokkaði þær. Að lokum voru átta myndir og tilvitnanir prentaðar á póstkort með tilvísun í ákvæði Barnasáttmálans.

Ráðstefnan í Sisimiut

Á árinu 2008 ákváðu stjórnvöld að beina sjónum að réttindum barna og efndu til þriggja daga ráðstefnu í Sisimiut. Þangað var boðið börnum og unglingum, stjórnáráðmönnum, fulltrúum hagsmunasamtaka og borgarasamfélagsins og embættismönnum. Ráðstefnan átti að vera vettvangur þar sem börn og unglingar gátu látið skoðanir sínar í ljós og tekið þátt í umræðum um góða æsku. Ráðstefnan var tvískipt fyrstu tvo dagana en henni lauk á þriðja degi með sameiginlegum fundi allra þátttakenda. Allir aldurs hópar tóku þó þátt í menningardagskrá og félagslegu samneyti á ráðstefnunni.

Auk þess voru börnin og unglingarnir frædd um réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum. Þá var farið yfir reglugerðir landstjórnarinnar, sem sneru að aðstæðum barna og unglunga.

Samband grænlenkra barna- og æskulýðssamtaka, Sorlak, valdi þátttakendur til að taka þátt í barnadagskrá ráðstefnunnar. Alls komu 25 börn og unglingar á aldrinum 13–18 ára frá frístundamiðstöðvum víðs vegar af landinu. Þau höfðu tekið virkan þátt í æskulýðsstarfi, látið að sér kveða á frístundamiðstöðvunum og sýnt áhuga á málefnum, sem tengdust Barnasáttmálanum.

Þrjár fundarstjórar voru fengnir til að stjórna barnaráðstefnunni. Þeir höfðu margra ára reynslu af samskiptum og upplýsingamiðlun til barna og unglunga í útvarpi og voru því þekktar fyrirmyndir.

Fyrst var haldið erindi um tækifæri og áskoranir í lífi barna og unglunga nútímans. Að því loknu unnu börnin með fundarstjórum þar sem stuðst var við aðferð sem kölluð er „Appreciative Inquiry“ (AI – hrósandi samtal) en þar er lögð áhersla á:

- Uppgötvun
- Drauma
- Hönnun
- Framkvæmd

Aðferðin byggir á styrk og reynslu einstaklingsins. Að allir búi yfir færni, getu og reynslu af atburðum eða atvikum, þar sem þeim hefur tekist vel upp. Að allir eigi sér draum um framtíðina. Aðferðin byggist á því að setja orð á drauma og gjörðir, og sjá fyrir sér hvernig láta megi drauma rætast. Með því að tala, mála og lýsa sársaukafullri reynslu í myndum, dansi og tónlist gátu börnin og unglingarnir sett orð á óskir sínar um framtíðina. Niðurstöðurnar nýttust á þriðja degi ráðstefnunnar þegar allir ráðstefnugestir sátu saman. Ungu fólkið réð dagskránni í málstofum og kynnti þar fullorðnum hugmyndir sínar um góða æsku. Fjöldmörg mál bar á góma, þ.á.m.:

- Leiðindi geta leitt til skemmdarverka
- Góð vinátta
- Foreldrar eiga að setja börnin sín í forgang og tryggja þeim betri uppvöxt
- Ekki á að fara hranalega að börnum
- Börn eiga rétt á því að leika sér
- Ábyrgð og verkefni sveitarfélaga og landstjórnar í málum barna og unglunga

Í lok ráðstefnunnar afhenti ungu fólkið þáverandi landstjórnarformanni tilögur sínar og fékk að launum minniskubb með Barnasáttmálanum. Ráðgert var að ungmennin yrðu sendiherrar Barnasáttmálans í sinni heimabyggð og breiddu þannig út þekkingu um hann.

Hvað uppskar ungu fólkið – hvað höfum við lært og hvernig nýtist sú þekking?

Ráðstefnan og póstkortasamkeppnin byggðu á 12. og 13. grein Barnasáttmálans um samfélagslega þátttöku barna. Leitast var við að:

- Veita þeim tækifæri til að tjá sig á ýmsan hátt
- Veita þeim tækifæri til að skilgreina eigin aðstæður og hvernig ýmsar ákvarðanir og aðgerðir hafa áhrif á lífskjör þeirra
- Auka sjálfbærni með því að miða aðgerðir við óskir og drauma barna og unglunga
- Ýta undir breytingar í barninu sjálfu og umhverfi þess með því að virkja það félagslega.

Úttekt á ráðstefnunni leiddi í ljós að börnunum eflist sjálfstraust þegar hlustað var á þau og þau höfð með í umræðum um aðstæður, sem snerta líf þeirra. Þetta gerðist í kjölfar þess að meiri athygli og áhugi beindist að

félagsstarfi barna og unglunga. Á ráðstefnunni í Sisimiut stækkaði sjón- deildarhringur ungmennanna þegar þau uppgötvaðu að jafnaldrar þeirra annars staðar í landinu bjuggu við svipaðar aðstæður. Palli var ekki lengur einn í heiminum og vináttubönd voru hnýtt á milli bæja og byggðarlaga.

Nýfengin þekking nýttist við gerð hvítbókar um aðgerðir til að bæta lífs- kjör barna og unglunga, en í henni eru hugmyndir að margvíslegum að- gerðum. Landsstjórnin stóð að gerð bókarinnar og því kom ungt fólk ekki beint að verkinu, heldur ýmis hagsmunasamtök, þeirra á meðal Sorlak. Hugmyndinni um sendiherra Barnasáttmálans hefur ekki verið fylgt eftir og því ekki vitað hvort hún hafi gefið góða raun. Eftir á að hyggja hefði mátt leggja meiri áherslu á þá hugmynd frá upphafi til þess að ná betur til allra barna í byggðum landsins. Þá hefði mátt semja við félagsmiðstöðvar um að ráðstefnugestir héldu kynningu á Barnasáttmálanum og segðu jafnöldrum sínum frá því sem fram fór í Sisimiut.

Póstkortasamkeppnin og prentun kortanna voru börnunum áþreifanleg sönnun þess að hugmyndir þeirra um gott barnalíf rötuðu út í samfélagið. Þá hyggjast Meeqqat Inuunerissut-samtökin nýta framlög barnanna í nýju hugmyndahefti, sem á að breyta viðhorfum fólks á árunum 2010 og 2011. Orð og myndir barnanna eiga að vekja athygli á kjörum barna, réttindum þeirra og þörfum. Sýnileg athygli sannfærir unga fólkið um að tekið sé mark á því og með því eykst sjálfsvirðingin.

Þegar á heildina er lítið er óhætt að segja að verkefnin tvö hafi vakið athygli á rétti barna og unglunga til að taka þátt í að skilgreina lífsgæði. Félagasamtök, embættismenn og stjórnmalámennt fengu tækifæri til að ræða milliliðalaust við börnin um hvernig bæta megi kjör þeirra. Gagnkvæmni er forsenda fyrir sjálfbærri framtíð og hafa verkefnin tvö reynst stefnumarkandi í málefnum barna og unglunga á Grænlandi.

5.3 Finnland: Sastamala – skipulag sem eykur áhrif ungs fólks í sveitarfélögum

Eftir *Jari Andersson* (skólastjóra og formann) og *Anu Gretschel* (fræðikonu)

5.3.1 Sastamala: Áhrif ungs fólks í skólum og sveitarfélögum.

Í Sastamala hefur starfsreglum bæjaryfirvalda og námskrám skóla verið breytt í þá veru að tryggt sé að ekki gleymist að leita eftir álit og framlagi barna og unglunga (les: íbúa sveitarfélagsins) til bæjarmála. Bæjarfulltrúar og embættismenn leggja sig fram um að funda með ungum bæjarbúum og virkja krafta þeirra. Engin hætta er á bakslagi þegar fram líða stundir og breytingar verða á stjórn sveitarfélagsins því fullorðnir, börn og unglingar fá sífellt þjálfun í að taka við boðkeflinu, sem yfirvöld hafa rétt að ungum bæjarbúum. Hér verður greint frá því hvernig ungir Sastamalabúar geta látið að sér kveða og til sín taka og hverju þeir fengu áorkað á árinu 2009.

5.3.2 Tengslanet unglunga til áhrifa

Nemendaráð og hverfisþing

Engar aðrar bæjarstofnanir en grunnskólinn og framhaldsskólinn ná eins vel til ungra bæjarbúa frá fyrsta bekk og fram á unglingsár. Í Sastamala hefur málgrein verið bætt í námskrána, sem kveður á um þátttöku barna og unglunga og störf nemendaráða. Á árinu 2009 stóðu nemendaráðin t.d. að þemadögum og dagskrá í frímínútum þar sem nemendur voru hvattir til að hreyfa sig meira. Ráðin hafa einnig tekið þátt í hönnun á skólahúsnæði og útileiksvæðum. Á hverfisþingum getur unga fólkið haft áhrif á ákvarðanir bæjaryfirvalda, sem varða nærumhverfi þeirra, í norðri, suðri og vestri. Fulltrúar á hverfisþingum eru kjörnir í kosningum.

Samstarfshópur æskulýðsráðs og nemendaráða

Æskulýðsráð er vettvangur þar sem 13-18 ára unglingar geta látið að sér kveða og lagt fram tillögur um málefni bæjarins frá sjónarhóli æskufólks. Æskulýðsráð er kosið á hverfisþingunum. Ráðið fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði. Að öðru leyti er unnið í hópum að ýmsum málefnum. Fjárveiting til æskulýðsráðs nam 27.000 evrum á árinu 2009. Æskulýðsráð velur úr eigin röðum fulltrúa í bæjarstjórn, bæjarráð og nefndir bæjaryfirvalda og hafa þeir fundar- og málfrelsi. Á árinu 2009 brást æskulýðsráð við niðurskurði í bæjarfélaginu, stóð vörð um fjárveitingu til bókasafna, lagði fram tillögu um fargjaldastyrk fyrir framhaldsskólanema, stofnaði svæðisbundin tengslanet og kynnti tillögur um starfsemi félagsmiðstöðva. Allir formenn nemendaráða mega sitja fundi æskulýðsráðs. Samstarfshópar eru skipaðir reglulega en í þeim sitja fulltrúar æskulýðsráðs, nemendaráða og leiðbeinenda þeirra. Í hópunum er fjallað um mál, sem fulltrúar nemendaráða hafa vakið athygli á og reynist áhugi fyrir hendi eru þau send áfram til umfjöllunar í æskulýðsráði.

5.3.3 Farvegur að ákvörðunum hinna fullorðnu

Skólastjórakaffi og nýir kennarar valdir

Stjórn nemendaráðs og skólastjóri halda samráðsfundi, s.k. skólastjórakaffi. Þeir eru haldnir á ákveðnum tíma og oftast ef annar aðilinn óskar eftir því. Á árinu 2009 var m.a. rætt um hugmyndir nemendaráðs um holla skyndibita, hvað þeir ættu að innihalda og hvernig ætti að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Þá var ákveðið í sameiningu hvernig verja ætti ágóða af gefnum dagsverkum. Þegar velja á nýjan kennara fær fulltrúi nemenda að vera viðstaddur og leggja spurningar fyrir umsækjendum. Endanlegt val á umsækjanda fer einnig fram í samráði.

Spurningatímar með ráðamönnum bæjarfélagsins

Spurningatímar eru í elstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Þar sitja forystumenn bæjarins og embættismenn fyrir svörum í eina eða tvær klukkustundir. Nemendur hafa fyrirfram kynnt sér reglur um ákvarðanatökur

í bæjarstjórn. Í elstu bekkjum grunnskóla getur slíkur undirbúningur og fyrirspurnatími verið hluti af námsefni í samfélagsgreinum. Samfellan er mikilvægust hvað spurningatímanna varðar. Þeir eru haldnir árlega í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Í framhaldinu er ráðgert að hafa einnig spurningatíma fyrir yngri nemendum í stærri grunnskólum.

Fulltrúar æskulýðsráðs í bæjarstjórn og fundir með ráðamönnum

Byrjað var á skipulagsbreytingum þegar fyrir lá ákvörðun á árinu 2000 um að auka aðkomu unga fólksins að bæjarmálum. Breyta þurfti stjórnsýslureglum til þess að börn og unglingar gætu tekið sæti í bæjarráði, bæjarstjórn og nefndum bæjarins. Ekki voru allir sannfærðir um ágæti þessara nýjunga. Sumir óttuðust að æskufólki myndi trufla ákvarðanatökur, að þær yrðu tímafrekar og að vinnuálag myndi aukast. Þá töldu menn að reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga myndu standa í vegi fyrir þátttöku unga fólksins og efuðust um að heimild væri í sveitarstjórnarlögunum fyrir tilslökunum í þeim efnum. Efasemdaraddir voru fáar en engu að síðar komu þær að góðum notum við undirbúninginn. Þegar upp var staðið áttu þær sinn þátt í hve vel var til vandað við undirbúningsvinnuna. Ungu fólkið komst inn í hringiðu umræðna þar sem ákvarðanir voru teknar, það fékk að láta álit sitt í ljós og fylgjast með umræðum og ákvarðanatökum. Sú ákvörðun að gera varanlegar breytingar á stjórnskipulagi reyndist á rökum reist. Það er ekki eingöngu ungmennaráðið, sem tekur þátt í stjórn bæjarins. Aðrir fulltrúar ungs fólks sitja árlegan fund með m.a. embættismönnum bæjarins, bæjarstjórn, nefndaformönnum og öðrum úr stjórnsýslunni. Þar er gengið til verks samkvæmt starfsháttum sem allir þekkja, þ.e. hópvinnu og umræðum. Þá hafa spurningatímar þar sem æskufólk situr fyrir svörum fullorðinna mælst vel fyrir.

Enginn verður sjálfkrafa þátttakandi – stefnumótun og stöðug fræðsla er nauðsyn

Ef veita á ungu fólki kost á því að móta starfsemina þarf takmarkið að vera skýrt. Markmiðin verða að mælanleg til þess að hægt sé að auka þátttöku og áhrif ungs fólks. Þannig skýrist skilvirknin í starfi sveitarfélagsins og hægt verður að nýta sér þá þætti hennar, sem stuðla að aukinni virkni ungs fólks. Endurmat á starfinu og þátttaka unga fólksins er eitt mikilvægasta verkefni æðstu ráðamanna og starfsmanna bæjarins. Í samstarfi ólíkra stjórnsýslusviða þarf að skjalfesta hlutverk barna og unglunga á ýmsum stigum, t.d. í starfsreglum, starfsáætlunum og námskrám. Mikilvægustu skjölín til að tryggja félagslega virkni barna og unglunga í Sastamala eru „Stefnumótun um velferð barna og unglunga“ og „Stefnumótun í æskulýðsmálum“. Fyrri plaggið er samþykkt í bæjarstjórn en það seinna er stefnumótunarskjal æskulýðssviðs og er samþykkt í tómsundaráði. Við stefnumótun er alltaf leitað eftir álitu unga fólksins og eins þegar mat er lagt á framkvæmd hennar³⁰.

³⁰ Sjá fylgiskjal 1

Stjórnsýsla sveitarfélagsins miðast við fullorðna. Ráðamenn og starfsfólk tekur ákvarðanir um starfsemina án þess að utanaðkomandi aðilar komi að undirbúningi, ákvörðunum og framkvæmd þeirra. Sveitarfélagið veitir, án samráðs við börn og unglunga, ýmsa þjónustu í barna- og æskulýðsmálum, sem fullorðnir telja rétta. Auðvelt er að gleyma því að hafa börn og unglunga með í ráðum. Stöðug fræðsla er afar mikilvæg og eins að ræða aðkomu unga fólksins. Þörf er á fræðsluáætlun, sem miðast við kjörtímabil, og uppfæranlegum upplýsingum um hvaða hópar þurfa fræðslu og námsefni.

Bærinn væri eflaust betri staður ef öllum íbúum liði vel. Auðveldara yrði að sinna ýmsum málefnum og þjónustu ef unga fólkið fengi tækifæri til að tjá sig og taka afstöðu. Lýðræði í bæjarfélaginu myndi styrkjast ef ákvörðunarferlið yrði opnað ungu fólki eins snemma og hægt er. Á forsendum barna og unglunga. Eitt er víst að þegar ungt fólk uppgötvar hvað virk þátttaka og áhrif skipta miklu máli aukast líkurnar á því að það axli ábyrgð síðar meir sem íbúar í sveitarfélaginu.

5.4 Noregur: Athugun á sveitarstjórn barna í Vennesla

Eftir *Ingrid Guldvik* fræðikonu

5.4.1 Sveitarstjórn barna – vettvangur til áhrifa?³¹

Samkvæmt norskum lögum og viðmiðunarreglum í skipulags- og byggingamálum ber sveitarfélögum að gera ungu fólki kleift að taka virkan þátt í ákvarðanatökum, sem snerta nærsamfélagið. Því hafa nokkur norsk sveitarfélög ákveðið að hafa börn og unglunga með í ráðum og gert áætlanir til þess að gæta hagsmuna þeirra. Rökin fyrir aðkomu ólíkra hópa felast í réttlæti, þ.e. að allir hópar, þ.á.m. börn og unglingar, eigi kost á að taka þátt í sveitarstjórnarmálum og hafa áhrif á þau. Með víðtækri þátttöku er gert ráð fyrir að pólitískar ákvarðanir verði upplýstari og betri en ella. Þá er litið á félagslega virkni sem nám í lýðræði sem nýtist öllum íbúum. Hugsjónin með óbeinni þátttöku eða fulltrúalýðræði er að lýðræðislegar stofnanir endurspegli vilja íbúanna. Þegar fólki er boðið að taka þátt í ákvörðunum, væntir það þess að fá áhrif á stjórnun og framkvæmdir. Ef áhrifin eru engin, getur lýðræðislegur vettvangur á við sveitarstjórn barna unnið gegn tilgangi sínum og skapað óánægju með að framlag þeirra sé einskis virði. Á árinu 2000 könnuðum við óbeina þátttöku í sveitarfélaginu Vennesla, þ.e. árangur af starfi fulltrúa í sveitarstjórn barna (BK).

Vennesla – dreifbýlismenning í mótun

Sveitarfélög grípa oft til þess ráðs að kalla til sérhópa þegar vandi eða „kreppla“ steðjar að byggðarlaginu. Þannig var það einnig í Vennesla. Margar

³¹ Greinin byggir á Guldvik, Ingrid (2000): Blant de få utvalgte? Økt deltakelse i lokalpolitikk fra barn, unge, innvandrere og kvinner. Oslo: Kommuneforlaget

rannsóknir höfðu sýnt fram á að uppvaxtarskilyrði og lífskjör ungs fólks í sveitarfélaginu væru að mörgu leyti óheppileg. Yfirvöld skiptu vandanum upp í fjóra flokka en þeir voru: 1) Jante-lögin, „þú skalt ekki halda að þú sért eitthvað“, 2) slakur árangur, „aðgangsmiði unglinga er neikvæður (víma, reykingar)“, 3) lítið frumkvæði, „allir eiga að vera eins og mega ekki skera sig úr“ og 4) óraunsæjar væntingar til hins opinbera, „stjórnvöld sjái um lausn vandans“.

Markmið verkefnisins var að þátttaka barna og unglinga myndi stuðla að breyttum viðhorfum og auka sjálfsþekkingu þeirra þegar fram í sótti. Lýðræðislegur vettvangur eins og sveitarstjórn barna átti að tryggja að raddir barna bærust inn í heim stjórnmalanna.

Sveitarstjórn barna – nafn og skipulag

Unnið var að undirbúningi sveitarstjórnar barna í Vennesla í nánu samstarfi við umboðsmann barna, bæjarritara, fulltrúa átta nemendaráða í grunn skólum, nemendaráð í framhaldsskólanum og leiðbeinanda. Sífellt skutu upp kollinum spurningar eins og: Hverjum var vettvangurinn ætlaður? Hve margir fulltrúar áttu að vera þar? Hvernig átti að standa að rekstri hans?

Þátttakendur komust að því að grunnskólanemar ættu að fá sérvettvang. Barnaskólar ættu tvo fulltrúa, unglingskólar þrjá en frá grunnskólum fengju yngri árgangarnir tvo fulltrúa og þeir eldri tvo, samtals 19 fulltrúa. Nemendaráðin gegndu mikilvægu hlutverki í starfi sveitarstjórnar barna en þau kusu fulltrúa í sveitarstjórn barna. Nemendur báru upp mál og ræddu þau í bekkjar- og nemendaráðum fyrir og eftir fundi í sveitarstjórninni. Rætt var fyrirfram um hvaða mál ætti að leggja fram og hvernig ætti að forgangsraða þeim. Eftir fundina var rætt um niðurstöður þeirra. Bæjarritari stjórnaði fundum í sveitarstjórn barna en talsmaður barna var fundarritari. Þegar háttsettir einstaklingar leiða sveitarstjórnina er það til merkis um að yfirvöld taki mark á unga fólkinu en það felur einnig í sér þá áhættu að fundirnir verði of mikið stýrðir af fullorðnum.

Verkefni

Verkefni sveitarstjórnar barna endurspegla ýmis úrlausnarefni sveitarfélagsins hverju sinni. Vennesla hafði eins og mörg önnur sveitarfélög veitt sveitarstjórn barna ráðstöfunarrétt yfir 30.000 norskum krónum. Margir töldu þetta eitt mikilvægasta verkefni sveitarstjórnarinnar. Mikið var rætt um hvernig verja skyldi þessu fjármagni. Átti að deila því á milli skóla eftir nemendafjölda eða verja því í stærri verkefni, og hver áttu þau þá að vera?

Sveitarstjórn barna ræddi einnig bæjarskipulag Vennesla. Ritari sveitarstjórnarinnar vann aðgengilega samantekt á skipulagsáætlun til þess að börnin áttuðu sig á innihaldi hennar. Framlag barnanna var t.d. að benda á nauðsyn þess að nýta upplýsingatækni í skólum, áhrif nemenda í skólum, bætt umferðaröryggi, fleiri ruslafötur á göngustígum til að hlífa umhverfinu og minni upphitun á opinberum byggingum fyrir utan vinnutíma. Nemendaráðin gátu einnig borið upp mál í sveitarstjórn barna. Mikill áhugi var á að bæta

umferðaröryggi í nágrenni skóla. Sveitarstjórn barna brást hart við áformum bæjarstjórnar um að leggja félagsmiðstöðvar niður í sparnaðarskyni og tókst að koma í veg fyrir þær fyrirætlanir.

Hafa sveitarstjórnir barna einhver völd?

Við einblíndum á þrjú atriði sem skipta máli ef sveitarstjórnir barna eiga að hafa tilætluð áhrif, þ.e. áhrif á fundardagskrá, ákvörðunarrétt og breytta starfshætti í bæjarstjórn. Markmið með breiðri þátttöku er að hver einstaklingur geti unnið skoðunum sínum og áhugamálum brautargengi og haft áhrif á samfélagið. Því þarf hann að geta sett mál á *dagskrá* og fylgt þeim eftir í opinberri umræðu. Tímaskyn barna er þess eðlis að þau sjá lítinn tilgang með þátttöku ef hún er ekki fljót að skila sýnilegum árangri. Þau fá áhuga á lýðræðislegu starfi þegar þeim er veittur *ráðstöfunarréttur* yfir ákveðinni peningaupphæð. Nýr lýðræðislegur vettvangur kallar á *breytta innri starfshætti* hjá stofnunum sveitarfélagsins. Stjórnvöld verða að ákveða hvaða mál eigi að bera undir sveitarstjórn barna, skapa starfsvenjur um framgang málsins gegnum skrifræðið og kveða á um hver beri ábyrgð á hverju verkefni. Ef ekki er hugað að nýjum starfsvenjum, er hætta á að virkni og áhrif unga fólksins verði tilviljanakennd og blekkjandi.

Tókst sveitarstjórn barna að setja ný mál á dagskrá? Börnin segja sjálf að völd þeirra hafi aðallega falist í að úthluta peningum. Teknar voru ákvarðanir um minni verkefni í skólunum, t.d. að setja upp grindverk við veginn og fótboltamörk en einnig stærri verkefni eins og að setja upp hjólabrettabraut. Eitt barnið taldi að hjólabrettabrautin hefði ekki orðið að raunveruleika ef sveitarstjórn barna hefði ekki lagt fram fjármagn. Háttsettir fulltrúar í bæjarstjórn töldu að aukin athygli á málefnum barna og unglinga hafi orðið til þess að yfirgnæfandi meirihluti í bæjarstjórn fullorðinna ákvað að reisa félagsmiðstöð fyrir ungt fólk. Eins og áður kom fram má ætla að sveitarstjórn barna hafi orðið þess óbeint valdandi að hætt var við áform um niðurskurð á frístundamiðstöðvum. Ekki tókst að bæta umferðaröryggi í nágrenni skólanna því eins og einn fulltrúi barnanna orðaði það þá „tókst okkur ekki að breyta áætlun vegamálastjórans“.

Flest mál, sem rædd voru í sveitarstjórn barna voru til komin að frumkvæði talsmanns þeirra en hann hafði einnig umsjón með verkefninu. Börnin höfðu þó áhrif á hvaða lausnir voru valdar. Ungir hjólabrettastrákar voru ákafir málsvarar hjólabrettabrautar, bæði áður og eftir að umsóknin var afgreidd í sveitarstjórn barna. Þá ákváðu börnin að verja fjárveitingu frá sýslulækni að andvirði 25.000 norskra króna í ávexti og grænmeti þrátt fyrir að talsmaður barna mælti með því að þeim yrði varið í forvarnir gegn reykingum.

Venneslabær fól sveitarstjórn barna að úthluta fé (30.000 norskum krónum) til ýmissa barna- og æskulýðsmála. Fulltrúarnir urðu því að forgangsraða ýmsum verkefnum í sveitarfélaginu og rökstyðja ákvarðanir sínar um úthlutun fjárens. Öll börnin lærðu greinilega mikið af þessu ferli.

Eitt þeirra komst þannig að orði: „Við verðum að segja heilmikið um af hverju okkur finnst eitthvað um hlutina.“

En stofnun sveitarstjórnar barna leiddi ekki til þess að gerðar yrðu breytingar á starfsvenjum í bæjarstjórn. Talsmaður barna sá um að taka upp mál sem sneru að yngstu íbúum sveitarfélagsins en bæjarritari beindi þeim síðan áfram inn í kerfið. Í byrjun er hægt að grípa til óformlegra lausna en með tíð og tíma reynast þær of persónubundnar og tilviljanakenndar.

Á heildina litið má sjá að sveitarstjórn barna í Vennesla hafði áhrif á dagskrá stjórnmalanna og skilað árangri í einstaka málum. Ráðstöfunarréttur yfir ákveðinni peningaupphæð skilaði fljótt sýnilegum árangri. Jákvætt var að börnin nýttu þekkingu sína í samstarfinu í sveitarstjórn barna. Hins vegar hafa nýjar starfsvenjur ekki orðið til þess að festa sveitarstjórn barna í sessi. Ef ábyrgðin er ekki skilgreind eða breytingar gerðar, er hætt við að þátttaka í sveitarstjórn barna og áhrif þeirra fjari smám saman út.

5.5 Svíþjóð: TYCKA-líkanið eykur áhrif ungs fólks á stjórnmalin

Eftir *Anne Christine Lejon* með aðstoð *Lena Lie* og *Rebecka Jakobsson* (þróunarstjóra í Umeå-sveitarfélaginu)



5.5.1 Samræður Við Ungt Fólk Í Umeå

Umeåborg var kjörin Ungmennasveitarfélag ársins 2008 í Svíþjóð. Æskulýðsnefnd ríkisins veitir viðurkenningu þessa á hverju ári, en hlutverk hennar er að auka áhrif og velferð æskufólks. Í umsögn dómnefndar segir:

„Viðurkenningin, Ungmennasveitarfélag ársins 2008, er veitt sveitarfélagi sem hefur löngum unnið að framþróun æskulýðsstarfs. Með viðurkenningunni viljum við vekja athygli á aðgerðum til að auka áhrif ungs fólks, forvörnum og frístundastarfi.“

Þannig byrjaði það

Á árinu 2006 fól borgarstjórn Umeå hópi, skipuðum borgarfulltrúum og embættismönnum, að semja starfsáætlun sem næði til borgarbúa á aldrinum 13–25 ára. Markmiðið var að skapa samfellu í æskulýðsstarfi innan stjórnsýslunnar og í nefndum og skyldi hún endurspeglast í framkvæmdaáætlunum. Áhrif, samræður og félagsleg virkni ungmenna áttu að vera á þeirra eigin forsendum. *Samskiptin við unga fólk í Umeå* voru tvíþætt;

annars vegar voru fundir og samræður og hins vegar var unnið með nýja samræðu- og áhrifatækni.

Hlutverk æskulýðsfulltrúa

Í dag starfa þrjár æskulýðsfulltrúar hjá borginni. Þeir, ásamt nemenda- og ungmennaráðum, gegna mikilvægu hlutverki við að efla þátttöku unglunga í umræðum um framtíð borgarinnar. Hópur, skipaður kjörnum borgarfulltrúa, borgarstjóra, rekstrarstjóra og deildarstjóra æskulýðssviðs, vinnur með umboðsmanni barna að því að samræma starfið að Dialog Ungu Umeå og TYCKA.

TYCKA – líkan til að auka áhrif ungs fólks

TYCKA-líkanið er þáttur í Dialog Ungu Umeå en það var hannað sérstaklega til að kanna skoðanir ungra íbúa á framtíð borgarinnar.

TYCKA gerir ungum borgarbúum kleift að hafa bein áhrif á framkvæmdaáætlanir nefnda og stofnana borgarinnar.

TYCKA var fyrst tekið í notkun í árslok 2006. Æskulýðsfulltrúum borgarinnar var falið að kynna líkanið fyrir ungu fólki á frístundamiðstöðvum, í skólum, háskólanum, strætisvögnum, fjölmiðlum og víðar. Leitast var við að fá svör frá eins breiðum hópi ungmenna og unnt var og því var ákveðið að setja TYCKA á heimasíðu á netinu. Krækjur á vefinn voru lagðar inn á ýmis vefsamfélög fyrir ungt fólk. Vefurinn var opinn öllum borgarbúum á aldrinum 13–25 ára.

Árið 2006 bárust 800 svör um fimm málefni: Öryggi og heilsu, menningu og frístundir, vinnu og húsnæði, skóla og menntun og áhrif og þátttöku. Á vefnum gat unga fólkið skrifað sín svör en einnig gefið upp símanúmer og netfang ef það óskaði eftir að ræða málin nánar við borgarfulltrúa. Svörin spönnuðu breitt svið, allt frá betri skólamáltíðum til skautavallar í borginni. Æskulýðsfulltrúarnir höfðu síðan samband við unglingana, sem höfðu gefið upp símanúmer og netfang, flokkuðu svör þeirra og undirbyggðu fund með borgarstjórn. Sú staðreynd að unglingarnir, sem svöruðu gegnum TYCKA, fengu sjálfir að kynna sjónarmið sín og annarra fyrir stjórnmalamönnum, skiptir miklu máli ef takast á að láta ungt fólk koma að ákvarðanatökum.

Þetta átti sér stað í janúar 2007 og unglingarnir lögðu einnig til hvernig standa mætti að framkvæmdinni. Fundurinn fór fram í sal ráðhússins. Hlutverkin höfðu snúist við. Nú voru það borgarfulltrúarnir sem fylgdust með frá áheyrendapöllum þegar æskufólkið ræddi framtíð Umeåborgar. Að fundi loknum ræddust kynslóðirnar saman yfir góðri máltíð, æskufólk og stjórnmalamenn.

Næsta skref var kallað SVARA. Stofnunum borgarinnar var falið að svara því hvort tillögur unga fólksins væru framkvæmanlegar. Svörin voru birt á sama vef og spurningarnar. Það var gert meðvitað til þess að unga fólkið, sem svarað hafði TYCKA, gæti fylgst með framgangi hugmynda sinna, hvort tekið væri mark á þeim og þeim hrint í framkvæmd.

Annar liður í starfi „Samræðna við ungt fólk í Umeå“ var framtíðarverkstæði þar sem 20 ungmenni og 10 borgarfulltrúar og embættismenn ræddu áhrif ungs fólks á framtíð borgarinnar með samræðum og félagslegri virkni. Verkefnið „Samræður við ungt fólk í Umeå“ og TYCKA-spurningarnar gáfu embættismönnum og borgarfulltrúum innsýn í óskir ungra borgarbúa. Ábyrgðin að GERA eitthvað úr niðurstöðunum var fyrst og fremst í höndum borgarstjórnar. Margar ákvarðanir fólu í sér að unga fólkið kæmi að framkvæmdinni. Hér eru nefndar nokkrar tillögur úr fjárlögum á tímabilinu 2008-2010:

- fleiri sumarstörf
- æskulýðsgarður
- hönnun á afþreyingar- og fjölskyldugörðum
- endurbyggingar á framhaldsskóla
- Kulturverket, n.k. menningarskóli sem tekur frumkvæði að og rekur lista- og menningarverkefni þar sem börn og unglingar segja atvinnufólki fyrir verkum.
- forvarnarverkefni fyrir börn og unglunga og
- að allir framhaldsskólanemar fái aðgang að þráðlausum fartölvum í skólum.

TYCKA 2008–2009

TYCKA var endurtekið á tímabilinu september–október 2008. Líkaninu hafði verið breytt eftir umræður, sem fóru fram á framtíðarverkstæðinu 2007. Í öllu TYCKA-ferlinu sáu æskulýðsfulltrúarnir um að kynna samræður og samskipti unga fólksins við stofnanir borgarinnar. Nú var öðru vísi staðið að kynningunni á TYCKA og fór hún víðar fram, t.d. hjá vinnumiðlun og á ráðgjafarstöð fyrir unglunga. Vonir stóðu til um að fleiri svör bærust í þetta skipti og margir unglingar könnuðust við líkanið frá kynningunni, sem fram fór á árinu 2006.

Í þetta sinn bárust rúmlega þúsund svör. Ruslpóstur getur alltaf leynst innan um svörin, en fjöldi svara gaf skýra mynd af því hvernig borgaryfirvöld gætu einfaldað líf unga fólksins. Svörin voru af ýmsum toga enda var hægt að skrifa um hvað sem var á netinu.

Í desember 2008 var unglingum, sem sýnt höfðu áhuga í samræðunum, boðið að forgangsraða og kynna sjónarmið sín fyrir ráðamönnum borgarinnar. Kynningin fór fram í æskulýðshúsinu Hammmagasinet. Unglingarnir vörðu tveimur klukkustundum í að greina og forgangsraða mikilvægum sjónarmiðum sem þeir kynntu í stuttu máli. Um tuttugu unglingar á aldrinum 15-21 árs og álíka margir borgarfulltrúar tóku þátt í kynningunni og vakti hún mikla athygli fjölmiðla. Samantekt var send til borgarfulltrúa og síðan var önnur samantekt unnin í stjórnarsýslunni og hjá þeim stofnunum sem falið hafði verið að hrinda hugmyndunum í framkvæmd.

Framhaldið – stöðugar samræður þar sem allar borgarstofnanir axla ábyrgð

Borgarfulltrúar ákváðu að „allar nefndir og stofnanir ættu að vinna tillögur að aðgerðum í þágu æskufólks í Umeå“. Framkvæmdaáætlun í æskulýðsmálum (KUPP) var lögð til hliðar. Borgarfulltrúar höfðu fundið aðrar leiðir þar sem „æskulýðsmál voru samþætt starfsemi stofnananna“, þ.e. að þau voru fléttuð inn í framkvæmdaáætlanir nefndanna.

Að fenginni reynslu hefur unga fólkið óskað eftir því að eiga reglulegar og beinar samræður við stjórnendur borgarinnar. Ákveðið hefur verið að standa að TYCKA-samræðum annað hvert ár.

Allir eru á einu máli um að sjálfbær stefna í æskulýðsmálum til framtíðar sé undir því komin að ungt fólk komist til áhrifa og skapaður verði sameiginlegur vettvangur fyrir stjórnendur borgarinnar og unga fólkið. Fram að þessu hefur eftirfarandi áunnist:

1. Sjónarmið unga fólksins hafa komið fram í TYCKA-samræðum (2006 og 2008).
2. Aukinni áhugi er í stjórnsýslu borgarinnar á því að taka mið af sjónarmiðum æskufólks við skipulagsgerð. Tekist hefur að samþætta málefni ungs fólks í almennt skipulagningarferli.
3. Nefndir og borgarráð hafa tekið ákvarðanir um fjárfestingar og aðgerðir.
4. Unnið er að breytingum á æskulýðshúsinu en það verður til húsa í Hamnmagasinet næstu árin.
5. Lífandi ferli halda áfram en markmiðið er að skapa sjálfbæran vettvang til lengri tíma litið þar sem ungt fólk kemur að ákvörðunum og nýtir sköpunargáfu sína.
6. Æskufólkið hefur sjálft samið framkvæmdaáætlanir til þess að auka áhrif sín og félagslega virkni.
7. Ungu fólkið segir að raddir þeirra hafi fengið hljómgrunn og það hefur væntingar og vonir sem hlúa ber að.

Að lokum ...

TYCKA hefur orðið til þess að ný starfsferli hafa verið tekin upp hjá stofnunum borgarinnar. Ný vinnubrögð hafa gefið góða raun þótt enn megi gera betur.

Í Umeåborg búa um 24.000 ungmenni á aldrinum 13–25 ára. Enda þótt þúsund svör séu mikið er ekki vitað hvort svarhópurinn er dæmigerður fyrir heildina. Ein aðferð til að ná til fleiri unglunga væri að nýta skólakerfið og háskólann sem farveg fyrir TYCKA.

Í TYCKA-samráðsferlinu er mikilvægt að hver borgarstofnun geri upp við sig hvaða atriðum hún geti brugðist við og hvernig. Mikilvægt er að sýna fram á að svörin séu nýtt, að unga fólkinu finnist að hugmyndir þeirra og skoðanir hafi einhver sýnileg áhrif.

Töluverðan tíma tók að gera TYCKA-líkanið og stöðugt er unnið að breytingum á því. Ungt fólk hefur skoðanir á daglegu lífi sínu og borgaryfirvöld taka mark á skoðunum þess og færni.

5.6 Danmörk: Ungmennaráð með fjölbreytta dagskrá

Eftir *Ena Juhl*, sérfræðing á menningar- og frístundasviði í Ballerup

5.6.1 Ungmennaráð Ballerup – ráð, hreyfing, menningarstofnun?

Sögulegur aðdragandi og umboð

Á árunum 1985–1988 voru stofnuð 76 ungmennaráð í dönskum sveitarfélögum að tillögu þáverandi ríkisstjórnar. Ungmennaráðið í Ballerup var sett á laggirnar 1986 og hefur starfað síðan. Ráðið heyrir undir menningar- og frístundaráð Ballerup og umboð þess er eftirfarandi:

Ungmennaráðið á að starfa að því, að ungmenni í sveitarfélaginu fái aukin áhrif á eigin aðstæður.

Ungmennaráðið á einnig að fá borgarfulltrúa og starfsmenn borgarinnar til að hlusta á raddir ungs fólk og taka mark á því sem það hefur fram að færa.

Kosið í ungmennaráð

Kosið er í ungmennaráðið á fjögurra ára fresti og kjörgengi hafa allir á aldrinum 14–24 ára með lögheimili í sveitarfélaginu. Nokkrir fulltrúar eru tilnefndir af nemendaráðum, frístundaklúbbum eða ungmennasamtökum stjórnsmálaflokkanna í bænum. Að öðru leyti er ungmennaráðið skipað unglingum sem sýnt hafa áhuga á að starfa að æskulýðsmálum. Þeir geta haft samband við ritara ungmennaráðsins og lýst yfir áhuga á að starfa í ráðinu en samsetning þess ræðst af fjórum meginviðmiðum:

- Í ráðinu sitji bæði ungir og „gamlir“ fulltrúar
- Fulltrúar búi víðs vegar í sveitarfélaginu
- Jöfn kynjaskipting
- Jöfn aldursdreifing

Ungmennaráðið er auglýst á netinu, í borgarblöðum og öðrum fjölmiðlum. Mikilvægast er að ungmennaráðið standi sjálft að kynningum í grunnskólum og öðrum menntastofnunum.

Ekki ná allir frambjóðendur kosningu í ungmennaráðið. Yfirleitt ná þó allir áhugasamir unglingar að starfa þar því alltaf eru einhverjir sem hætta. Þeir flytja í annað sveitarfélag, fara á lýðháskóla, ferðast til útlanda, fara í herinn eða verða ástfangnir, svo eitthvað sé nefnt.

Ungmennaráðið hefur sitt eigið hús, æskulýðshúsið

Ungmennaráðið fékk eigið húsnæði árið 1997. Húsið heitir Vognporten og er miðsvæðis í Ballerup, skammt frá lestarstöðinni og strætisvagnstöð. Ungmennaráðið ber ábyrgð á húsinu. Æskulýðshúsið er fyrir alla unga borgarbúa á aldrinum 15–25 ára.

Ungmennaráðið fær 134.000 danskar krónur til ráðstöfunar á ári en þar af eru 57.000 krónur eyrnamerkta starfseminni. Forstöðumaður sér um rekstur hússins og er einnig ritari ungmennaráðsins. Ungmennaráðið ræður forstöðumann hússins. Dagskráin er auglýst á vefnum og í bæjarblöðum. Helstu nýjungarnar er sms-þjónusta. Unglingarnir í Ballerup geta skráð sig inn á slíka þjónustu og nú nýta 500–600 manns sér að fá send sms-skilaboð um t.d. tónleika, skemmtanir og kosningar í ungmennaráðið.

Regnhlífasmötök nemendaráðanna í Ballerup (BAFE) eru einnig með aðstöðu í Vognporten. Þau hafa verið með skrifstofu í æskulýðshúsinu um áraraðir. Sambýlið er mjög gefandi fyrir alla og stuðlar að því að nemendur sem sitja í nemendaráðum fara að sækja fundi ungmennaráðsins.

Samstarf borgarstjórnar og ungmennaráðsins í Ballerup

Fyrir mörgum árum benti ungmennaráðið borgarstjórn og stjórnýslu borgarinnar á mikilvægi þess að fleiri ungmenni tækju þátt í starfi nefnda og tilfallandi starfshópa. Einmanalegt er fyrir unglunga að taka þátt í starfshópum fullorðinna ef þar eru engir jafnaldrar þeirra. Það er erfitt að vera eini „unglingurinn“ innan um margt miðaldra fólk, sem situr á rökstólum. Fundarmenning endurspeglar alltaf meirihlutann sem ákveður umboð fundarins o.s.frv. Unglingarnir fá á tilfinninguna að nærvera þeirra skipti litlu máli. Þeim finnst þeir ekki á heimavelli og hætta að mæta á fundina. Í Ballerup hefur annars konar samstarf við ungmennaráðið gefið góða raun.

Hér verða nefnd nokkur góð dæmi um samstarf borgaryfirvalda við ungmennaráðið:

- Við móttun æskulýðsstefnu borgarinnar. Tvisvar áður hefur verið mótuð æskulýðsstefna í borginni og var önnur þeirra endurskoðuð einu sinni. Í öllum tilvikum var þetta gert í nánu samstarfi við ungmennaráðið.
- Ýmis verkefni með þátttöku borgarbúa. Á síðari árum hefur borgin jafnan kallað ungmennaráðið til þegar unnið er að verkefnum þar sem gert er ráð fyrir þátttöku borgarbúa.
- Nýjasta verkefnið af því tagi voru s.k. prófkosningar fyrir 15-17 ára unglunga, en þær fóru fram um leið og sveitastjórnakosningar í nóvember 2009. Kosningarnar voru rafrænar og gátu ungir borgarbúar kosið í farsíma eða tölvu. Ungmennaráðið lagði til að borgin héldi prófkosningar en alls stóðu 30 sveitarfélög í Danmörku að prófkosningum fyrir ungmenni.

Meðal stærri verkefna má nefna „Samræður um framtíðarsýn“ þar sem viðfangsefnið var sjálfsmynd Ballerup árið 2020. Ungmennaráðið smíðaði „myndbandskassa“ sem unglíngarnir gátu stigið niður í og látið skoðun sína í ljós fyrir framan vídeómyndavél. Ráðið kom kössunum fyrir á stöðum þar sem unglíngar koma oft: í göngugötunni, í skólum og við æskulýðshúsið. Þannig fengu borgaryfirvöld innsýn í viðhorf fjölmargra unglínga og athygli var vakin á ungmennaráðinu. Í annað sinn var borgin gestgjafi „Stærstu leiklistarhátíðar í heimi“, leiklistarhátíð fyrir börn og unglínga, sem haldin var í samstarfi við menningarráðuneytið. Hátíðin stóð í eina viku og var um 24.000 aðgöngumiðum dreift. Ungmennaráðið reyndist einstaklega góður samstarfsaðili. Allt frá því að undirbúningur hófst átti ráðið fulltrúa í undirbúningshópi hátíðarinnar. Þegar skipt var með sér verkum ákvað ungmennaráðið að innrétta m.a. kaffihús og setustofu hátíðarinnar og reisa leikþjöld víða um borgina. Ungmennaráðið var n.k. útkallshópur á hátíðinni og brást við þegar vantaði hjálp til að flytja hluti, reisa svið, skjótast í verslanir o.s.frv. Ungu fólkið bar einnig hita og þunga af tiltektunum að hátíð lokinni. Nýlega var haldin tónlistarhátíð í Ballerup en hún fer fram annað hvert ár. Ungmennaráðið lagði til margar góðar hugmyndir og starfskrafta ungra karla og kvenna. Ráðið átti fulltrúa í hópi sem mótaði dagskrá hátíðarinnar og reisti svið miðsvæðis fyrir unga fólkið þar sem ýmsar unglíngahljómsveitir tróðu upp. Á sjálfri tónlistarhátíðinni voru unglíngarnir allt í senn tæknimenn, burðarklárar og þúsundþjalasmiðir.

Fjórar ástæður fyrir velgengni ungmennaráðsins í Ballerup

Trúlega hafa mörg ungmennaráð í Danmörku lognast út af vegna dræmrar þátttöku unga fólksins. Hér eru nokkrar skýringar á því hvers vegna svo vel hefur tekist til hjá okkur í Ballerup:

- *Æskulýðshúsið.* Ungmennaráðið ræður yfir eigin húsnæði. Mikilvægt er að unglíngarnir fái sjálfir að móta sjálfsmynd sína og menningu. Það er ekki sérlega hvetjandi fyrir sjálfsþroskann að vera „gestur“, t.d. í einhverju skoti í ráðhúsinu.
- *Peningar.* Mikilvægt er að ungmennaráðið ráði yfir eigin fé, án afskipta yfirvalda. Ungmennaráðið í Ballerup hefur stofnað „Æskulýðssjóð“ sem nemur 50.000 dönskum krónum á ári. Sjóðsstjórn skipa fulltrúar úr ungmennaráði og notendur æskulýðshússins. Ungir borgarbúar geta sótt um styrk til starfsemi eða verkefna ef þau eru fyrir-með-eftir ungt fólk.
- *Ritari.* Mikilvægt er að ritari sjái um fundardagskrá, fundargerðir og ýmsa afgreiðslu á milli funda. Flestir sem sitja í ungmennaráðinu eru í skóla eða vinna og hafa því ekki tíma aflögu til að sinna rekstri ungmennaráðsins.

- *Notið ungmennaráðið.* Mikilvægt er að unga fólkið finni að framlag þess sé einhvers virði í augum stjórnvaxlunnar og borgarfulltrúa. Því er ástæða til að kalla ráðið til þegar stórir viðburðir og verkefni standa fyrir dyrum. Ungu fólkið á að koma þar að frá upphafi. Það gagnar lítið að nota ungmennin í eintómt snatt, þau þreytast fljótt á því.

Hlutverk og staða ungmennaráðs Ballerup

Á undanförunum átta árum hafa unglingar, sem setið hafa í ungmennaráðinu, boðið sig fram í sveitarstjórnarkosningum. Tveir hafa náð kjöri, annar fyrir jafnaðarmenn en hinn fyrir Íhaldsflokkinn.

Kannski er engin tilviljun að tveir af 25 bæjarfulltrúum Ballerup hafa setið í ungmennaráðinu. Margir fá áhuga á að beita sér í sveitarstjórnarmálum eftir að hafa unnið með lýðræði, áhrif og meðákvörðunarrétt, þrátt fyrir að sumum kunni að finnast störf og viðfangsefni ungmennaráðsins langt frá því að vera hefðbundið stjórnmalastarf. En enginn vafi leikur á því að reynsla okkar í Ballerup sýnir að margar leiðir eru til valda í sveitarfélaginu!

5.7 Finnland: Barnaþingið – staðbundinn vettvangur og á landsvísu til áhrifa 7–12 ára barna

Eftir *Rauna Nerelli* (verkefnisstjóra um réttindi barna hjá barnaþinginu í Finnlandi) og *Miia Nivala* (æskulýðsfulltrúa)

Barnaþingið í Finnlandi eykur virkni og áhrif barna á landsmálin og vekur athygli á réttindum þeirra. Samráðskerfi fyrir börn um allt land var komið á fót árið 2007 og fer það að mestu fram á netinu. Þannig tekst að vekja athygli á viðhorfum barna til málefna, sem snerta hagsmuni þeirra, hvort heldur er í finnska þinginu eða hjá ráðuneytum og öðrum stofnunum þar sem ákvarðanir eru teknar.

Auk landsþings barna starfa 15 staðbundin og sjálfstæð þing víðs vegar um land. Tampere var fyrst til að stofna til barnaþings þar í borg. Frumkvæðið áttu nemendur í Annala-grunnskólanum eftir að borgaryfirvöld höfðu lýst eftir félagslegri þátttöku barna. LOVE-verkefnið hófst árið 2001 en því var ætlað að skapa farveg fyrir börn til að komast til áhrifa og hvetja þau til félagslegrar virkni. Barnaþingið í Tampere var stofnað árið 2004 sem hluti af æskulýðssviði borgarinnar. Þingið skipa börn á aldrinum 7–12 ára.

Barnaþingið í Tampere fær 10.000 evrur til ráðstöfunar á ári hverju. Ráðstöfunarfé, stofnun nemendaráða, fækkun nemenda í bekkjum og ný hjólabrettabraut – allt eru þetta mál sem barnaþingið átti frumkvæði að. Hugmyndirnar verða til í umræðum á stórfundum, þar sem fulltrúar skólanna hittast tvisvar á ári. Tenglar frá hverju sviði borgarinnar sjá um að beina hugmyndum barnanna í réttan farveg innan borgarkerfisins. Barna- og æskulýðssviði borgarinnar fundar tvisvar á ári með stjórn barnaþingsins. Þar skýrir stjórnin frá starfi þingsins og tillögum, sem þar hafa komið fram.

Fulltrúar allra grunnskóla safnast saman tvisvar á ári á stórfundum sem haldnir eru í sal ráðhússins. Þar taka þeir ákvarðanir um málefni, sem varða starfsemi barnaþingsins. Mál eru afgreidd og kosið í stjórn til tveggja ára í senn. Stjórnin er fulltrúaráð barnaþingsins í Tampere. Hún undirbýr mál fyrir stórfundina, t.d. fjárhags- og framkvæmdaáætlun barnaþingsins. Þá er stjórnin málsvari barna í Tampere. Stjórnarfulltrúar sitja í ýmsum starfshópum þar sem þeir taka afstöðu til mála og undirbúa aðgerðir. Stjórnin getur sent fyrirspurnir til nemendaráða skólanna og leitað eftir stuðningi þeirra.

Barnaþingið í Tampere hvetur öll börn í borginni til að taka þátt í starfinu. Leiðin á stórfundi og í stjórn þingsins liggur í gegnum nemendaráð skólanna. Öll börn á aldrinum 7–12 ára geta tekið þátt í starfi hverfisnefnda víðs vegar í Tampere. Nefndirnar eiga að taka upp málefni, sem varða hagsmuni barna í hverfinu og vekja áhuga þeirra á nærsamfélaginu með því að virkja þau í starfi. Barnaþingið í Tampere starfar með stjórnnum allra nemendaráða í yngri bekkjum grunnskóla borgarinnar og leiðbeinendum þeirra, m.a. þegar semja á málefnalista fyrir stjórnir nemendaráðanna.

Æskulýðsfulltrúar borgarinnar sjá um fræðslu fyrir fulltrúa í nemendaráðum og umsjónarkennara og hafa að auki umsjón með starfi stjórnar og nefnda barnaþingsins. Æskulýðsfulltrúarnir eiga að finna málefnum farveg og hvetja börn og unglinga til að taka þátt í stjórn borgarinnar. Barnaþingið starfar einnig með sambærilegum barnaþingum í öðrum landshlutum. Aðrir mikilvægir samstarfsaðilar eru umboðsmenn barna, í borginni og á landsvísu.

Borgarstjórn velur 9–13 ára fulltrúa á barnaþing Finnlands til tveggja ára í senn. Sveitarfélögin ráða sjálf hvernig staðið er að kosningum en þess er vænst að börnin taki þátt í þeim. Því hafa nemendaráðin verið virkjuð í kosningunum. Hvert sveitarfélag velur sér þingfulltrúa og varamann, sem vænst er að hafi samskipti við önnur börn í kjördæminu, t.d. í gegnum nemendaráðin.

Þingið sest á rökstóla á lokuðu vefsvæði og er ræðst við á mörgum umræðupráðum. Vikum saman ræðast þingnefndir við á spjallrásum og börnin stjórna sjálf umræðum. Viðfangsefni nefndanna eru t.d. umhverfismál, frístundir, réttindi barna, heilsa, samskipti, skólar, alþjóðamál og framtíðin. Umræðuefnin geta spannað vítt svið, allt frá heilsugæslu eldri borgara til loftslagsbreytinganna.

Þingið gengur til atkvæða á netinu. Skoðanaágreiningur er leystur í umræðum. Börnin þurfa ekki að vera sammála um allt. Skilaboð þeirra til ráðamanna eru ekki aðeins ákveðin í atkvæðagreiðslu heldur er einnig gerð samantekt á helstu sjónarmiðum, sem fram hafa komið í umræðunum. Brýnt er að börnin stjórni sjálf umræðunum. Þau koma kannski ekki alltaf með nýjar tillögur, en þau geta lagt til breytta forgangsröðun og haft ný sjónarhorn á það sem rætt er um.

Tvisvar á ári eru þingfundir á netinu þar sem allir þingfulltrúar vinna saman að hugmyndum í tvær vikur. Ákvarðanir eru síðan teknar á sjálfum

þingdeginum. Gengið er til atkvæða í tvívíddarsal sem líkist þingsal. Fulltrúarnir sjá hver annan sem myndir og geta fylgst með því hver hefur orðið hverju sinni og hvernig dagskránni vindur fram. Á hverju hausti funda um hundrað börn í eigin persónu þar sem þau læra að beita sér og afgreiða mál á dagskrá. Á þessum fundum er auðvitað mikilvægt að kynnast nýjum félögum.

Þá eru fundir þar sem ákvarðanir eru teknar og lögð er áhersla á samræður þingfulltrúa við fullorðna. Þar kynnast börn og fullorðnir nýjum sjónarhornum. Af starfinu læra börnin að taka lýðræðislegar ákvarðanir og beita sér fyrir málefnum, sem þau hafa sérþekkingu á. Umboðsmaður barna hefur farið formlega fram á það við barnaþing Finnlands að það verði umsagnaraðili og veiti honum sérfræðiaðstoð. Hann hefur notað vefþingið til að kynna sér skilaboð frá börnum. Sérþekking þeirra kemur m.a. í ljós þegar þau láta æ oftast að sér kveða í umræðum í riti og á fundum með fullorðnum sérfræðingum. Börnin hafa m.a. hitt fulltrúa heilbrigðismála í framkvæmdastjórn ESB, ýmsa ráðherra, þingmenn, embættismenn og fulltrúa annarra sviða.

Barnaþingið í Finnlandi vill auka áhrif allra barna í landinu. Vefgáttin <http://www.valto.fi> er opin öllum og þar er hægt að finna efni um áhrif barna og „hugmyndarás“, sem ætluð er börnum. Þar geta öll börn lagt inn hugmyndir, sem varða málefni þeirra. Hugmyndirnar eru ræddar á barnaþinginu ef þær hafa fengið góðar undirtektir hjá öðrum börnum á opinberri síðu vefjarins.

Fullorðnum ber að greina börnunum frá því hvernig hugmyndum þeirra var tekið og hvort ákvarðanir voru teknar í framhaldi af þeim. Skrifstofan grípur stundum inn í til að leiðbeina börnunum, sem eru t.d. að ræðast við á spjallrásunum. Aðstoðin felst m.a. í að undirbúa þingið með formanninum og veita leiðbeiningar í einkaskeytum á spjallrás. Þannig reynist auðveldara fyrir barnið að stýra umræðum, bjóða öllum með sem vilja til að halda utan um ákvarðanatök og fylgjast með umræðum á spjallrásinni. Fullorðni leiðbeinandi leggur til nægilegar upplýsingar til að hefja umræður og sér um að fylgja málum eftir. Þá geta börnin boðið sérfræðingum í umræður án þess þó að sá fullorðni segi þeim hvað þeim eigi að finnast. Sá stuðningur sem börnin veita hvert öðru er ekki síður mikilvægur. Eldri börnin veita nýliðum ráðgjöf. Þau segja frá því hvernig vefþingið fer fram og hvernig megi hafa áhrif.

Starfsemi barnaþingsins er undir því komin að samfélagið og ráðamenn styðji börnin til áhrifa. Nefnd á finnska þinginu, sem skipuð er fulltrúum allra stjórnsmálaflokka, fær árlega skýrslu barnaþingsins þar sem greint er frá ákvörðunum, sem teknar hafa verið. Skýrsla barnanna leiddi til þess að borin var upp tillaga á finnska þinginu um að grípa til aðgerða um land allt gegn einelti í skólum. Frá upphafi hefur finnska barnaþingið notið víðtæks stuðnings. Helsti fjármögnunaraðilinn er menntamálaráðuneytið, en auk þess hafa önnur ráðuneyti, þjóðþingið, umboðsmaður barna, samband finnskra sveitarfélaga, ýmis félagasamtök og háskólar stutt starfsemi þingsins.

5.8 Umræður: Stjórnmalapátttaka

Greinarnar um stjórnmalapátttöku ungs fólks spanna vítt svið. Frá Finnlandi er greint frá tveimur viðamiklum kerfum til að tryggja áhrif barna og unglunga, í sveitarfélögum og á landsvísu. Sænska TYCKA-líkanið lýsir hins vegar virkni barna og unglunga í stjórn borgarinnar. Dæmin frá Danmörku og Noregi eru mjög ólík, en þar er greint frá virkni ungs fólks í ungmennaráðum. Sama má segja um greinarnar um grænlenku börnin og ungu Samana í Svíþjóð. Samísku ungmennin efndu til mótmæla til að vekja athygli á því hvernig samísk menning var fótum troðin í ferðapjónustu og nutu þar 50 ára starfsreynslu samtaka sinna. Grænlenku ungmennin höfðu takmarkaðri möguleika á að láta að sér kveða.

Sums staðar hafa menn látið sér nægja að leita álits æskufólks, en í öðrum tilvikum hefur unga fólkið tekið fullan þátt á öllum stigum ákvarðanaferlisins. Gæði æskulýðsstarfs virðast frekar fara eftir málefningu en fyrirkomulaginu og raunveruleg áhrif barna virðast ráðast af því hvort skipuleggjendur starfsins eru fúsir til breytinga. Í stjórnmalum er yfirleitt ekki gert ráð fyrir áhrifum barna og unglunga. Þegar tveir ólíkir menningarheimar með ólík tungumál mætast verða allir sem þátt taka í samskiptum að aðlaga sig. Eigi samfélagsleg þátttaka barna að aukast er mikilvægt að samræðurnar séu á þeirra forsendum og að þau geti haft áhrif á fyrirkomulag þeirra. Þá ber að forðast að ítök ungmenna ráðist af því hvort fullorðnir séu tilbúnir að hleypa þeim að³².

Ungmennaráð geta gegnt ýmsum hlutverkum. Þau geta verið hagsmunahópar, þrýstihópar, talsmenn, framkvæmdaaðilar, álitsgjafar, tekið ákvarðanir, verið samræðu- og samstarfaðilar og þau geta verið varðhundur og bent á það sem aflaga fer³³. Margar leiðir eru færar en endurmat leiðir oft í ljós að þátttaka barna og unglunga hefur haft takmörkuð áhrif. Börnin geta m.a. verið notuð sem afsökun og réttlætning á ákvörðunum, sem fullorðnir eru búnir að taka. Þátttaka sem felst í að ráðstafa litlum fjárhæðum er frekar afmörkuð þátttaka. Annað vandamál er að stofnanir, sem fullorðnir eiga frumkvæði að, sæta oft gagnrýni fyrir að hleypa aðeins fámennum hópi útvaldra barna að. Sértekt val á ungmennum, ekki síst ef þeim er ætlað að hafa úrskurðunarvald, getur reynst hamlandi og óheppilegt³⁴.

Víða kemur fram hve mikilvægt er að leita óhefðbundinna leiða. Breyta þarf starfsvenjum og festa þátttöku ungmennanna í sessi. Á sveitarstjórnarstigi getur það leitt til viðamikilla breytinga á starfsvenjum bæjaryfirvalda. Þá þarf stöðugt að þjálf nýliða sem mæta til leiks. Fast skipulag og góð samstarfslíkön eru góð byrjun til þess að tryggja árangur verkefna og treysta þau í sessi.

³² Sjá m.a. Engelstad og Ødegård 2003: 7

³³ BLD 2009: 105

³⁴ Vestel et al 2003

6. Börn með einstaka reynslu

Börn með einstaka reynslu eru ungir skjólstæðingar félagsþjónustunnar, sem hafa reynt meira en flestir jafnaldrar þeirra. Þegar fjallað er um þátttöku þeirra, er yfirleitt átt við að koma að ákvörðunum, sem snerta þau beint. Börnin hafa alist upp við erfiðar fjölskylduaðstæður. Rannsóknir hafa m.a. leitt í ljós að lítið er hlustað á það, sem börnin hafa til málanna að leggja, þau eru illa upplýst og hafa lítil áhrif á ákvarðanir, sem teknar eru fyrir þeirra hönd³⁵. Þegar það er gagnrýnt er borið við mannfæð, veikburða skipulagi barnaverndar, þekkingarskorti á því hvernig hafa má börn með í ráðum eða þá að mótsögn felist í því að vernda barnið og fela því samhliða ábyrgð³⁶.

Þá hafa rannsóknir sýnt fram á hve mikilvægt er að gefa skjólstæðingum opinberrar félagsþjónustu kost á að segja til um hvaða aðstoð þeir þarfnist eða óski eftir, og gera grein fyrir þörfum sínum. Fáir þeir ekki að leggja neitt til málanna eða ef þeim finnst ekki tekið tillit til þarfa sinna finna þeir fyrir vanmáttarkennd sem getur valdið óvirkni og aðgerðaleysi.³⁷ Rannsóknir á bjargráðum og áhugahvöt hafa leitt í ljós hve mikilvægt er að einstaklingurinn fái að stjórna og hafa áhrif á líf sitt. Hann getur betur tekist á við mótbyr þegar honum finnst hann sjálfur hafa áhrif á aðstæður sínar. Um leið eykst hæfileikinn til að kljást við hvern þann vanda sem á veginum verður.

Verkefnin, sem hér hafa verið valin, sýna hvernig virkja má börn með einstaka reynslu í ákvarðanatökum og til sjálfstyrkingar.

6.1 Danmörk: Skilyrði sköpuð fyrir börn með fötlun til að taka þátt í umræðum um eigið líf

Eftir *Signe Højsteen* og *Kirsten Plambech*, sérfræðinga hjá Danske handicaporganisationer (Samtökum fatlaðra) í Danmörku

Taktu mér sem manneskju
Ef þú horfir mig
með mínum augum
gætirðu séð miklu meira.
En þú lítur ekki á mig.
Ertu kannski hræddur?
Mólvaðu múrinn
og sjáðu hvað gerist!

³⁵ Skivenes og Strandbu 2005: 23

³⁶ Skivenes og Strandbu 2005: 24-25

³⁷ Thrana 2008: 25

Ljóð þetta varð til í verkefninu „Börn og unglingar með fötlun segja álit sitt“. Margir fullorðnir, einnig samtök fatlaðra, tala um börn og unglinga með fötlun en reyna lítið til að fá þau sjálf til að segja frá viðhorfum sínum og óskum til lífsins. Lítið er vitað um hvernig taka má mið af sjónarmiðum þeirra.

Því réðust Samtök fatlaðra (DH) í verkefni til þess að kanna viðhorf ungs fólks til fötlunar sinnar. Markmiðið var einnig að finna leiðir til að afla upplýsinga hjá börnum og unglingum, sem búa við ólíka fötlun, og hlusta eftir skoðunum þeirra.

6.1.1 Fjölbreytileiki

Börnum og unglingum á aldrinum 14–18 ára, með mismunandi fötlun, var boðið á málþing yfir eina helgi, þar sem þau tóku til máls á eigin forsendum. Æskufólkið átti við ýmsar fatlanir að stríða, s.s. krampalömun, einhverfu, beinþynningu, meðfæddan heilaskaða, áunninn heilaskaða, þroskahömlun, flogaveiki, athyglisbrest, námsörðugleika, sjónvandamál, heyrnarleysi, Asbergers heilkenni, vöðvarýrnun og vanskapaða handleggi/fótleggi.

Skipulag er mikilvægt til að skapa réttu skilyrðin fyrir börn og unglinga af svo ólíkum toga. Öllum átti að líða vel og þora að vera þau sjálf. Ytri ramar áttu að gera öllum kleift að vera með í umræðum óháð fötlun. Fyrirfram var mikilvægt að þekkja fötlun unga fólksins og þarfir þeirra. Málþingin áttu að vera athvarf unga fólksins og því var hvorki foreldrum né öðrum nánum tengiliðum boðið með. Fullorðnir, sem voru á staðnum, tóku viðtöl, fleyttu ferlinu áfram og voru tengiliðir.

Mun erfiðara reyndist að finna þátttakendur en búist var við í fyrstu. Ýmislegt var reynt til að ná til ungmenna, gegnum samtök, íþróttir, skóla, bæjarblöð o.þ.h. en engu að síður sóttist seint að finna nógu marga þátttakendur.

Sums staðar komu fullorðnir í veg fyrir að við næðum til unga fólksins þar sem þeir töldu að börn „þeirra“ og unglingar væru ekki nógu sterkir til að taka þátt í verkefninu. Einn þátttakandi kom einmitt úr heimavistarskóla, sem hafði hafnað erindi okkar, en hann hafði frétt af verkefninu annars staðar. Það er umhugsunarefni. Greinilegt er að fullorðnir hafa fyrirfram gefnar skoðanir á því hvað ungt fólk með fötlun ræður við.

6.1.2 Skapandi leiðir – nauðsyn

Mikilvægast var að finna upp á verkefnum þar sem allir þátttakendur „kæm-ust að“. Ólík fötlun kallar á ólíkar lausnir. Sumir gátu t.d. ekki notað hendur og fætur, aðrir gátu ekki heyrt eða séð. Sumir höfðu skerta vitsmuni, aðrir þoldu ekki samneyti við aðra lengi í einu.

Því var brýnt að finna ólíkar tjáningaraðferðir til þess að koma til móts við þarfir og getu hvers og eins. Valdar voru eftirfarandi leiðir: Leikir til að kynnast, hlutverkaleikir, hópsamræður, fjögurra manna samtöl, tveggja

manna samtöl, tónlistarverkstæði, málunarverkstæði og skrifverkstæði. Í verkfærakassa verkefnisins var hægt að lesa sér til um hvernig einstakir dagskrárliðir gengju fyrir sig.

Málþing nægir í sjálfu sér ekki til að virkja börn og unglunga með fötlun. Hægt er að velja aðferðir út frá þeim aðstæðum og möguleikum sem eru fyrir hendi á hverjum stað. Það er engin afsökun að það sé tímafrekt, erfitt og undarlegt að vinna með fötluðum börnum og unglungum, sem eiga erfitt með að tjá sig. Enginn vafi leikur á því að ungmennin hafa gild sjónarmið um aðstæður sínar en eiga af ýmsum ástæðum örðugt með að tjá þau.

6.1.3 Góð upplifun

Fyrir og eftir málþingin hafa margir þátttakenda látið í ljós að þeim hafi fundist þegar allt kom til alls góð upplifun að taka þátt í þeim. Þrátt fyrir margar spurningar og þá miklu athygli, sem fötlun þeirra vakti. Sumir sögðust sáttari við sjálfan sig en áður. Aðrir sögðust ekki lengur hræðast félagslegt samneyti vegna þess að reynslan af málþingunum hafði verið svo góð. Margir hafa tengst vináttuböndum, og sumum finnst þeim hafa tekist að brjótast í gegnum múra mikillar einsemdar.

Málþingunum lauk með því að unga fólkið gaf álit sitt á því hvernig til hafði tekist og svöruðu spurningum um hvað þeim fannst um einstaka dagskrárliði. Síðar voru allir þátttakendur kallaðir saman þar sem niðurstöður verkefnisins voru kynntar og ræddar. Börnin voru ánægð með það, sem farið hafði fram og fannst bæði samtöl og verkstæðin hafa gengið vel. Nokkrum kom á óvart hvað þeim hafði tekist vel að tjá sig listrænt.

„Ég var mjög hissa á því hvað ég var góð að setja tilfinningar mínar á blað. Því hefði ég aldrei trúað. Það var ekki fyrir en það var lesið upp fyrir hina að ég gerði mér grein fyrir því hvernig mér líður. Þegar ég fór heim fannst mér æðislegt að hafa virkilega sagt það sem mér lá á hjarta, og hafa ekki byrgt neitt inni.“ *Tilvitnun í þátttakanda.*

Ungmennin vöktu aðdáun á lokaráðstefnu verkefnisins, þar sem þau tóku að sér aðalhlutverkið og sögðu frá reynslu sinni af verkefninu og lífi sínu.

Þetta var búið að vera góð upplifun með dásamlegu og áhugasömu ungu fólki. Í byrjun voru ekki allir sannfærðir um leiða mætti saman börn og unglunga með ólíka fötlun og skapa gefandi og uppbyggjandi ferli. En það tókst frammar öllum vonum.

Frá sjónarhóli borgarans

Í stuttu máli fannst börnunum þau ofvernduð og þeim settar ýmsar skorður í lífi sínu. Þeim fannst ekki hlustað nægilega á hvað þau höfðu fram að færa, jafnvel þegar teknar voru ákvarðanir um úrræði sem vörðuðu einkalíf þeirra. Ef óskir þeirra, skoðanir og geta væri virt að vettugi, vendust þau því smám saman að aðrir tækju ákvarðanir fyrir þeirra hönd og að skoðanir þeirra sjálfra skiptu engu máli. Þau eru ekki hvött til að setja orð á skoðanir sínar og láta þær í ljós. Því er hætt við að óvirknin verði ofan á í stað þess að þau

verði virkir samfélagsþegnar og tjái sig sjálf um það sem þeim liggur á hjarta. Hætt er við að félagsmótun barna og unglunga með fötlun búi þau undir aðgerðaleysi á fullorðinsárum þar sem veik sjálfsmynd rétt dugar til að sjá fyrir sér líf á örorkubótum. Því þarf að gjörbreyta hugarfari og skoðunum fólks á því sem börn og unglingar með fötlun geta og eiga rétt á að taka þátt í og þar með að leggja sitt af mörkum. Líta ber á þau sem virka og áhuga-sama einstaklinga með krafta, hæfileika og reynslu sem samfélagið hefur þörf fyrir. Hver einstaklingur á rétt á að á hann sé litið og hlustað sem þá einstöku og viðkunnalega manneskja, sem hann er. Fyrr getum við ekki talað um samfélag fyrir alla. Það verður að byrja á börnunum ...

6.2 Noregur: DUE – líkan til að bæta úrræði fyrir varnarlaus ungmenni með samtölum og samstarfi

Eftir *Joachim Bjerkvik*, verkefnisstjóra DUE

6.2.1 DUE – Þar sem unga fólkið er

DUE-verkefnið er unnið í samstarfi borgaryfirvalda í Björgvin, húsnæðismálastjórnar og lýðheilsustöðvar. Æskulýðsráðgjöfin *Utekontakten* í Björgvin sér um framkvæmd þess. Verkefnið felur í sér samstarf barnaverndar og félagsþjónustu um að veita ungu fólki á aldrinum 16–25 ára, sem býr við erfiðar fjölskylduadstæður, sveigjanlega og aðgengilega þjónustu í nærsamfélagi þeirra, og liðka fyrir verkaskiptingu þjónustusviða í borginni sem og milli ríkis og borgar.

Vinnulíkan

Þegar barnaverndarsvið eða félagsþjónustu hafa sent inn umsókn þar að lútandi, er komið á verkefni í kringum hvern ungling. Verkefninu stýrir umsjónarmaður í nánu samstarfi við unglinginn sjálfan og aðstoðaraðila hans. Í því felst markvisst starf í samræmi við aðgerðaáætlun fyrir unglinginn, einstaklingsáætlun hans og ábyrgðarhóp.

Umsjónarmennirnir hafa tilhlýðilega menntun og reynslu af starfi með markhópnum. Þeir kortleggja, skipuleggja og samræma hjálparúrræðin, og leitast við að skapa gott samstarf við unglinginn. Þeir koma úr ýmsum þjónustugeirum, frá borginni, ríki og einkaaðilum og eru yfirleitt leigðir í 8 klst. á viku af vinnustað sínum. Þannig tekst að finna umsjónarmann, sem hentar hverjum unglingi og nýta reynslu af mörgum vinnustöðum og auka fyrir vikið hæfni á bak við úrræðið. Hafi unglingarnir sérþarfir, er metið hvort fjölga beri vikulegum vinnustundum umsjónarmannsins eða bæta við starfsmanni.

Aðferðir

Einstakur forsendur hvers unglings ráða tilhögun DUE-verkefnisins hverju sinni. Áhersla er lögð á að þekking, færni og viðhorf verði til að bæta og efla félagslega hæfni unglinganna. Mestu máli skiptir að bæta félagslega grunnfærni, tileinkun bjargráða og getu til að bregðast við. Í verkefninu eru valdar bestu aðferðir úr ýmsum áttum og skiptir fagleg hæfni og starfsreynsla umsjónarmannsins sköpum í breytingaferlinu. Þannig verður til sveigjanleiki sem býður upp á einstaklingsmiðuð úrræði.

Af fúsum og frjálsum vilja

Unglingarnir ákveða sjálfir hvort þeir taka þátt í verkefninu og þannig reynist báðum aðilum auðveldara að gera kröfur. Margir skjólstæðingar hafa reynslu af ýmsum stofnunum og úrræðum og eru því á báðum áttum um hvort þeir eigi að leggja á sig enn eitt verkefnið. Unglingur, sem tekur þátt í DUE-verkefninu, komst þannig að orði þegar við hittumst fyrst:

„Það er ekki mín hugmynd að vera hér í dag, það er alls ekki af frjálsum vilja! Auk þess er ég ógeðslega þreyttur á barnaverndinni, og vil sjá um mig sjálfur!“

Við gefum okkur góðan tíma til að kynna verkefnið og hlusta á óskir og væntingar unga fólksins. Við bendum þeim á að þetta sé frjálst val þeirra sem þau þurfi að íhuga vandlega. Sumir vilja hugsa sig um en flestir vilja byrja eins fljótt og hægt er.

Virk þátttaka

Þeir, sem ákveða að vera með, vita að þess er vænst að þeir taki virkan þátt og komi að ákvörðunum sem varða framtíð þeirra á ýmsan hátt. Ungmennunum finnst þau taka þátt í að sníða eigin úrræði og eiga eitthvað í verkefninu, að tekið sé eftir þeim og þau tekin alvarlega. Meðákvörðunarréttur í raun vekur ábyrgðartilfinningu þeirra og er því mikilvægt skref í áttina að ráða sér sjálfur.

„Á stofnuninni var séð um allt fyrir mig. Nú er minna um það því ég kæri mig ekki um það. Nú er ég sjálfur orðinn yfirmaður, skilurðu – já, ásamt Endre (þ.e. umsjónarmanninum). Nú tek ég ábyrgðina og það er fínt – ég ræð alveg við það!“

Réttur maður á réttum stað

Þegar velja á umsjónarmann er byrjað á því að ræða við unglingsinn sjálfan og heyra hvort hann hafi sérstakar óskir, sem við teljum faglega verjandi. Síðan hefur DUE samband við viðkomandi og spyr hvort hann hafi áhuga á að taka að sér verkið. Þar sem unglingsurinn tekur þátt í að velja umsjónarmanninn má búast við góðu samstarfi þeirra á milli. Þetta teljum við hjá DUE vera lykilaatriðið í framþróun hvers verkefnis. Þegar unglingsur einn var spurður hvern hann vildi fá sem umsjónarmann svaraði hann:

„Það er einn sem var aðaltengiliður minn (á barnaverndarstofnuninni, ritstj.). Hann vissi hvað var í gangi og það var hægt að treysta honum – en ég efast um að hann nenni að hafa meiri afskipti af mér. Það má segja að ég hafi brennt ýmsar brýr að baki mér. (Hugsar sig um) Eruð þið til í að spyrja hann?“

Samstarfsteymi

Gott samband þar sem ríkir gagnkvæmt traust og virðing, er forsenda þess að mynda megi uppbyggilegt samstarfsteymi unglings og umsjónarmanns. Áhugi, sveigjanleiki, aðgengi og hæfileikinn til að hlusta og eiga gefandi samræður við unglingsinn skipta þar miklu máli. Einhugur og sameiginlegur skilningur á markmiðum verkefnisins þarf að vera fyrir hendi ef nýta á gott samband sem best. Þá er mikilvægt að unglingsurinn, umsjónarmaður og aðrir, sem kunna að koma að verkefninu geri sér grein fyrir hlutverki og verkefni hvers og eins og virði það. Markmið og verkaskipting í DUE-verkefnunum verða að vera skýr og raunsæ. Þau eru ákveðin í samráði við unglingsinn áður en þau eru felld inn í aðgerðaáætlun og einstaklingsáætlun hans. Eigi nauðsynlegt traust að myndast er afar brýnt að allir sinni sínu verki og hrindi áætluninni í framkvæmd innan settra tímamarka.

„Ég man ekki til þess að það hafi áður gerst svona mikið í lífi mínu. Þau standa við það sem þau lofa, og það sem við ákveðum saman gerist – það er rosalega mikilvægt.“

Áætlunin á að vera raunverulegt vinnuverkfæri, sem er stöðugt endurmetið og aðlagð aðstæðum í samráði við unglingsinn. Þannig finnst honum hann eiga hlutdeild í henni og reynslan hefur sýnt að þá leggur hann sig enn frekar fram við að ná settum markmiðum.

Gott aðgengi

Umsjónarmaður skipuleggur sjálfur sinn vinnutíma í samræmi við þarfir unglingsins og getur hann því verið breytilegur. Mest er þörfin fyrir framlag hans í upphafi verkefnisins og þegar kaflaskipti eru í því. Umsjónarmaður er á bakvakt og því er hægt að ná honum í farsíma á öllum tímum sólarhrings. Þá er haft samstarf við Bráðaðþjónustu barna, sem er kunnugt um hvaða unglingar taka þátt í verkefninu. Unglingarnir geta alltaf leitað þangað ef ekki næst í umsjónarmanninn. Umsjónarmenn geta leitað ráða og leiðbeininga hjá stjórn verkefnisins á vinnutíma og utan hans. Sveigjanlegur vinnutími og bakvaktir bæta aðgengið að umsjónarmönnum.

Misjafnt er hve mikið reynir á bakvaktirnar. Sumir hringja eða senda sms til umsjónarmannsins oft á dag, einnig um kvöld og nætur ef þörf krefur, en aðrir láta minna á það reyna. Unglingunum finnst yfirleitt skipta miklu máli að geta leitað til einhvers, sem þekkir þá og aðstæður þeirra, hvenær sólarhringsins sem er. Ein stelpan komst þannig á orði á fyrsta fundi sínum með samstarfsteyminu:

„Ég get hringt hvenær sem ég vil, og hún nennir alveg að hlusta á mig þegar ég er leið.“

Margir finna öryggi í því að geta náð í umsjónarmanninn þegar þeir vilja og því verður þörfin fyrir samband minni en ella.

Flutt að heiman

Fyrst ber að nefna að það er mjög hvetjandi fyrir ungmenni að geta flutt að heiman og verða sjálfstæðir einstaklingar. Margir eiga ekki lengur kost á að búa í foreldrahúsum. Mikill hörgull er á leiguhúsnæði í borginni og því þurfa umsjónarmaður og unglingurinn iðulega að verja miklum tíma og kröftum í leit að hentugu húsnæði á opnum leigumarkaði. Þannig finnst unglingnum hann axla ábyrgð á eigin húsnæðismálum og leggur sig meira fram við að halda því húsnæði sem hann fær á endanum. Þegar unglingarnir fá sjálfir að velja húsnæði og staðsetningu þess hefur það útslitabýðingu um hvernig þeim líður á nýja heimilinu. Eins kemur það sér vel fyrir alla fjölskylduna því oft á tíðum er andrúmsloftið orðið spennt í foreldrahúsum.

Árvekni en ekki eftirlit

Flestir unglingar hafa þörf fyrir að fullorðnir séu vakandi yfir velferð þeirra án þess þó að þeir séu með nefið ofan í öllum köppum. Mikilvægt er að umsjónarmaður viti nokkurn veginn hvar unglingurinn er, hvað hann hefur fyrir stafni og – ekki síst – með hverjum. Erfitt er að komast að því með eiginlegu eftirliti enda vinnur slíkt oft gegn markmiðum verkefnisins þar sem tortryggni og slæm samskipti skapa fjarlægð milli umsjónarmanns og unglings. Við vitum það eitt um frístundir unglings sem hann kys sjálfur að segja frá, en ekki með því að hnýsast of mikið í hans málum. Enn sem fyrr er gott samband þar sem gagnkvæmt traust ríkir mikilvægt. Með því að hrósa unglingnum, hlusta á hann og sýna honum einlægan áhuga aukast líkur á því að umsjónarmaðurinn öðlist góða innsýn í líf unglingsins.

„Hún getur verið svolítið smámunasöm, spurt hvernig ég hafi það í dag, hverja ég umgangist og svoleiðis. En það er svo sem allt í lagi.“

Árangur

Með DUE-úrræðunum hafa yfirvöld í Björgvin sýnt í verki skilning á því að hver unglingur er einstakur og með sínar sérstöku þarfir. Ungu fólkið sem tekur þátt í DUE-verkefninu býr yfir ólíkri reynslu, vandamál þeirra og úrlausnarefni eru af ýmsum toga. Verkefni unglingsanna og markmið þeirra eru því einstaklingsmiðuð. Framvinda þeirra er ólík, sumir þurfa meiri tíma en aðrir en búið er þannig um hnútana að öllum gefist kostur á að þroskast. Þannig eykst geta þeirra og áhugi á að vaxa enn frekar, einnig eftir að verkefninu lýkur. Hin mikla eftirspurn, sem verið hefur eftir þessu úrræði hjá barnavernd og félagsþjónustu, segir sitthvað um hversu þörfin er mikil.

6.3 Danmörk: Barnaráð og meðákvörðunarréttur í skóla og meðferðarheimilinu Orøstrand

Eftir *Karsten Christoffersen*, forstöðumann á Orøstrand

- *Kennslu- og hugmyndafræði*: Orøstrand byggist á „öllu ferlinu“. Þannig er leitast við að virkja börnin á:
- *Ákvörðunarskeiði*: Þau taka þátt í að ákveða hvaða verk eigi að vinna.
- *Undirbúnings skeiði*: Þau taka þátt í að finna leiðir að settu marki.
- *Framkvæmdaskeiði*: Þau taka þátt í að meta hvað þurfi til að ná settu marki.
- *Mattskeiði*: Þau taka þátt í að meta hvort takmarkinu sé náð og hvort árangurinn sé ásættanlegur.

Börnin eiga alltaf að vera með í ráðum; það er ekki æfing heldur réttur þeirra.

Áhrif nemenda eru alltaf afstæð en tilgangurinn er að þeir komi eins mikil og hægt er að ákvörðunum sem varða daglegt líf þeirra, ekki aðeins sem einstaklinga heldur einnig í hópnum með hinum börnunum og starfsfólkinu.

Mikilvægt er að undirstrika að þátttöku ber alltaf að miða við þroska barnsins og tryggja þar með að það ráði við viðfangsefnið. Undirstöðuatriði er að öll börnin taki þátt í ákvörðunum, undirbúningi, framkvæmd og mati. Reynslan hefur sýnt að sjálfsvirðing og sjálfstraust barna eykst fyrir vikið og þau verða betur í stakk búin til að takast á við viðfangsefni síðar í lífinu.

Starf barnaráðsins er ein leið til að virkja börnin og ná settum markmiðum. Það er einnig leið til að ná markmiðinu um „allt ferlið“. Auk formlegs starfs og samstarfs við barnaráðið er unnið að því að finna fleiri viðfangsefni og málefni þar sem börnin geta verið með í ráðum. Þannig tekst að virkja börnin í lýðræðislegu ferli út frá þeirri grundvallarsýn „að öll börn eigi rétt á koma að ákvörðunum og hafa áhrif og að börn og unglingar valdi því að taka þátt í ákvörðunum og hafa áhrif“.

Barnaráðið var stofnað 1995 og lykilorð þess eru að börn eigi að hafa raunveruleg áhrif og koma að ákvörðunum. Því sé mikilvægt að skilgreina stöðu ráðsins, völd þess, áhrif og ráðstöfunarrétt yfir fjármálum.

Staða: Forstöðumaður fundar með börnunum, þau vita hver er hæstráðandi og að ákvarðanir eru nokkurn veginn óhagganlegar.

Völd: Það sem ákveðið er á fundum barnaráðsins stendur. Ef ákvarðanir ráðsins stangast á við aðrar hjá stofnuninni, er þeim frestað þar til leyst hefur verið úr málum. Ákvörðun tekur fyrst gildi átta dögum eftir að hún hefur verið tekin.

Áhrif: Barnaráðið hefur áhrif því það má fjalla um og tjá sig um allt sem varðar stofnunina.

Fjármál: Barnaráðið ræður yfir sektarsjóði og hefur sjálft ákveðið upphæð sektanna. Ráðið afgreiðir styrki til barnanna. Leitað er álits barnaráðsins varðandi öll innkaup á afþreyingu fyrir börnin.

Starf barnaráðsins fer fram á fundum þess. Fyrir fundi leita börnin eftir málum og tillögum félaga sinna á deildinni. Það er gert á fundum deildarinnar en fulltrúi hennar tekur síðan tillögurnar með sér inn á fund í barnaráðinu. Ráðið fundar 15–20 sinnum á ári (fastir mánaðarfundir auk tilfallandi funda). Barnaráðið fjallar um öll vandamál og ýmis málefni, s.s. reglur um ofbeldi og einelti; reglur um afnot af reiðhjólum; fótboltaleiki, boltaleiki, tölvur, trampólín o.þ.h.; sektir fyrir reykingar og að hjóla á trampólíninu.

Sektirnar renna í sjóð barnaráðsins. Það hefur ákveðið að sektirnar megi ekki nema meiru en fjögurra vikna vasapeningum (fyrir skemmdarverk og hnúpl). Við erum t.d. með „skemmdarverkareikning“, en börnin fá að ráðstafa þeim peningum, sem verða afgangs þegar viðgerð er lokið. Mikið hefur dregið úr kostnaði vegna skemmdarverka síðan þessu fyrirkomulagi var komið á. Ef einstaklingur er sektaður eða krafinn um skaðabætur, er honum vísað til vinnu svo hann verði borgunarmaður fyrir sektinni. Ákvarðanir eru einróma og færðar í fundargerð. Ef leggja þarf ákvarðanir fyrir fullorðna sér forstöðumaður um það. Eftirfarandi fundargerð gefur mynd af viðfangsefnum barnaráðsins:

Viðstaddir:

Farið yfir fundargerð dags. ... við urðum sammála um að forstöðumaðurinn bæri eftirfarandi mál undir fullorðna fólkið:

- Hvernig getum við haldið áfram með leikvöllinn.
- Það þarf að merkja fótboltavöllinn og skoða ný og „aðeins stærri mörk“.
- Það þarf að kaupa stangartennis og tæki fyrir aðrar útiþróttir.
- Barnaráðið vill verja einum starfsdegi til að fjarlægja kofann við bálstæðið.
- Sammála um að fulltrúar í barnaráði eigi að vera öðrum fyrirmynd.

Erindi frá deildum á þessum fundi:

Nýjar kosningar; fundarmæting á barnaráðsfundum; barnaráðsskápurinn í anddyrinu; hnúpl úr eldhúsinu; gluggarnir í leikfimisalnum; dyrabjöllur/ þjófavarnarkerfi; skólaferðir; reykingareglur; reglur um notkun á íþróttafatnaði; leikvöllurinn; reglur fyrir Kontakt 2

Nýjar kosningar: Kosið verður í barnaráð þann 6/10 og því næst mun nýtt ráð funda og skipuleggja hver taki hvaða verkefni að sér.

Mæting á fundi barnaráðsins: Tillaga um að barnaráðið fundi á vissum dögum og aðeins oftár en nú. Of langur tími líður á milli funda. Forstöðumaður kannar möguleikana á því.

Barnaráðsskápurinn í anddyrinu: Tillaga um að gera skápinn í anddyrinu hentugri og nota hann meira undir fundargerðir – fundardagskrár – góðar tillögur o.fl. Forstöðumaður sér um taka það upp á næsta fundi.

Hnupl úr eldhúsinu: Ráðið er sammála um að það sé slæm hugmynd að stela. Hvort heldur úr eldhúsi eða annars staðar. Deildirnar ákveða hvort börn geti boðið sig fram í barnaráð ef þau hafa gerst sek um hnupl eða þess háttar. Fullorðnir á deildunum taka þátt í að stjórna umræðum um þetta fyrir kosningarnar 6/10.

Gluggarnir í leikfimisalnum: Tillaga um að setja eitthvað fyrir gluggana í leikfimisalnum til að koma í veg fyrir að rúðurnar verði brotnar. E.t.v. rimla eða þess háttar. Forstöðumaður kannar þetta.

Skólaferðirnar: Káetan er mjög óánægð með að farið sé í skólaferðalög á skólatíma. Það er vont að dragast aftur úr, bæði með heimavinnu og eins að eignast vini. Fyrst segja fullorðnir að við eigum að fara í útiskóla en síðan vilja þeir að við förum í skólaferðalög einmitt þegar útiskólinn er að byrja.

Reglur um reykingar Ræddum hvort reykingareglur væru of strangar. Meirihlutinn telur þær í lagi og Karsten bendir á að bannað sé með lögum að reykja á Orøstrand.

Reglur um notkun íþróttaklæðnaðar: Íþróttaföt eru aðeins fyrir íþróttaiðkun og barnaráðinu finnst að eigi að taka hart á því þegar börn ganga daglega í íþróttafötum, án þess að þau séu að stunda íþróttir.

Allir eiga að taka þátt í að þvo fötin, brjóta þau saman og sjá til þess að þau séu í lagi næst þegar á að nota þau. Karsten ræðir þetta við fullorðna fólkið og þvottahúsið.

Leikvöllurinn: Nýtt barnaráð á að gera áætlun um hvað gera eigi við leikvöllinn / leiksvæðið. Það á að taka tillit bæði til litlu og stóru krakkanna og hvernig svæðið á að líta út.

Auk þess eigum við að skoða tillögur frá síðasta barnaráði, t.d. hvernig við getum sótt um peninga fyrir hjálp utanaðkomandi aðila.

Mikilvægi

Eftir því sem árin líða gerum við okkur æ betur grein fyrir mikilvægi barnaráðsins í daglegu starfi. Áður brugðust börnin hart við, hvort heldur í svörum eða líkamlega, teldu þau á rétt sinn gengið, en nú leggja þau vandamálín fyrir barnaráðið. Börn og unglingar hafa öðlast meiri sjálfsvirðingu og sjálfstraust og þora nú að stíga fram, færa rök fyrir máli sínu og útskýra það. Hugmyndir barna og unglunga um hegðun og almenna mannsiði mótast. Þau verða meðvitund um ábyrgð sína og gæta þess að fara vel með hlutina. Þegar barnaráðið ræddi þessa grein sögðu börnin:

„Það er gott að vera í barnaráðinu því þá fær maður að ráða.“ (9 ára strákur)

„Ég læri hvernig lýðræðið virkar og get notað það í skólanum.“ (9 ára strákur)

„Lýðræði er það sem við gerum í barnaráðinu.“ (12 ára stelpa)

„Ég gæti vel hugsað mér að við hefðum fleiri peninga í barnaráðinu því þá gætum við ráðið meiru.“ (9 ára strákur)

6.4 Finnland: Tengsl gera skjólstaðinga að sérfræðingum

Eftir *Johanna Barkman*, þróunarstjóra hjá Pesäpuu rf

6.4.1 Þær sem ekki gefast upp breyttu fósturúræðum á vegum barnaverndar

„Nú er liðið 1½ ár og segja má að sá tími hafi verið áhugaverður og undursamlegur. Í byrjun hafði ég ekki hugmynd um á hverju ég gat átt von eða hvað ég hafði flækt mér í. Á „leiðinni“ hefur það smám saman skýrst fyrir mér og ég áttað mig á að ég er að taka þátt í frábærum hlutum. Nýju vinirnir, samtölin þar sem við miðlum af reynslu okkar og nýrri þekkingu, tækifærin til að hafa áhrif „til hliðar“ og tjá skoðanir annarra barna og unglinga á vanköntum barnaverndar hefur verið hvetjandi og afar gefandi.“

Þær sem ekki gefast upp er þróunarhópur sem settur var á laggirnar í verkefni á vegum Pesäpuu sem kallast „Gluggi að eigin lífi – ungmenni í fóstri á vegum barnaverndar“ (Ikkuna omaan elämään – nuoret lastensuojelun sijais-huollossa). Í hópnum eru sex ungar konur sem barnaverndaryfirvöld hafa komið fyrir á fósturheimilum og barnaverndarstofnunum. Sumar frá barnsaldri, aðrar í nokkur ár. Reynsla þeirra er margvísleg, sumar voru vistaðar hjá sömu fósturfjölskyldu öll uppvaxtarárin en aðrar bjuggu ýmist hjá fjölskyldum eða á stofnunum. Starfsfólk félagsþjónustunnar hafði hönd í bagga við að mynda þennan hóp en auk þess gátu unglingar skráð sig eftir auglýsingu á netinu.

Meginmarkmið verkefnisins var að virkja ungmenni, sem hafa verið sett í fóstur, til að setja fram tillögur að tilhögun vistunar á vegum barnaverndar og finna nýjar leiðir í þeim efnum. Hópnum var falið að ræða erfið og viðkvæm barnaverndarmálefni. Unglingar, sem settir hafa verið í fóstur, eiga að baki erfiða og dapurlega æsku og iðulega hefur verið brotið á þeim. Framlag stúlkunnanna felst í að kynna sjónarmið sín og greina frá reynslu sinni. Aftur og aftur hafa þær verið inntar álit og þær hafa lært að bjarga sér á ýmsan hátt. Þeim liggur ýmislegt á hjarta varðandi barnavernd en einnig um réttindi sín og skyldur. Ólíkur uppruni þeirra auðveldar að taka mið af ýmsum sjónarmiðum varðandi vistun á vegum barnaverndar. Stúlkurnar miðluðu af reynslu sinni en komu líka á framfæri skilaboðum frá jafnöldrum sínum.

Jafningjastuðningur breytist í þróunarhóp

Haustið 2009 höfðu Þær sem ekki gefast upp starfað saman í tæp tvö ár. Hópurinn hittist mánaðarlega og fundar í hálfan dag í senn. Milli funda skrifast þær á í tölvupósti og vefumræðum. Hópurinn hefur farið í gegnum fjögur ólík skeið. Í byrjun var um að ræða jafningjastuðning en þegar stúlkurnar höfðu farið í gegnum froðu-, þroska-, hugflæði- og skyttuskeiðin voru þær orðnar þróunarhópur.

Fyrstu fundir hópsins fóru í svokallað froðutímabil þar sem tilfinningar og reynslusögur þyrlluðust upp þegar stúlkurnar báru saman bækur sínar.

Mikilvægt var að skapa öruggt, streitulaust, jákvætt og opið andrúmsloft á fundunum til þess að stúlkurnar þyrðu að trúa hver annarri fyrir hugsunum sínum og hlusta á reynslu hinna. Þær unnu úr reynslunni með „Þekkið manngerðina“-spilunum, en þar er ýmsum tilfinningum lýst í myndum. Stúlkurnar aðlöguðu spilin að sínum þörfum og fínþússuðu þau áður en aðrir unglingar gætu tekið þau í notkun. Froðuskeiðið getur verið mjög kröftugt í svona hópi en það er óumflýjanlegt áður en hópurinn getur farið að snúa sér að starfi barnaverndar. Jafningjastuðningurinn var áberandi á froðuskeiðinu þegar stúlkurnar hjálpuðu hver annarri að takast á við sára reynslu:

„Við kynnumst hver annarri og áttum okkur smám saman á því að hinar hlusta. Ein- hvern veginn er áhugavert að hlusta, vegna þess að við höfum upplifað ólíka hluti en líka vegna þess að mörgum hefur liðið illa. Það er líka spennandi að vita hvernig hin- ar hafa bjargað sér. Eða tekist á við hlutina og komist áfram í lífinu, þangað sem við erum í dag. Auðvitað er þetta eitthvað sem maður veltir fyrir sér allt lífið ...“

Þegar froðuskeiði sleppti tók þroskaskeiðið við. Hópurinn prófaði ýmis verkfæri sem Pesäpuu hefur þróað, t.d. texta um þirring sem samdir voru til að hjálpa fólki að tjá hatur, og pókerleikinn „Merki um að bjarga sér“ til að velta fyrir sér hvernig megi koma sér úr ýmsum aðstæðum. Góður andi ríkti í vinnuhópnum þrátt fyrir að viðfangsefnin ýfðu upp sárar tilfinningar og væru ekki alltaf í samræmi við þarfir stúlkanna:

„Við unnum rosalega mikið og eftir fundina var ég gjörsamlega úrvinda. Við skildum heldur ekki alltaf hvers vegna við urðum að fara í gegnum alla þessa hluti. Við hefðum miklu frekar viljað segja frá reynslu okkar.“

Hópurinn fór nú í gegnum tímabil þróunarvinnu í kjölfar jafningjastuðnings. Á þroskaskeiðinu hafði leiðbeinandi hópsins tekið meðvitaða áhættu og treyst á að nýjar skapandi hugmyndir ættu eftir að skjóta upp kollinum. Alltaf má prófa nýjar aðferðir í leit að kjarna sem manni hefur ekki hugkvæmst áður, þ.e. atriði, sem eiga eftir að fleyta hópnum áfram. Kjarni þeirra sem ekki gefast upp kom í ljós þegar stúlkurnar voru beðnar um að koma með athugasemdir við skýrslu Mikkos Oranen um hentuga barnavernd. Þá kviknaði sú hugmynd að þær gerðu sjálfar grein fyrir afstöðu sinni og semdu tíu sannleikskorn um barna- og unglingavernd. Nú lá leið hópsins yfir á hugflæðiskeiðið.

Hugflæðið fólst í því að stúlkurnar unnu áreynslulaust en markvisst með ýmis málefni barnaverndar út frá sannleikskornunum tíu. Reynsla þeirra og hugrenningar urðu að samantekt um tíu atriði, sem máttu betur fara í starfi barnaverndar. Stúlkurnar tóku ákveðna afstöðu til hlutverks foreldra, ábyrgðar fullorðinna, sektarkenndar, einmanaleika og ofbeldis. Þær lögðu áherslu á að engin ástæða væri til að skammast sín fyrir að vera skjól- stæðingur barnaverndar, leita eftir hjálp og taka á móti henni. Börn og

unglingar sem eru hjálparþurfi verða að fá aðstoð. Ákveðið var að útbúa vef um málefnið³⁸ og veggspjöld með tíu sannleikskornum um barnavernd.

Stúlkurnar smíðuðu vefinn í samstarfi við hljómsveitina Negative, sem leyfði þeim að nota lag sitt, Won't Let Go. Á veggspjöldin settu þær sannleikskornin tíu og frásagnir þeim tengdar til að vekja fólk til umhugsunar. Þær ákváðu að bæta við krækjulistu á vefinn til að upplýsa börn og unglunga um hvert þau gætu leitað eftir hjálp.

Þær sem ekki gefast upp notuðu sannleikskornin tíu til að hafa áhrif á samfélagið. Markhóparnir voru margir: börn, unglingar og fjölskyldur, stjórnmálamenn og fullorðið fólk almennt. Sannleikskornin fengu mjög góðar undirtektir og umfjöllun, sem var langt umfram væntingar stúlkanna. Þær voru furðu lostnar og starfið tók stóran kipp. Nú rann skyttuskeiðið upp, þar sem hugsunin „ein fyrir alla og allar fyrir eina“ var ríkjandi. Stúlkurnar geisluðu af ákafa og sjálfstrausti. Þær sem áður voru skjólstæðingar barnaverndar voru nú orðnar frægar. Starf þeirra var metið að verðleikum, og þeim hafði tekist að hafa áhrif á almenningsálitið með því að miðla af sérþekkingu sinni á barnavernd. Sérfræðihlutverk þeirra varð enn meira áberandi þegar þær hófu samstarf við Maria Kaisa Aula, umboðsmann barna í Finnlandi. Þær sem ekki gefast upp voru nú orðnar þróunarteymi á sviði fósturúræða á vegum barnaverndar.

Hvað hefur hópurinn lært?

Verkefnið fór fram úr öllum væntingum og hópstarfið hefur styrkt stúlkurnar:

„Ég hef lært gagnrýna hugsun, að uppgötva það sem miður fer og hvernig má laga það. Hópurinn hefur líka kennt mér að aldur skiptir ekki máli, ef maður vill vera með og hafa áhrif. Ég er hugrakkari en áður og trúí því að hægt sé að fá eitthvað gott úr reynslu sinni, líka því erfiða, og ef maður vinnur rétt úr henni getur hún reynst manni veganesti í lífinu. Þær sem ekki gefast upp hafa kennt mér að treysta, að til sé fullorðið fólk sem vill börnum vel og stendur við orð sín.“

Stúlkurnar kunna vel að meta fullorðna, sem þora að leiða svona þróunarhóp, eru reiðubúnir að hlusta á börn og unglunga og virða reynslu þeirra. Fullorðnir verða þó að vera viðbúnir því að unglingarnir vilji byrja á því að segja frá reynslu sinni og ná tókum á tilfinningunum, sem henni fylgja. Síðan er hægt að vinna úr því og hafa eitthvað að stefna að. Leiðin frá hlutverki skjólstæðingsins til sérfræðihlutverksins er löng og tilfinningaþrungin.

Hópurinn hvetur einnig aðra unglunga til að taka að sér verkefni til að hafa áhrif á störf barnaverndar.

„Takið áhættu! Verið hugrökk! Þið búið yfir gifurlegri þekkingu og reynslu af barnavernd. Þið vitið hvað er gert vel og hvað mætti betur fara. Þið eruð sérfræðingar í þessum málum! Auk þess fáíð þið tækifæri til að hafa áhrif á gang mála og eignist frábæra vini í hópnum. Þið finnið farveg fyrir reynslu ykkar þrátt fyrir að hópurinn sé ekki jafningjastuðningshópur sem slíkur. Ég vil þó vara við einu: Hópurinn getur breytt ykkur, þið getið fundið fyrir sterkri þörf til að verja börn og unglunga sem brot-

³⁸ Ensk þýðing á efninu er á vefslóðinni: <http://snap.fi/services/pesapuu/10faktaa/en.php>

íð er á, þið getið reiðst þeim sem brjóta á öðrum og það getur hrist svo mikið upp í lífi ykkar að sárin opnast þegar hlutirnir vella fram. Þetta er bara eðlilegt, og að fenginni reynslu get ég fullvissað ykkur um að þetta er upphaf að svo mörgum góðum hlutum, bæði persónulega og út á við.“

6.5 Noregur: Unglingar sem búa við erfiðar fjölskylduáðstæður hjálpa hver öðrum og eflast um leið

Eftir *Marit Sanner*, yfirmann Forandringsfabrikken

6.5.1 Sérfræðingar í barnavernd

Sérfræðingar í barnavernd eru 24 unglingar á aldrinum 14–19 ára, sem hafa miklu reynslu af barnavernd í Noregi. Nafnbótin Sérfræðingar í barnavernd er til komin vegna þess að unglingarnir hafa verið vistaðir á mörgum stofnunum og búa yfir viðtækri reynslu af barnaverndarúrræðum. Þeir hafa að jafnaði verið vistaðir á sjö stofnunum. Í verkefninu lýstu unglingarnir reynslu sinni, góðri og slæmri, og komu með ábendingar um hvernig breyta þyrfti barnavernd í Noregi. Niðurstöðurnar voru fyrst kynntar 28. maí 2009 í Ósló. Forandringsfabrikken leiddi starf hópsins en stofnunin Helse og Rehabilitering fjármagnaði verkefnið.

Markmið

Meginmarkmiðið var að veita ráð til að bæta þjónustu við skjólstæðinga barnaverndaryfirvalda. Hliðarmarkmiðin voru:

- Að kynna fagfólki óskir skjólstæðinga barnaverndar um viðmót og hvað þeir telja koma að gagni.
- Að benda fjölmiðlum á hvernig þeir geta beint sjónum að úrræðum fyrir skjólstæðinga barnaverndar.
- Að fræða unglingana í verkefninu og hjálfa þá í að vera félagslega virkir og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við fagfólk og fjölmiðla.
- Að gefa unglingum, sem búa að sárri lífsreynslu, kost á að uppgötva styrk sinn, krafta og tækifæri.
- Að kynna opinberlega hvernig vinna má með börnum og unglingum, sem búa við erfiðar aðstæður, án þess að brennimerkja þau.
- Að veita mikilvægt framlag til að auka virkni skjólstæðinga barnaverndar.
- Að uppfylla ákvæði Barnaverndarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Verkefnið er nátengt 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Mikilvægur hvati í starfinu er grundvallarreglan um að börn eigi rétt á því að raddir þeirra heyrast.

Markhópar

Markhópar verkefnisins er starfsfólk barnaverndar sveitarfélaga og ríkis, starfsfólk á bæjarskrifstofum, fagteymi í barna-, unglunga- og fjölskylduráðum, forvarnateymi lögreglu, félagsmálaráðum, starfsfólk Barna-, unglunga- og fjölskyldustofu ríkisins, barna- og jafnréttismálaráðuneytisins og annarra ráðuneyta. Einnig stjórnmalámennt í sveitarstjórnnum, fylkisstjórnnum og á þingi. Þá eru fjölmiðlar mikilvægur markhópur. Við teljum okkur geta bent fjölmiðlum á ný sjónarhorn og hvernig þeir geti fjallað um reynslu og hugmyndir barna og unglunga, sem búa við erfiðar aðstæður.

Leiðir til breytinga

Margir unglingar, sem við höfum rætt við, segjast hafa hitt alltof marga fullorðna, sem þau þurfa alltof oft að segja sögu sína. Því eru þeir tortryggirnir í garð fullorðins fólks og hafa takmarkaðan áhuga á að miðla af reynslu sinni sem skjólstaðingar barnaverndar. Annað sem við þurftum að kljást við var að svör unglunganna áttu ekki eftir að bæta líf þeirra. Hvers vegna ættu þeir þá að taka þátt í verkefninu? Þetta var ærið verkefni.

Forandringsfabrikken hefur á undanförmu ári unnið ötullega að því að finna leiðir til að fá börn og unglunga til að miðla af lífsreynslu sinni. Aðferðirnar verða að vera áhugavekjandi og skemmtilegar enda við stöndum frammi fyrir krefjandi, erfiðri og slæmri lífsreynslu, sem unglungarnir eru orðnir þreyttir á að segja frá. Við hönnuðum s.k. breytingaaðferð og prófuðum hana í samstarfi við unglunga og fagfólk á ýmsum sviðum. Þessi aðferð er skýr valkostur við spurningalista, sem margir skjólstaðingar barnaverndar eru komnir með upp í kok af. Breytingaaðferðin felst í sjónrænum verkefnum, sem kalla á virkni, hún virkar hvetjandi og vekur áhuga á opnum og raunverulegum samtölum. Byrjað er á því að fara í leiki og skapa orku því það er mikilvægt til að skapa öryggi og byggja upp traust. Þá tekur við kortlagning þegar raunverulegri reynslu er lýst. Nú ræðst af markmiði starfsins hvaða aðferðir eru valdar fyrir hugflæði, undirbúning aðgerða og svörun. Breytingaaðferðin byggir á hugmyndafræðinni Participatory Learning and Action (PLA) en sú leið hefur verið farin við skipulagsgerð og annað þróunarstarf víða um heim.

Sérfræðingum í barnavernd var boðið á fundi um allt land og tók hver unglingur þátt í 1–3 fundum. Þeim var boðið af opinberum eða einkareknum stofnunum og réðu sjálfir hvort þeir þæðu boðið. Hver fundur hafði ákveðin þemu. Umræðan var opin en þátttakendur áttu að benda á mikilvægustu atriðin. Allan tímann beindist athyglin að reynslu þeirra, sem tengdist yfirskrift fundarins og hugmyndum þeirra og óskum um breytingar.

Reynsla

Viðbrögð Sérfræðinga í barnavernd við verkefninu hafa varpað ljósi á þá þætti, sem réðu því hve vel til tókst:

Nálgunin gerði þau að „sérfræðingum“

Flestir unglínganna, sem boðið var að taka þátt í verkefninu, slógu til. Margir segja að hlutverkið, sem þeim var ætlað í verkefninu, hafi freistað þeirra. Þeir sögðust aldrei áður hafa verið inntir álits og því hafi hljómað spennandi að fá að veita öðrum ráð. Dýrkeypt reynsla varð jákvæð og þeir lögðu sig fram um að leggja sem mest af mörkum.

Mikilvæg málefni til umræðu

Þemu verkefnisins voru ákveðin í samstarfi fimm unglínga og fagfólks. Unglíngarnir tjáðu okkur að það hafi verið mjög gott að fá að svara svo mikilvægum spurningum.

Skýr skilyrði fyrir þátttöku

Útlistað var fyrir unglíngum hvað þátttaka þeirra í verkefninu feldi í sér. Þeir gerðu sér grein fyrir því að svör þeirra myndu ekki breyta aðstæðum þeirra og daglegu lífi undir forsjá barnaverndar. Hins vegar fengju þeir tækifæri til að miðla af reynslu sinni og koma með ábendingar til barnaverndaryfirvalda í Noregi.

Niðurstöður

Við vildum kafa djúpt og velja svo upplifanir og skilning unglínganna á nokkrum málefnum. Svörin voru flokkuð og ef þau endurtóku sig rötudu þau inn í niðurstöðurnar. Þannig fundum við „áherslurnar“ í svörunum. Fullorðnir túlkuðu ekki niðurstöðurnar.

Margt var líkt með reynslu og skilningi unglínganna, eftir dvöl þeirra á mörgum ólíkum barnaverndarstofnunum í æsku. Við teljum því að svör 24 unglínga, sem búa yfir gífurlegri reynslu frá ýmsum barnaverndarstofnunum, séu vel marktæk.

Svörin voru tekin saman og flokkuð eftir efnunum:

- Að ná athygli annarra
- Hverjir eiga að búa hvar
- Fullorðnir
- Snúningur
- Mörk & læsing
- Víma
- Flutningar
- Félagráðgjafar
- Skóli
- Draumastofnunin

Þau málefni, sem vöktu mestan áhuga þeirra, fengu mest rými í niðurstöðunum.

Þær voru síðan teknar saman í ritinu „Sérfræðingar í barnavernd“, sem dreift var til yfirvalda og stjórnámálanna, sem láta barnavernd í Noregi til sín taka.

Nokkrar niðurstöður um „Að ná athygli annarra“

Sérfræðingarnir í barnavernd sögðust hafa alltof litla reynslu af því að leitað væri eftir hugmyndum þeirra um hvað væri mikilvægast til að öðlast betra líf. Þeir höfðu sjaldan verið spurðir um hvernig staður þeim þætti góður til þess að fá þá aðstoð sem þeir höfðu þörf fyrir og þar sem þeim liði vel. Þeir hafa einnig upplifað að fullorðnir veldu jafnan tengiliði þeirra, án þess að þeir væru sjálfir spurðir hvort þeir hefðu einhvern sérstakan í huga, sem þeir gætu hugsað sér sem tengilið. Mestu máli skiptir fyrir unglingana að tala við fullorðna, sem þeim líkar vel við og finna að velvildin sé gagnkvæm. Ef sú er ekki raunin þarf mikið til að þeim finnist nokkurt gagn í því að ræða við fullorðna. Því voru þeir einradda um að vilja fá að ráða einhverju um hver yrði tengiliður þeirra.

Tilvitnanir um „Að ná athygli annarra“:

„Er til of mikils mælt að ég fái sjálf að segja hvað sé best fyrir mig? Þessi staður er til þess að hjálpa mér. Ég er orðin 16 ára. Það er kominn tími til að þetta breytist.“

„Mér finnst ekki tekið mikið mark á því sem ég segi, því það breytir engu. Þau heyrja ekki það sem ég hef að segja. Þá er eins gott að þegja. Engin ástæða til að eyða hugsunum og tilfinningum til einskis.“

Sérfræðingarnir í barnavernd hvetja barnaverndaryfirvöld og starfsfólk stofnana til að hlusta miklu meir á það, sem ungt fólk hefur að segja. Ungafólkið býr á stofnunum og á rétt á að fá aðstoð þar. Það er þeirra tækifæri. Unglingar geta gert sitthvað af sér, verið dónalegir, erfiðir, fíktað með vímugjafa og annað, en það breytir því ekki að stofnanirnar eru starfræktar fyrir þá. Því verða fullorðnir að hlusta gaumgæfilega á það sem ungt fólk hefur til málanna að leggja. Unglingunum finnst fullorðna fólkið stundum mjög góðir hlustendur, það hlusti þannig að unglingarnir fara smám saman að treysta því á ný. Finnst þau vera einhvers virði. Þannig stofnanir geta verið fyrirmyndir annarra að áliti Sérfræðinga í barnavernd.

Áfram veginn

Sérfræðingar í barnavernd hafa kynnt niðurstöður sínar í mörgum fjölmiðlum og því starfi er ekki lokið. Í haust taka þeir þátt í ráðstefnum um land allt, einnig í sveitarfélögum sem barna-, unglinga- og fjölskylduráð þeirra standa að. Margir unglinganna eru enn í sambandi við okkur til að fylgjast með starfinu og vilja taka að sér ný verkefni. Þeim finnst þeir hafa lagt eitthvað mikilvægt af mörkum og langar að gera meira. Sérfræðingur í barnavernd komst þannig að orði: „Það er gott að geta gefið barnaverndinni eitthvað á móti fyrir allt það góða sem hún hefur veitt mér. Og það er gott að geta nýtt alltof sára lífsreynslu í von um að geta bætt líf annarra.“

6.6 Umræður: Börn með einstaka reynslu

DUE-verkefnið hefur sýnt fram á að virk þátttaka skiptir sköpum fyrir ungt fólk, sem þarfnast aðstoðar hins opinbera, og eins hve mikilvægt er að starfsfólk leggi við hlustir og sýni unga fólkinu hluttekningu. Slíkt er því bæði hvatning og leið til uppbyggingar.

Barnaráð skólans og meðferðarheimilisins Orøstrand hefur markað stöðugt ferli þar sem börnin eru höfð með í ráðum og ákveða dagskrá fundanna. Það hefur haft áhrif á daglegt líf þeirra. Líta má á það sem nám í lýðræðislegu starfi. Áhrif og viðhorf fullorðinna ráða því hvað sú reynsla fær mikla þýðingu fyrir börnin.

Í greinunum um Þær sem ekki gefast upp og Sérfræðinga í barnavernd er greint frá því hvernig ungmenni, sem alast upp við erfiðar fjölskyldu-aðstæður, fá sérfræðihlutverk og geta ráðlagt öðrum. Einstök þekking sem myndast í ferlinu breytir hlutverki unga fólksins. Félagsleg tengsl efla unglíngana, ekki síst þegar leitað er álits þeirra til að bæta þjónustu við börn og unglínga, sem búa við erfiðar aðstæður. Slík ferli geta einnig verið læknanandi þegar fólk er hvatt til að skoða og meta reynslu sína – og þar með sjálft sig – með nýjum augum. Viðhorf til réttinda eru einnig skýr, ekki síst þegar kemur að því að standa fast á rétti sínum vegna ólíkra þarfa.

Verkefnið um þátttöku barna og unglínga með fötlun hafði allt annan markhóp með ólíkan vanda. Ferlið sjálft var markmiðið og hér sjáum við góða byrjun með allt öðru markmiði en að klífa þrep Shiers.

Greinarnar í þessum kafla sýna hve mikilvægt er að þeir sem taka ákvarðanir, beri sig eftir reynslu barna og ungmenna, sem jafnan eiga undir högg að sækja gagnvart þeim, sem taka ákvarðanir fyrir þeirra hönd. Að börnin finni að raddir þeirra heyrist og að tekið sé mið af frásögn þeirra þegar málin eru rædd og ákvarðanir teknar. Þetta á ekki síst við um umhverfi sem þykir framandi börnum, t.d. á barnaverndarstofnunum og þar sem börn eru í umsjá barnaverndaraðila, jafnvel gegn vilja sínum. Þótt tekið sé mark á börnum er ekki þar með sagt að þau þurfi ekki að aðlaga sig að hverjum stað og mynda tengsl við aðra.

Verkefnin passa ekki endilega inn í þrepaskipt þátttökulíkan (Shier) þar sem meginmarkmiðið er að deila völdum og ábyrgð. Mikilvægt er að hlusta eftir áliti barnanna og taka tillit til sjónarmiða þeirra. Þau eru höfð með í ráðum á ýmsan hátt og leggja fram mikilvægan skerf við undirbúning á úrræðum og ýmsri þjónustu. Ferlið sjálft er afar mikilvægt því félagsleg virkni er greinilega mjög mikilvæg fyrir þátttakendur. Verkefnin eiga það sameiginlegt að þátttaka unga fólksins virðist fela í sér vissa viðurkenningu, sem aftur hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra. Það gerist í krafti félagslegra tengsla, ungmennin verða meðvituð um réttindi sín og reynslu og geta tekið þátt í að hjálpa öðrum. Saman öðlast þau meðvitund um að reynsla þeirra er einstök og mikilvæg. Verkefnin sýna svo ekki verður um villst að með góðu skipulagi og aðstoð fullorðinna má ná góðum árangri.

7. Hugleiðingar í lokin

Greinasafnið hefur sýnt fram á að það, sem við köllum samfélagsþátttöku, spannar afar ólík ferli. Skipuleggja þarf þátttöku ungmenna í ljósi þess hvaða markmiðum skuli ná. Samfélagsþátttakan getur í senn verið tilgangur og meðalið, en innihald, form og mikilvægi eru nauðsynlegar forsendur ef vekja á áhuga unga fólksins á verkefninu. Raunveruleg áhrif, sama á hvaða stigi verkefnisins það er, ráða úrslitum um hvort þeim finnst þátttaka í því skipta máli.

Fyrirkomulag þátttöku og virkni hefur þýðingu fyrir hvað yngstu börnin fá út úr því að vera með. Þá skipta viðhorf fullorðinna, sem vinna með börnunum, miklu máli, ekki síst *hvernig* þau eru höfð með í ráðum. Verkefnin sýna greinilega að þátttaka ungs fólks krefst öruggra og skýrra ramma. Markmiðin verða að vera afmörkuð og verklagið öllum skiljanlegt.

Skipuleggjendur verkefna til að virkja börn, verða að vera meðvitaðir um hvað séu raunhæf markmið, og afstýra því að falskar væntingar verði til. Þá er mikilvægt að velta því fyrir sér hver það er, sem inntur er álits og hvaða aðferð sé hentug í því sambandi. Margt bendir til þess að best fari á því að vinna með fámenna hópa³⁹. Þá er mikilvægt að hafa upplýsingar og þekkingu um þau tækifæri sem bjóðast en einnig takmarkanir. Ekki kemur á óvart að áhugi barna á að koma að ákvörðunum eflist ef þau taka virkan þátt í starfinu og finnst það skemmtilegt.

Það sem kemur helst í veg fyrir að hlustað sé á raddir barna, þegar leitað er eftir áliti þeirra, er þegar þeir, sem eiga að deila völdunum, efast um hæfni og þroska þeirra. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður, t.d. ósk um að vernda barnið eða að það þykir of tímafrekt og krefjandi að hafa börn með í ráðum. Valddreifing felst einnig í að þeir sem hafa haldið um stjórnvölinn sleppi takinu. Gerðar eru hæfniskröfur til barnsins og það fellur í hlut fullorðinna að skera úr um hvort barnið hafi tilhlýðilegan þroska. Þegar valdamisvægi ríkir frá upphafi þarf sterkari aðilinn að vera móttækilegur fyrir öðrum skoðunum, næmur og fyllilega sáttur við verkefnið. Það getur reynst vandasamt þegar staða einstaklingsins ræðst af aldri og þroska. Hætt er við að skoðanir unglingsins séu virtar að vettugi ef hann er á öðru máli en sá fullorðni aðilinn, og sá túlkar skoðanir unglingsins þannig að hann hafi ekki vit á málinu. Ef aðgangur að upplýsingum er af skornum skammti er hætt við mistúlkunum og að barnið hafi ekki yfirsýn yfir afleiðingarnar.

Ef börn eru hvött til að vera virkir þátttakendur styrkir það félagslega og menningarlega stöðu þeirra. Því eru ríkar ástæður eru fyrir því að virkja börn í ákvörðunum, sem varða hagsmuni þeirra og eru á ýmsum stigum. Raunveruleg þátttaka getur bætt gæði ákvarðana og auknar líkur eru á því að að-

³⁹ Barnaheill í Svíþjóð

gerðir og tilboð verði í samræmi við óskir og þarfir unga fólksins. Það mun einnig vernda hagsmuni barnanna, veita þeim viðurkenningu og efla sjálfs-traust þeirra⁴⁰. Norrænu ríkin og sjálfstjórnarsvæðin hafa fullgilt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þar með skuldbundið sig til að liðka fyrir lýðræðislegri þátttöku ungs fólks. Það felur einnig í sér að yngstu borgararnir komi jafnframt að því að byggja upp og efla samfélagið, sem hlýtur að teljast lýðræði í raun.

⁴⁰ Thomas 2007: 200

8. Heimildir

- BLD (2009) *Ungdoms fritidsmiljø. Ungdom, demokratisk deltagelse og innflytelse. Uttekt sérfræðihóps á vegum norska barna- og jafnréttismálaráðuneytisins í janúar 2008.* (Skýrsla 2009)
- Engelstad og Ødegård (2003) *Makt mening og motstand blant unge. Í Ungdom, makt og mening* Engelstad og Ødegård (2003) Gyldendal Akademisk
- Gjertsen P-Å (2000) *Evaluering av unges medvirkning i prosjektet URBAN 2000. Ritroð háskólans í Suður-Þrændalögum. Notat nr 2 – 2001.*
- Glaser, Vibeke (2008) *Retten til medvirkning for barn med nedsatt funksjonsevne í En barnehage for alle. Spesialpedagogikk i førskolelærerutdanningen* Sjøvik Palma (ritstj.) Universitetsforlaget, Ósló
- Kjørholt Anne Trine (1997) *Norsk barnepolitikk og barns aktive samfunnsdeltagelse. En kartlegging av offentlige prosjekter i perioden 1985-1995.* Norsk senter for barneforskning, Skýrsla nr. 45.
- Liden Hilde (2003) *Ungdomsråd – politisk lekestue? Í Ungdom, makt og mening.* Í Engelstad og Ødegård (2003) Gyldendal Akademisk
- Mikkelsen R. og Fjeldstad, D. (2003) *Skole og demokratiopplæring. Í Ungdom, makt og mening* Engelstad og Ødegård (2003) Gyldendal Akademisk
- Rädda barnen (2004) *Det handlar om demokrati – om konsten att öka barns inflytande över kommunala beslut.* Stokk-hólmur.
- Shier, H. (2001) *Pathways to participation: Openings, opportunities and obligations. A new model for enhancing children's participation, in line with Article 12.1 of the United Nations Convention on the Rights of the Child.* *Children & Society, 15, 107–117.*
- Skimmeli Marit (2000) *Medvirkning fra barn og unge i lokaldemokratiet. Kartlegging og analyse av barne og ungdomsråd i norske kommuner.* NTNU, Fakultetet for samfunnsvitenskap og teknologiledelse.
- Skivenes, Marit, Strandbu, Astrid (2005) *Barn og familieråd. En analyse av det organisatoriske rammeverket for barns medvirkning i barnevernet.* Norges Barnevern nr 3 2005.
- Søbstad, Frode (2006) *Hvor reel blir barnas medvirkning i barnehagen. Í skýrslunni Fall i praksis*
- Søftestad, Siri (2007) *Rom for barnestemmer í Blikk på praksis 2007: 115*
- Thomas Nigel (2007) *Towards a Theory of Children's Participation. Í International Journal of Children's Rights 15 (2007) 199–218.*
- Thrana H. M. (2008) *Vil jeg bestemme? Om barn og ungdoms medvirkning.* Gyldendal Akademisk, Ósló
- Undervisningsministeriet, Leena Nousiainen Ulla Piekkari (2005) *Engagerade elever- en samverkande skola. Handboken för elevkårens handledande lärare* Útgáfa finnska menntamálaráðuneytisins 2005:36.
- Vestel Viggo, Guro Ødegård og Tormod Øia (2003) *Veien til makta og "det gode liv"? Evaluering av medvirkningsarbeidet blant unge i Porsgrunn kommune.* Nova rapport 8/03, Ósló
- Ødegård, Guro (2001) *Ung i Fredrikstad. Om skole, fritid, rus, samfunnsengasjement og verdiorienteringer.* NOVA Rapport 06/01
- Ødegård, G. (2009) *Motløs ungdom. Nytt engasjement i gammelt demokrati.* Institutt for sosiologi og samfunnsgeografi, Universitetet i Oslo